



Eyjafjörður blasti við í allri sinni dýrð er flugstjórinn Þráinn Hafsteinsson hjá flugfélaginu Erni flaug inn til lendarar á Akureyrarflugvelli í morgunskiminni í gær. MYND/ÞRÁINN HAFSTEINSSON

Allt upp á borð um Samherja

SAMHERJAMÁL „Við stefnum á að allt verði gert opinbert á endanum,“ segir Elisabeth Roscher, hjá lögmannsstofunni Wikborg Rein í Noregi. Hún stjórnar rannsókn stofunnar á starfsemi Samherja í Namibíu.

„Tilgangurinn er að fá allar staðreyndir upp á yfirborðið.“

– ab / sjá síðu 6



Grár listi lokar dyrum á Ísland

VIÐSKIPTI Erlend verðbréfafyrirtæki hafa á síðustu dögum slitið viðskiptasamböndum við Íslendinga og lokað verðbréfareikningum þeirra vegna veru Íslands á gráum lista alþjóðlega hópsins FATF. Fyrirtækin eiga það sameiginlegt að vera í viðskiptum við bandaríska uppgjörsfyrirtækið Apex Clearing Corporation. – þfh / sjá Markaðinn

Íslandspóstur nálgast núllið

VIÐSKIPTI Útlit er fyrir að afkoma Íslandspósts verði við núllið á næsta ári eftir stanslaust tap um margra ára skeið. Forstjórinn segir að þegar búið verði að leysa úr skuldavanda Íslandspósts geti fyrirtækið byrjað að skila hagnaði og orðið eitt arðbærasta pósthafyrirtækið á Norðurlöndum. – þfh / sjá Markaðinn

Flogið frá Kína tvisvar í viku

Fyrsta flug kínverska flugfélagsins Juneyao Air frá Sjanghæ til Íslands um Helsinki verður 31. mars. Verð á miðum báðar leiðir er frá 68 þúsund krónum.

VIÐSKIPTI Kínverska flugfélagið Juneyao Air hyggst í lok mars hefja flug milli Keflavíkur og Sjanghæ, með viðkomu í Helsinki. Þetta staðfestir Xu Xiang, forstöðumaður félagsins á Norðurlöndum.

Óumdeilanlega ein sú besta

FÓTBOLTI Margrét Lára Viðarsdóttir tilkynnti í gær að hún hefði ákveðið að leggja skóna á hilluna. Markadrottningin er markahæsti leikmaður íslenska kvennalandsliðsins frá upphafi og fóru fyrrverandi liðsfélagar og þjálfarar fögrum orðum um hana.

Sjö sinnum skorað Margrét Lára þrennu eða meira í leikjum Íslands. Skoraði hún alls 79 mörk, það síðasta í leik gegn Lettlandi sem reyndist hennar síðasti fyrir landsliðið – kpt / síða 16



Flogið verður tvisvar í viku allt árið en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að um 20 þúsund farþegar verði fluttir til landsins á næsta ári.

Xu segir Juneyao Air vilja auka umsvifin á Norðurlöndum. Kínverskir ferðalangar hafi mikinn áhuga á Íslandi.

„Í dag eru að koma til Íslands um 100 þúsund kínverskir farþegar. Við áætluðum að um 20 þúsund farþegar á okkar vegum komi til landsins á næsta ári. Við viljum vera fyrstir til að bjóða upp á beint flug milli landanna,“ segir Xu.

Xeng Dewei, sem mun stýra starfsemi Juneyao Air á Íslandi, segist

vona að Íslendingar verði meðal viðskiptavina og heimsæki Kína.

„Það er okkur mikilvægt. Flugið frá Íslandi til Kína er langt og við erum flugfélag sem býður fulla þjónustu,“ segir Xeng.

Flogið verður með Boeing 787 Dreamliner vélum. Í boði verða sæti í almennu farrými og viðskiptafarrými. Verð á flugi fram og til baka á almennu farrými verður frá 500 evrum, sem jafngildir um 68 þúsund krónum. Sæti í viðskiptafarrými munu kosta frá 1.500 evrum, eða tæplega 204 þúsund krónur.

Xeng Dewei segir að félagið opni

skrifstofu hér í byrjun næsta árs. Hann segir öll tilskilin leyfi í húsi. Félagið hefur fengið tilnefningu frá kínverskum stjórnvöldum líkt og loftferðasamningar kveða á um.

Xeng staðfestir jafnframt að félagið hafi lokið samningum við Isavia á Keflavíkurflugvelli sem og samningum við Samgöngustofu.

Fréttablaðið greindi frá því 25. október síðastliðinn að fjögur kínversk flugfélög væru að íhuga flug til Íslands á næsta ári. Auk Juneyao skoða ríkisflugfélagið Air China, Beijing Capital Airlines og Tinajin Airlines að fljúga til Íslands.

– ds / sjá Markaðinn

Krambúðin

Opnum snemma – lokum seint
15 verslanir um land allt

Skemmtileg jólavara!

Finndu okkur á

PARTÝBÚÐIN


Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Vaxtalaus afborgun af ÖLLUM ÚRUM OG SKARTGRIPUM

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - michelsen.is

Veður



N-læg eða breytileg átt, 3-8 m/s, og yfirlétt léttskýjað, skýjað með köflum A-lands, og léttir heldur til þar í dag. N 5-10 á Austfjörðum seinnipartinn á morgun. Frost 0 til 10 stig. **SJÁ SÍÐU 20**

Milljarðar fóru í gegnum DNB

SAMHERJAMÁL Haldið var áfram að fjalla um mál Samherja í Kveik á RÚV í gærkvöldi. Þar kom fram að norskri bankinn DNB vissi ekki hverjir voru raunverulegir eigendur reikninga sem tengjast meintu peningabætti Samherja.

Þá sýna yfirlit yfir bankaviðskipti Samherja að milljarðar hafi farið til Cape Cod frá félögum tengdum Samherja en 9,2 milljarðar fóru frá Esju Seafood og Noa Pelagic til Cape Cod á árunum 2010 til 2018. Eru þetta sömu félög og sáu um greiðslur til stjórnarformanns Fishcor.

Norski bankinn aðhafðist ekkert fyrr en bandaríski bankinn Bank of New York Mellon stöðvaði milli-færslu til Bandaríkjanna á árinu 2018. – bdl, fbl

Aðventan nálgast á Austurvelli



Byrjað er að skreyta Óslóartréð á Austurvelli sem er gjöf Norðmanna og er nú eins og nokkur undanfarin ár úr reit Normannslaget í Heiðmörk í stað þess að vera hoggíð í Noregi og flutt yfir hafið. Ljósín á jólatrénu verða kveikt á sunnudaginn, fyrsta sunnudag í aðventu. Flutt verða jólalög og hressir jólasveinar syngja og skemmta. Lúðrasveit heldur uppi stemningunni áður en kveikt er á ljósunum klukkan fjögur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Hafnarborgin Duarres og þorpið Thumane urðu verst úti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Fórust í hörðum skjálfta

ALBANÍA Minnst átján létu lífið og hundruð eru slösuð eftir harðan jarðskjálfta í Albaníu í gær. Skjálftinn sem mældist 6,4 að stærð átti upptök sín um 34 kílómetra norðaustur af höfuðborginni Tírana.

Hafnarborgin Duarres og þorpið Thumane urðu verst úti. Þar hrundu byggingar og íbúar sátu fastir í rústunum. Var þeirra ákaft leitað í gær. Albanski herinn var kallaður til aðstoðar. – bdl

Nú má meta stafræna hæfni á heimasíðu VR

Á vef VR er hægt að taka próf sem metur stafræna hæfni. Sérfræðingur hjá félaginu segir þessa hluti vera eitthvað sem fólk þurfi sífellt að vera að endurskoða.


VINNUMARKAÐUR „Þegar talað er um stafræna hæfni dettur fólk fyrst í hug að það snúist um að kunna rosalega vel á tölvur. En þetta snýst kannski frekar um að þú kunnir að beita þekkingunni og færninni á réttan hátt.“ segir Selma Kristjánsdóttir, sérfræðingur í starfsmenntamálum hjá VR.

VR hleypti í gær formlega af stokkunum verkefninu Stafræna hæfnihjolið sem er rafrænt sjálfspróf sem allir geta tekið á netinu sér að kostnaðarlausu. Markmiðið er að hjálpa félagsmönnum að undirbúa sig til að geta tekið á við aukna tækni í samfélaginu meðal annars í tengslum við umræðu um fjórðu iðnbýltinguna.

„Við viljum líka ýta við fólk og láta það spyrja sig hvort það sé virkilega með góða stafræna hæfni. Þetta er eitthvað sem maður þarf alltaf að vera að endurskoða.“

Selma segir að verkefnið megi rekja til vinnu starfsmennta-nefndar VR og starfsmenntastefnu félagsins. Síðan hafi þetta þróast út í samfélagslegt verkefni sem nýst getur öllum.

„Þegar við förum á stúfana og reyndum að finna með hvaða hætti við gætum komið til móts við félagsmenn okkar þá var kannski svolítið takmarkað í boði.“ Þau hafi fundið danskan vef sem fjallar um staf-



VR vill að fólk skoði kunnáttu sína í stafrænum heimi. NORDICPHOTOS/GETTY



Fyrirmyndin fékkst frá Danmörku.

ræna hæfni. Um hafi verið að ræða Evrópuverkefni sem byggir á helstu þáttum sem ESB hafi skilgreint sem meginþætti stafrænnar hæfni.

„Í staðinn fyrir að finna upp hjólið spurðum við hvort við gætum ekki bara nýtt okkur þeirra hjól og farið í samstarf. Það var tekið mjög vel í það og núna er búið að þýða þetta yfir á íslensku og gera opið og aðgengilegt öllum.“

Í prófinu er stafrænni hæfni skipt upp í fjóra meginflokkar; öryggi, upplýsingar, framkvæmd og samskipti. Selma vðurkennir hléjandi að prófið, sem alls telur 63 spurningar, sé leiðinlega langt.

„En þetta er auðvitað eitthvað sem þú ert ekkert að taka neitt rosalega oft. Þú þarft svolítið að hugsa þetta og vera samkvæmur sjálfum þér til þess að fá eins raunhæfar niðurstöður og mögulegt er. Þá kannski sérðu eitthvað sem þú þarft að huga betur að.“ segir Selma.

Hún segist sérstaklega ánægð með að fræðsluatrið Starfsmennt hafi fengið vilyrði um styrk til að útbúa námskeið til að fylgja niðurstöðum prófsins eftir. „Ef það eru einhverjir þættir sem ákveðinn hópur eða ákveðnir einstaklingar þurfa að skerpa á þá munum við í framtíðinni líka fá lausn til að koma til móts við þá.“

Hægt er að taka prófið á vef VR, vr.is/stafrænahæfni. sighvatur@frettabladid.is

SUNSTAR

HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®

Tannlæknar mæla með GUM tannvörum

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

www.artasan.is

SVARTUR FÖSSARI



-22%

ÁÐEINS
35 STK.

ÁÐUR: 35.985

27.995

GARMIN
VIVOACTIVE 3
0100176900



-47%

ÁÐEINS
100 STK.

ÁÐUR: 18.995

9.995

SODASTREAM
TÆKI SPIRIT GIGAPACK
S1011715770



-30%

ÁÐEINS
100 STK.

ÁÐUR: 69.995

48.995

MATSUI
VARMADÆLUÞURRKARI
MHP8W19E



-32%

ÁÐEINS
140 STK.

ÁÐUR: 16.995

11.495

JBL
FLIP 5 FERÐAHÁTALARI
JBLFLIP5BK JBLFLIP5BL JBLFLIP5CAMO
JBLFLIP5GY JBLFLIP5RD JBLFLIP5WH



-43%

ÁÐEINS
150 STK.

ÁÐUR: 6.995

3.995

URBANISTA
BT SPORTTAPPAR
BOSTONBK



-20%

ÁÐEINS
70 STK.

ÁÐUR: 149.995

119.995

LENOVO
IDEAPAD L340
15,6" LEIKJAFARTÖLVA
LE81LK00QSMX

ÞEÐA 10.755 KR. Á MÁNUÐI
M.V. 12 MÁN. LÁN Á 0% VÖXTUM - ALLS 129.055 KR. - ÁHK 13.84%



-33%

ÁÐEINS
50 STK.

ÁÐUR: 29.995

19.995

D-LINK
COVR MESH AC1200 3PACK
DCOVR3PACK

ELKO



Formaður kveðst vona að hlustað verði á kröfur blaðamanna

KJARAMÁL Nýr kjarasamningur Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins var felldur í atkvæðagreiðslu hjá BÍ í gær með 71,4 prósentum atkvæða.

Alls voru 380 á kjörskrá og greiddu 147 atkvæði eða 38,7 prósent. 36 greiddu atkvæði með samningnum eða 24,5 prósent en 105 á móti.

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ, segir niðurstöðuna ekki koma sér



Kjörnefnd Blaðamannafélagsins taldi atkvæðin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

á óvart. „Þetta er í annað sinn sem blaðamenn senda atvinnurekendum sterk skilaboð um að þeir vilji hógværan samning sem hentar hagsmunum þeirra og ég vona að á þá verði hlustað.“ Búast megi við fundi hjá ríkissáttasemjara í dag eða á morgun.

Til stóð síðastliðinn föstudag að þriðja vinnustöðvun blaðamanna hjá Fréttablaðinu, Sýn, Morgunblað-

Ég óttast að bæði eigendur og starfsfólk þeirra muni tapa.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

inu og RÚV færi fram en verkfallinu var frestað fram á næsta föstudag.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segir að

staðan sé grafalvarleg. „Við vitum öll að það er viðkvæm staða hjá þessum útgefendum og ef til verkfalla kemur munu þessir fjölmiðlar veikjast enn frekar. Ég óttast að bæði eigendur og starfsfólk þeirra muni tapa á frekari deilum.“

Aðspurður hvort hann sé bjartsýnn á samninga svarar Halldór Benjamín: „Ég er bjartsýnn að upp- lagi. Punktur.“ – bđj, fbl



Fleiri fara fyrir í leikskólann á Akureyri árið 2021. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Öll 12 mánaða fá leikskólaláss

AKUREYRI Talið er að haustið 2021 verði öll börn á Akureyri komin í leikskóla eða aðra vistun tólf mánaða. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps um leiðir til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla.

Er gengið út frá því að áform stjórnvalda um lengingu fæðingarorlofs í tólf mánuði verði að veruleika í janúar 2021.

Starfshópurinn leggur fram þrjár sviðsmyndir við fjölgun leikskólarmána miðað við mismunandi íbúapróun. Lagt er til að endurgreiðslur vegna vistunar í heimahúsum verði auknar. Skoðaðir verði möguleikar á að innrita börn í leikskóla tvisvar á ári en ekki bara á haustin. – sar

Safna nöfnum eftir áramótin

REYKJAVÍK Hollvínasamtök Ellíðaárdalsins hyggjast biða í nokkrar vikur með að tilkynna Reykjavíkurborg um undirskriftasöfnun gegn deiliskipulaginu við Stekkjarbakka, þar sem gróðurhvelvingar Aldin Biodome eiga að rísa. Samtökin vilja fá skipulagið í íbúakosningu.

„Við höfum fjórar vikur frá því að deiliskipulagið tók gildi til að tilkynna borginni um undirskriftasöfnunina,“ segir Halldór Frímansson, lögfræðingur Hollvínasamtakanna. „Við viljum sleppa við að þurfa að standa í undirskriftasöfnun yfir hátíðirnar. Borgin er vís til þess að svara okkur strax þannig að við ætlum að biða.“ Samtökin þurfa 18 þúsund nöfn fyrir íbúakosningu. – ab

Gagnrýndur fyrir seinagang með fæðingarorlofsfrumvarp

Í gær hófst umræða um frumvarp Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra um lengingu fæðingarorlofs. Samkvæmt því verður orlofið lengt úr níu mánuðum í tólf í þrepum. Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar Alþingis, gagnrýnir harðlega hversu seint frumvarpið komi fram.

STJÓRNMÁL Frumvarp Ásmundar Einars Daðasonar, félags- og barnamálaráðherra, um lengingu fæðingarorlofs var tekið til umræðu á Alþingi í gær. Samkvæmt því verður orlofið lengt úr níu mánuðum í tíu árið 2010 og tólf mánuði ári síðar.

Fari frumvarpið óbreytt í gegnum þingið verður tilhögunin á endanum sú að móðir fær rétt til fimm mánaða orlofs, faðir fimm og tveir mánuðir verða sameiginlegir. Um lengingu orlofsins ríkir nokkur pólitísk sátt. Hún var tekin fram í stjórnarsáttmálanum, nýtur stuðnings margra stjórnarandstöðubingmanna og hún var ein af forsendunum fyrir lífsskjarasamningnum, sem undirritaðir voru í vor.

Hins vegar ríkir ekki einhugur um hvernig skiptingin eigi að vera. Hafa meðal annars BSRB, BHM og Kvenréttindafélag Íslands bent á að reynslan sýni að sameiginlegi hlutinn, sem nú er þrjú mánuðir, sé í langflestum tilfellum nýttur af móður. Samtökin eru hlynt lengingu orlofsins, en vilja að skiptingin sé sex mánuðir fyrir móður og sex fyrir föður.

Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar og þingiðmaður Samfylkingarinnar, gagnrýnir ráðherra harðlega fyrir hversu seint frumvarpið kemur til meðferðar þingsins, en að öllu óbreyttu á það að taka gildi 1. janúar næstkomandi.

„Við fögnum lengingu innilega og höfum alltaf talað fyrir því,“ segir Helga Vala og bendir á að ríkisstjórn vinstriflokka, sem sat árin 2009 til 2013, hafði tekið ákvörðun um það. Hægri stjórnin sem við tók hvarf hins vegar frá því.

Helga segir hins vegar að skoðanir séu mjög skiptar um útfærsluna og



Ásmundur Einar, félags- og barnamálaráðherra, er með frumvarp um lengingu fæðingarorlofs. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Því miður hafa ráðherrar þessarar ríkisstjórnar verið að koma seint fram með mál inn í þingið þannig að þau verða ekki unnin með fullnægjandi hætti.

Helga Vala Helgadóttir, formaður velferðarnefndar



harmar hversu stuttan tíma þingið fái til að afgreiða málið. „Annars vegar er það sjónarmiðið að festa mánuðina á báða foreldra. Síðan hitt sjónarmiðið að fæðingarorlofið eigi að vera fyrir barnið, og verði sé að mismuna þeim börnum sem eiga aðeins eitt foreldri,“ segir hún.

„Þetta er eitthvað sem við þurfum að skoða gaumgæfilega, því við viljum ekki fara til baka því að oftar en ekki er það móðirin sem tekur orlofið. Hún dettur þar af leiðandi lengur út af vinnumarkaði og faðirinn fær takmarkaðri rétt til að annast barnið sitt.“ Búa þurfi til

þannig kerfi að gætt sé að ítrustu hagsmunum barnsins, þar á meðal með tilliti til samvasta með báðum foreldrum.

Eftir þriggja vikna umsagnarferli kæmi frumvarpið úr þinginu 17. desember en þá verður búið að fresta þingi fram yfir júl. „Þessi vinnubrögð eru fullkomlega óbóðleg,“ segir Helga. „Það er ekkert nýtt í þessu máli síðan í vor. Því miður hafa ráðherrar þessarar ríkisstjórnar verið að koma seint fram með mál inn í þingið þannig að þau verða ekki unnin með fullnægjandi hætti.“ kristinnhaukur@frettabladid.is

Spennandi að sjá hvernig til tekst með heimastjórnir

SVEITARSTJÓRNIR „Við höfum svo sem ekki prófað nákvæmlega þessa útfærslu. En það er mjög mikilvægt að það ríki traust gagnvart einingunni. Ef íbúar hafa ekki trú á því að heimastjórnir virki eins og þær eiga að gera, þá fellur þetta um sjálft sig,“ segir Eva Marín Hlynsdóttir, dósent við stjórnfræðideild Háskóla Íslands.

Eva Marín hélt í gær erindi á hádegisfundi Félags stjórnfræðinga og Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál þar sem fjallað var um áskoranir við innleiðingu heimastjórna í sameinuðum sveitarfélögum. Á fundinum var sjönum sérstaklega beint að heimastjórnnum sem settar verða upp í nýju sameinuðu sveitarfélagi á Austurlandi.

„Núna er þetta auðvitað á tilraunastigi en það verður mjög spennandi að fylgjast með því hvernig þetta gengur. Þetta snýst ekki bara um valddreifingu. Þetta



Fjórar heimastjórnir verða í nýju sveitarfélagi eystra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

er líka kall nútímans, að í lýðræðislegum samfélögum eigi allir borgararnir að hafa möguleika á að taka þátt í starfi sveitarfélaganna og hafa áhrif,“ segir Eva Marín.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga þess efnis að frá og með sveitarstjórnarkosningum 2022 verði lágmarksíbúafjöldi 250 og frá og með 2026 eitt þúsund.

„Ef það kemur hérna til stórfelldra sameininga þannig að úr verði til dæmis mjög landstór sveitarfélög þá er þetta klárlega eitthvað sem önnur sveitarfélög munu horfa til. Jafnvel eins og kom fram á fundinum getur þetta verið eitthvað sem sveitarfélög sem nú þegar hafa gengið í gegnum sameiningu gætu velt fyrir sér.“ – sar



M18 FUEL FLAG
Alvöru slípirokkur frá Milwaukee

Fyrsti stóri slípirokkurinn knúinn af einni rafhlöðu sem skilar affli til þess að slípa, er léttari en snúrurrokkur í sinni stærð.

Sveigjanlegt rafhlöðukerfi sem virkar með öllum Milwaukee® M18™ rafhlöðum.

Verð 136.900 kr. (með rafhlöðu)

VERKFÆRA SALAN

Njótum aðventunnar!



20%

AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM LJÓSASERÍUM

MIKIÐ ÚRVAL AF HÁGÆÐA ÚTISERÍUM SEM
HAFA REYNST VEL VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR


20%

af öllum kertum, batterískertum,
skreytingarefni og gervijólatrjám

Glæsilegt úrval
AF AÐVENTUKRÖNSUM OG JÓLASKREYTINGAREFNI



OPÍÐ TIL 21
ÖLL KVÖLD



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

toppur nettó ICELANDAIR

Allir Geta Dansað

Vilborg Arna

HEFST FÖSTUDAG

Tryggðu þér áskrift
 stod2.is | 1817



Elisabeth Roscher hefur tveggja áratuga reynslu af rannsóknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Varasamt að gera upp hug sinn fyrir fram

Samherji hefur ráðið alþjóðlega lögmannsstofu til að rannsaka starfsemi félagsins í Namibíu. Norskur lögmaður, Elisabeth Roscher, sem leiðir rannsóknina segir að unnið verði af heilindum og samstarf sé hafið með yfirvöldum.

SAMHERJAMÁL „Okkar markmið er að komast að því nákvæmlega hvað var í gangi, upp að því marki sem það er mögulegt, og lýsa því á hlutlægan hátt. Til þess notum við viðurkenndar aðferðir við rannsóknina. Við störfum ávallt af fullum heilindum. Okkar rannsókn þarf að geta staðist ítarlega skoðun í framtíðinni,“ segir Elisabeth Roscher, einn eigenda alþjóðlegu lögmannsstofunnar Wikborg Rein í Noregi. Hún stjórnar rannsókn lögmannsstofunnar á starfsemi Samherja í Namibíu. Roscher er nú stódd á Íslandi vegna rannsóknarinnar.

Samherji hafði samband við Wikborg Rein rúmri viku áður en þáttur Kveiks fór í loftið og umfjöllun Stundarinnar kom út um meintar mútugreiðslur Samherja til að komast yfir fiskveiðikvóta í Namibíu.

Hlutverk Wikborg Rein er að aðstoða stjórn Samherja í innri rannsókn á starfseminni í Namibíu á tímabilinu 2011 til 2019. „Rannsóknin beinist að Samherja og dótturfyrirtækjum, við erum að skoða öll viðskiptatengsl þeirra í Namibíu og áskanirnar í tengslum við hvernig var staðið að því fá fiskveiðikvóta og greiðslur því tengdar,“ útskýrir Roscher. „Við munum fara yfir hlutverk núverandi og fyrrverandi starfsmanna, þar á meðal æðstu stjórnenda. Tilgangurinn er að fá allar staðreyndir upp á yfirborðið.“

Wikborg Rein starfar fyrir stjórn Samherja og þið fáid greitt frá þeim, hvernig metur þú trúverðuleika þessarar rannsóknar?

„Stjórn fyrirtækis þarf að hafa allar staðreyndir á hreinu til að geta tekið upplýstar ákvarðanir til framtíðar lítið. Það er nú þegar hafin rannsókn á sakamáli í Namibíu, ef það verða fleiri opinberar rannsóknir í öðrum löndum þá munum við einnig aðstoða við að veita upplýsingar. Við erum nú þegar í sambandi við yfirvöld í nokkrum löndum.“

Verða niðurstöður rannsóknarinnar gerðar opinberar?

„Það veltur á samstarfi við yfirvöld. Við stefnum á að allt verði gert opinbert á endanum.“

Hver er Roscher?

Roscher var saksóknari hjá embætti norska ríkissaksóknarans á árunum 2002 til 2011. Hún kom að rannsókn á falli norska bankans Finance Credit, í því máli voru eigendur bankans dæmdir í sjö og níu ára fangelsi fyrir svik tengd aflandsfélögum. Leiddi hún teymi sem sérhæfði sig í rannsóknum á fjármála- og umhverfisglæpum. Frá 2011 hefur hún sinnt einkarannsóknum fyrir stórfyrirtæki og stofnanir.

Hluti rannsóknarinnar snýst um að bera saman það sem hefur komið fram í fjölmiðlum við staðreyndir málsins.

Elisabeth Roscher, eigandi Wikborg Rein

Roscher er sjálf með tuttugu ára reynslu við rannsókn mála. Teymi hennar samanstendur af hópi lögmannna, endurskodendum og sérfræðingum í gagnavinnslu. Eru nú nokkrir að störfum í Namibíu. Til að byrja með þarf að fá heildaryfirsýn, síðan er farið í gagnaöflun og í kjölfar þess verða tekin viðtöl. „Það er vissulega öðruvísi að gera einkarannsókn en þegar ég starfaði sem saksóknari, það eru ekki vitnakvaðningar en líkt og í Noregi þá skilst okkur að starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði séu almennt skuldbundnir, samkvæmt ráðningarsamningi, til að sýna samvinnu og veita upplýsingar þegar verið er að upplýsa mál,“ segir Roscher. Gerir hún ráð fyrir að rannsóknin taki nokkra mánuði.

Munið þið ræða við uppljóstrann í málinu, Jóhannes Stefánsson?

„Það kemur til greina. Við erum til í að tala við alla sem geta sagt okkur eitthvað um þessi mál.“

Gefum okkur að Wikborg Rein komist að þeirri niðurstöðu að stjórnendur Samherja hafi mark-

visst staðið í mútugreiðslum til ráðamanna í Namibíu og skattsvikum þar í landi, hvað gerist þá?

„Við erum nú að safna staðreyndum, síðan rýnum við í og metum staðreyndirnar, loks gefum við okkar lögfræðilega mat á stöðunni. Ef það verður niðurstaðan þá munum við deila öllum þeim upplýsingum sem skipta máli með þar til bærum yfirvöldum.“

Í umfjöllun Kveiks og Stundarinnar eru kortlagðar greiðslur í gegnum Kýpur og félög í skattaskjólum í Indlands- og Karibahafi. Einnig er grunur um peningabætti í Noregi í gegnum ríkisbankann DNB. Beinist rannsókn ykkar einnig að þeim þáttum?

„Bankareikningar í DNB koma við sögu í þessu máli, á þessum tímabili beinist rannsókn okkar ekki þangað. Við munum hins vegar skoða allar millifærslur fjár sem tengjast þessu máli.“

Verða skjöl Wikileaks sem og upplýsingarnar sem koma fram í umfjöllun Kveiks og Stundarinnar notuð við ykkar rannsókn?

„Já. Hluti rannsóknarinnar snýst um að bera saman það sem hefur komið fram í fjölmiðlum við staðreyndir málsins. Mín reynsla úr svona málum er að það eru alltaf nokkur atriði sem stemma ekki, en við erum ekki komin á þann stað enn þá. Við erum að skoða öll gögn sem geta haft þýðingu í þessu máli.“

Það eru til tölvupóstar þar sem talað er um mútur, hversu miklar sannanir þarf til áður en að hægt er að fullyrða að saknæmt athæfi hafi átt sér stað?

„Ég hef lært það af störfum mínum sem saksóknari og rannsakandi í hvítflibaglæpum að staðreyndirnar eru alltaf blæbrigðakenndar. Það er varasamt að gera upp hug sinn fyrir fram.“

Roscher segist ekki hafa orðið vör við að Samherji sé að reyna að fela neinar upplýsingar. „Ég hafði heyrt um Samherja, en ég hafði aldrei velt þessu fyrirtæki fyrir mér áður en ég hóf rannsóknina. Ég hef ekki orðið vör við neitt annað en að Samherji vilji upplýsa um alla þætti þessa máls, það er mín upplifun af þeim.“

arib@frettabladid.is

-20%

TELJUM NIÐUR Í SVARTAN FÖSTUDAG 30% AFSLÁTTUR*

-40%



-50%

HÚSGÖGN | RÚM | HÆGINDASTÓLAR
GJAFAVARA | SÆNGURFATNAÐUR

-30%

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

*Afsláttur á ekki við um harðar gardífulausnir, smávöru vefnaðarvöru og valdar Fatboy vörur

Minni hluti nýfæddra í þjóðkirkjunni

Börnum skráðum í þjóðkirkjuna við fæðingu fækkar jafnt og þétt. Fækkunin jókst með lagabreytingu árið 2013, fram að því voru börn sjálfkrafa skráð í trú- og lífsskoðunarfélög við fæðingu. Í fyrra voru 49 prósent barna fæddra á árinu skráð í þjóðkirkjuna.

SAMFÉLAG Fjöldi barna sem skráð eru í þjóðkirkjuna við fæðingu hefur farið lækkandi ár frá ári og fór fjöldi þeirra í fyrsta skipti niður fyrir 50 prósent í fyrra þegar hlutfallið var 49,2 prósent.

Hlutfallið á yfirstandandi ári er 48,6 prósent samkvæmt tölum sem Fréttablaðið aflaði frá Þjóðskrá hinn 13. nóvember síðastliðinn.

Árið 2003 voru 3.446 börn af 4.135 skráð í þjóðkirkjuna eða rúm 83 prósent. Næstu ár á eftir lækkaði hlutfallið um eitt til tvö prósent á ári til ársins 2013. Þá tók skráningum barna að fækka meira. Fækkunin milli árána 2012 og 2013 var sex prósent; fór úr 69,2 prósentum árið 2012 niður í rúm 62 prósent 2013.

Í janúar 2013 tók gildi breyting á ákvæði um skráningu barna í trúfélög við fæðingu í lögum um skráð trú- og lífsskoðunarfélög. Fram til þess tíma var barn sjálfkrafa skráð í það trúfélag sem móðir þess tilheyrði við fæðingu barnsins.

Gagnrýnt hafði verið, meðal annars af Jafnréttisstofu að umrætt fyrirkomulag, að móðerni réði til hvaða trúfélags barn heyrði frá fæðingu, bryti í bága við jafnréttislög. Þar að auki væri örðugt að sjá hvaða hagsmunum það þjónaði fyrir nýfætt barn eða aðra að það væri skráð sjálfkrafa í trúfélag við fæðingu.

Eftir lagabreytinguna skráist barn eingöngu sjálfkrafa í trú- eða




Innan við helmingur barna er skráður í þjóðkirkjuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

lífsskoðunarfélag ef foreldrar þess eru í hjúskap eða skráðri sambúð og eru í sama félagi eða báðir utan félaga. Séu foreldrar barnsins ekki í sambúð skráist barnið eins og forsjáforeldrið. Ef foreldrar eru hins vegar hvort með sína skráninguna taka þeir sameiginlega ákvörðun um hvort og hvernig skráningu

barnsins verði háttáð og er staða barnsins ótilgreind þar til slík ákvörðun er tilkynnt.

Sjálfsákvörðunarréttur um skráningu í trúfélag verður samkvæmt lögum til við 16 ára aldur. Fram að þeim aldri getur forsjáforeldri barns tekið ákvörðun um breytingu á skráningu þess. Ef for-

Fjöldi skráninga barna í þjóðkirkjuna á fæðingarári



eldrar fara með sameiginlega forsjá taka þeir ákvörðun sameiginlega. Við tólf ára aldur ber að leita álits barnsins sjálf áður en það er skráð úr trú- eða lífsskoðunarfélagi og eftir atvikum skráð í annað.

Fjöldi meðlima í trú- og lífsskoðunarfélögum ræður fjárhæð sóknargjalda þeirra úr ríkissjóði. Sóknargjöld hvers árs miðast við skráningu í félög eins og hún er 1. desember árið á undan. Þannig miðast greiðsla sóknargjalda til skráðra trú- og lífsskoðunarfélaga árið 2020 við fjölda meðlima í hverju og einu þeirra eins og hann er 1. desember næstkomandi, sem er næstkomandi sunnudagur.

Með viðbótarsamkomulagi rík-

isins við þjóðkirkjuna skuldbindur ríkisstjórnin ríkið til að greiða þjóðkirkjunni 3,45 milljarða á ári hverju, fyrir utan sóknargjöld sem kirkjan fær á grundvelli fjölda meðlima. Með samkomulaginu er horfið frá því fyrirkomulagi að ríkið greiði tilteknum fjölda starfsmanna kirkjunnar laun og fer kirkjan nú með sjálfðæmi um starfsmannamál sín.

Samkomulagið er ótímabundið. Í því er sérstaklega kveðið á um að hvorugur sammingsaðila geti borði fyrir sig fjölgun eða fækkun á meðlimum þjóðkirkjunnar sem leiða kunni af mögulegum breytingum á lögum eða reglum um skráningu í trúfélög eða á framkvæmd skráninga. adalheidur@frettabladid.is

Subaru Forester

Gerður til að kanna
ætlaður til að ferðast



94% ökumanna finnst þeir öruggari með EyeSight tækni

Þú fyllist hugarró þegar þú veist að billinn þinn skerst í leik og aðstoðar þig við að koma í veg fyrir árekstur. Hann gerir þér einnig kleift að leggja áreynslulaust í þröngt stæði með aðstoð myndavélar sem sýnir nálægð við gangstéttarbrún. EyeSight er staðalbúnaður í öllum Subaru Forester.

www.subaru.is

Komdu til okkar og reynsluaktu nýjum Subaru Forester

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





HREINDÝRA BORGARINN



115 G HREINDÝRABORGARI · STEIKTIR SVEPPIR
PIKKLAÐUR RAUÐLAUKUR · GOUDA & MARIBO OSTUR
SINNEPSMAJÓ · SALAT

ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTÍ

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

SKAGASTRÖND
VARMAHLÍÐ
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIRÐI
DALVÍK
HÚSAVÍK

REYÐARFIRÐI
NESKAUPSTAÐ
HELLU
SELFOSI

GRILL66.IS

VIÐ ERUM Á



Guðlaugur og Lavrov funda í Moskvu

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, fundaði með Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, í Moskvu í gær. Á fundinum voru rædd málefni norðurslóða og viðskiptatengsl Íslands og Rússlands. Íslenski ráðherrann segir fundinn mikilvægan.

UTANRÍKISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra Íslands, átti fund með utanríkisráðherra Rússlands, Sergei Lavrov, í Rússlandi í gær. Á fundinum ræddu ráðherrarnir málefni norðurslóða og viðskiptatengsl landanna tveggja og tók Guðlaugur Þór sérstaklega upp viðskiptabann Rússa á íslenskar sjávarútvegsafurdir.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Guðlaugur Þór fundinn hafa gengið vel. „Þetta var góður og uppbyggilegur fundur og mikilvægt að við hittumst og ræðum málefni norðurslóða. Við skrifuðum undir yfirlýsingu sem á að tryggja það að það verði góð samfella þegar þeir taka við formennsku af okkur í Norðurskautsráðinu 2021,“ segir Guðlaugur. Þar hafi þýðing friðar, stöðugleika og fjölþjóðasamvinnu verið áréttuð.

Átta ár eru liðin frá því að utanríkisráðherra Íslands fór síðast til fundar við kollega sinn í Rússlandi en Guðlaugur Þór hitti Lavrov síðast í Rovaniemi í Finnlandi í maí á þessu ári þegar Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu. Ísland fer með formennsku í ráðinu fram til ársins 2021, þá tekur Rússland við.

Á fundi ráðherranna í gær voru einnig rædd tvíhliða viðskipti Íslands og Rússlands. Með íslenska utanríkisráðherranum í för er viðskiptanefnd sem skipuð



Átta ár eru síðan utanríkisráðherrar Íslands og Rússlands hittust síðast í Rússlandi. MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTI RÚSSLANDS

er fulltrúum nitján íslenskra fyrirtækja, Íslandsstofu, utanríkisráðuneytisins, viðskiptaráðs Íslands og Rússnesk-íslenska viðskiptaráðsins, auk ræðismanna.

„Það er ánægjulegt að sjá að viðskipti milli Íslands og Rússlands

hafa aukist mjög mikið og fyrirtæki, sérstaklega hátæknyfirrtæki, eru að hasla sér völl á rússneskum markaði,“ segir Guðlaugur. „Þá hefur rússneskum ferðamönnum fjölgað hérlendis og íslenskum í Rússlandi.“

Aðspurður segist Guðlaugur Þór hafa áréttað óánægju Íslendinga með innflutningsbann Rússa á matvæli frá Vesturlöndum. „Viðskiptabann þeirra á vestrænar þjóðir hefur komið mjög harkalega niður á okkur þar sem þetta nær til þeirra

Það er ánægjulegt að sjá að viðskipti milli Íslands og Rússlands hafa aukist mikið.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra

hefðbundnu vara sem við höfum verið að selja,“ segir Guðlaugur og vísar einnig til strangra reglna matvælaeftirlitsins í Rússlandi.

Banninu var komið á í kjölfar refsiaðgerða vestræna þjóða gegn Rússlandi, í kjölfar innlimunar Rússa á Krímskaga í Úkraínu árið 2014. Guðlaugur segir að því miður sé enn ekki lausn í sjónmáli í því máli.

„Það bendir ekkert til þess að það verði breyting þar á á næstunni. En það breytir því ekki að við, rétt eins og bandalagsþjóðir okkar, eigum alltaf í samtali við Rússa og vinnum með þeim á mjög mörgum sviðum. Þar ber auðvitað hæst norðurslóðamál og ég held það þarfnist ekki útskýringa að við vinnum náð með þeim þar.“

Að fundinum loknum afhenti Guðlaugur Þór Lavrov treyju íslenska knattspyrnuliðsins. birndrofn@frettabladid.is
odduraevan@frettabladid.is

NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



LAND ROVER Discovery 5 HSE

Nýskr. 5/2019, ekinn 7 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 13.890.000 kr.

Rnr. 420269.



BMW 640 Grand Coupe

Nýskr. 5/2014, ekinn 24 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐ: 6.990.000 kr.

Rnr. 420044. – Verð: 7.990.000 kr.



JAGUAR XF Prestige AWD

Nýskr. 7/2018, ekinn 32 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

TILBOÐ: 6.990.000 kr.

Rnr. 420237. – Verð: 7.490.000 kr.



RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic SDV6

Nýskr. 1/2019, ekinn 10 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 17.290.000 kr.

Rnr. 420282.



JAGUAR I-PACE HSE EV400 AWD

Nýskr. 5/2019, ekinn 11 þús. km, 100% rafmagn, sjálfskiptur.

Verð: 11.590.000 kr.

Rnr. 420267.



JAGUAR F-PACE Portfolio

Nýskr. 9/2018, ekinn 7 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 9.490.000 kr.

Rnr. 420224.



RANGE ROVER VELAR HSE R-Dynamic

Nýskr. 1/2018, ekinn 38 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

Verð: 13.490.000 kr.

Rnr. 420283.



PORSCHE CAYENNE S e-hybrid

Nýskr. 1/2017, ekinn 24 þús. km, bensín, rafmagn, sjálfskiptur.

TILBOÐ: 8.790.000 kr.

Rnr. 932121. – Verð: 9.490.000 kr.

APPROVED
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðiferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

JAGUAR - LAND ROVER
Hesthálslí 6-8 / 110 Reykjavík
525 6500 / jaguarlandrover.is

Hitum
upp

Svartur föstudagur

30-50% afsláttur

fatboy



-50%

Pupillow Velvet

Púðinn sem er einstaklega gott að flatmaga á og láta fara vel um sig.

Verð 18.250 kr.
Verð áður 36.500 kr.



-30%

Klaid

Teppið sem verður besti nýji vinur þinn við fyrstu snertingu.

Verð 10.430 kr.
Verð áður 14.900 kr.



-30%

Doggielounge

Besti vinur heimilishundsins.

Verð 8.190 kr.
Verð áður 11.700 kr.



-30%

Lampie On

Hlaðanlega ljósið í myrkrinu.
(allt að 24 tíma ending á rafhlöðu)

Verð 6.923 kr.
Verð áður 9.890 kr.



-50%

Non-Flying Carpet

Hefur þig dreymt um að fljúga á teppi?

Verð 11.350 kr.
Verð áður 22.700 kr.



-40%

Rockcoco

Lýsir lífið skemmtilegum ljóma.

Verð 55.320 kr.
Verð áður 95.200 kr.

Komdu í verslun Fatboy Ármúla 44
og Gerðu frábær kaup

Áhyggjulaust ævikvöld



Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Það er staðreynd að eldri borgarar hér á landi glíma við fjárhagsferðleika. Niðurstöður nýlegrar sam-evrópskrar viðhorfskönnunar, þar sem þorri landsmanna telur lífskjör aldraðra á Íslandi slæm, komu því ekki á óvart. Íslendingar fá lægstu meðaltalseinkunn allra Norðurlanda og aðeins þrjú lönd í allri Evrópu fá lægri einkunn; Portúgal, Litháen og Rússland.

Óhjákvæmilega breytist margt í lífi okkar þegar aldurinn færast yfir. Fólk hættir að geta gert allt sem það gerði á yngri árum og þess vegna þyrmir yfir marga sem þurfa að hætta að vinna, nokkuð sem gefið hefur lífinu lit. Allt annar veruleiki tekur við.

Það eykur líka á vanlíðan að þurfa að taka ellilaun, stundum strípuð sem veldur því að of margir leypja dauðann úr skel. Fólk sem unnið hefur myrkurana á milli megnið af ævinni á skyndilega ekki fyrir lyfjum eða læknskostnaði.

Auðvitað eru margir eldri borgarar við góða heilsu og búa við fjárhagslegt öryggi en það að banna heilsuhraustu fólki að vinna, og hreinlega henda því út af vinnumarkaði við sjötugsaldurinn, er fullkomlega óboðlegt og í raun ómanneskjulegt. Skerðingarnar eru líka til skammar. Sömuleiðis er óboðlegt að tala um ellilaun sem ellistyrk þegar um er að ræða lífeyri sem varð til í kjölfar lífsstrits og óþrjótandi vinnu sem hefur átt ríkan þátt í að skapa það samfélag sem við búum í í dag.

Oft býr eldra fólk yfir mikilli reynslu sem það getur miðlað til þeirra sem yngri eru. Sú víska má ekki tapast. Hvað ungur nemur gamall temur. Eldra fólk sem er heilsuhaust getur sannarlega unnið samfélaginu mikið gagn og þess vegna á að líta á þann hóp sem eftir-sóknarverðan en ekki svipta hann möguleikum á að vinna fyrir sér og skapa verðmæti.

Nú barma stjórnvöld sér yfir hækkanði lífaldri fólks sem leiðir til þess að gamalmennum fjölga með „tilheyrandi kostnaði“. Reynum að nýta fólkið okkar til góðra verka frekar en að tala það niður. Við virðumst öll vera sammála um að lífskjörin þarf að bæta, í það minnsta ef marka má fyrrnefnda könnun. Gleymum því ekki að einn daginn, vonandi, komumst við á efri ár. Krafan um áhyggjulaust ævikvöld er engan veginn ósanngjörn. Við getum gert svo miklu betur, ef ekki fyrir ömmur okkar og afa, þá fyrir okkur sjálf. Í þessum efnun eins og svo mörgu öðru er vilji allt sem þarf.



Oft býr eldra fólk yfir mikilli reynslu sem það getur miðlað til þeirra sem yngri eru. Sú víska má ekki tapast. Hvað ungur nemur gamall temur.

Halldór



Frá degi til dags

Hunangið og edikið
Utanríkisráðherra Íslands fundaði í Moskvu með rússneskum starfsbróður sínum. Munu þeir hafa rætt viðskipti, samskipti þjóðanna á 20. öld og málefni norðurslóða. Okkar maður kvartaði undan viðskiptabanni. L auk svo fundinum á að sá rússneski fékk íslenska landsliðstreyju. Það sem veur mesta athygli er það sem var ekki rætt. Þar á meðal afstaða Íslands til eignarhalds á Krímskaga, hvað kjarnorkuknúinir kafbátar Rússa eru að gera upp við íslenska landhelgi og hvort Rússar hafi ihugað að hafa áhrif á kosningar á Íslandi líkt þeir gerðu í Bandaríkjunum. Það er þetta með flugurnar, hunangið og edikið.

Stór vifta
Stóra frétt gærdagsins var ekki Samherji, fjárlög eða enn eitt galið spillingarmálið. Nei. Það var athugasemd á ensku frá syni fjármálaráðherra á Instagram um að kærastan hans, heitfengur áhrifavaldur, sé kynþokkafull. Þegar athugasemdin er snarað yfir á íslensku er hann annaðhvort mikill aðdáandi eða stór vifta. Það er eins gott að hann geti staðið við stóru orðin í ljósi þess að Neytendastofa hefur slegið á puttana á áhrifavöldum vegna merkinga-klúðurs á Instagram.
arib@frettabladid.is

Tímamótabreytingar í Reykjavík



Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar



Þar sem hverfis- og skipulagshéfur veruð samþykkt geta íbúar með einföldum hætti fengið heimild til að stækka húsnæði sitt með litlum viðbyggingum.

M eð gildistöku fyrsta hverfis- og skipulagsmálum borgarinnar en segja má að hverfis- og skipulag sé bylting fyrir borgarbúa sem eiga fasteignir og hyggja á framkvæmdir. Það var sérstaklega ánægjulegt fyrir okkur sem höfum starfað lengi að skipulagsmálum að hverfis- og skipulagsmálum að skipulags- og samgönguráði Reykjavíkur.

Hverfis- og skipulag er stefnumótun sem fjallar um hvernig hverfin í borginni geta þróast á komandi árum svo þau verði skemmtilegri, grænari og betri fyrir alla. Hverfis- og skipulag er ekki síður verkfæri til að auðvelda leiðina fyrir íbúa sem vilja byggja við hús sín og breyta þeim. Þar sem hverfis- og skipulag hefur verið samþykkt geta íbúar með einföldum hætti fengið heimild til að stækka húsnæði sitt með litlum viðbyggingum, innréttað aukaíbúðir eða breytt bílskúr í litla íbúð. Með þeim hætti nýtast innviðir betur, aldursdreifing í hverfum verður jafnari og íbúasamsetning fjölbreyttari. Fólk sem býr í stórum húsum getur skapað sér leigutekjur og jafnvel búið lengur í eignum sem annars væru orðnar of stórar.

Nú hefur hverfis- og skipulag verið samþykkt fyrir Árbæjarhverfin. Vinna við önnur hverfi í borginni er komin vel á veg og ráðgert er að Breiðholt verði næst í röðinni. Hverfis- og skipulag er stórt verkefni sem byggir á samráði og hafa þúsundir borgarbúa komið að gerð þess, allt frá grunnskólabörnum sem gerðu mól af hverfunum sínum til opinna íbúafunda og einstaklinga sem sitja í rýnihópum hverfis- og skipulagsmála auk þess sem hópur sérfræðinga hefur komið að vinnunni. Til að auðvelda íbúum að kynnast hverfis- og skipulaginu hefur verið útbúið vandað kynningarefni sem má finna á hverfis- og skipulag.is.

Í hverfis- og skipulagi er lögð áhersla á sjálfbærni sem þýðir að gott er að ganga og hjóla á milli staða, auðvelt er að flokka úrgang, valdar eru umhverfisvænar lausnir og þjónusta er innan seilingar. Þannig verða lífs- og skipulag borgarinnar meiri og nærumhverfið heilsusamlegra.

Gjafakort BONUS

INNEIGNAR- OG GJAFAKORT

BONUS

BONUS

BONUS

• Fæst í öllum verslunum

• Góð gjöf sem kemur sér vel fyrir alla

BONUS **EKKERT BRUÐL**

Stéttarfélag veita stuðning gegn kynbundnu ofbeldi



Þórunn Sveinbjarnardóttir
formaður BHM

Vinnuverndarlöggjöfin leggur ríkar skyldur á herðar vinnuveitendum að tryggja öryggi og heilbrigði starfsfólks. Meðal annars er vinnuveitendum skylt að taka á og koma í veg fyrir kynbundna

áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Samkvæmt löggjöfinni skal vinna sérstakt áhættumat fyrir hvern vinnustað og móta skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum. Atvinnurekandi sem verður var við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi á vinnustað verður að grípa til aðgerða í samræmi við áætlunina.

Í áhættumati skal m.a. leggja mat á svokallaða sálfélagslega áhættuþætti sem geta t.d. tengst samskiptum og upplýsingaflæði á vinnustað.

Slíkir áhættuþættir geta varðað miklu um liðan starfsfólks. Óheilbriggt vinnuumhverfi einkennist t.d. af baktali, slúðri, sögusögnum og útilokun. Slíkt getur haft mjög neikvæð áhrif á starfsanda og skaðað heilsu þeirra sem fyrir verða.

Þekkjum öll dæmin

Sálfélagslegir áhættuþættir eiga sér oft kynbundnar hliðar. Því miður þekkjum við öll dæmi af kynbundinni áreitni eða ofbeldi á vinnustöðum, höfum sjálf orðið fyrir henni eða orðið vitni að henni.

Þegar slíkrar hegðunar verður vart er mjög mikilvægt að starfsfólk viti hvert það á að leita eftir ráðgjöf og aðstoð.

Það er líka grundvallaratriði að átta sig á því að slík breytni þrífst aðallega í aðstæðum þar sem valdaójafnvægi ríkir á milli einstaklinga. Það að tryggja jöfnuð og jafnræði í hópi starfsfólks er því mikilvæg forvörn gegn kynbundnu ofbeldi hvers konar.

Hlutverk stéttarfélaga

Fáum dylst hversu slæmar afleiðingarnar geta orðið af kynbundinni

áreitni á vinnustöðum, bæði fyrir einstaklingana sem um er að tefla og vinnustaðinn sem heild. Það er mikilvægt að starfsfólk sé vel upplýst um réttindi sín og hvert það geti leitað eftir aðstoð. Stéttarfélag hafa hér mikilvægu hlutverki að gegna og geta stutt við einstaklinga sem leita aðstoðar. Hvort tveggja með lögfræðilegri ráðgjöf sem og með því að vera til staðar, hlusta og veita góð ráð í fullum trúnaði.

Greinin er liður í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi.

Efasemdir og skynsemi



Sigurður Ingi Friðleifsson
framkvæmdastjóri Orkuseturs

Ýmsir hafa komið fram að undanförunu og lýst yfir efasemdum um áhrif manna á loftslagið og vilja að dregið verði úr aðgerðum gegn meintum loftslagsbreytingum. Á einhvern yfirmáta fáránlegan hátt hefur umræðan um málefnið snúist algerlega á hvolf. Þeir sem vara við loftslagsbreytingum eru komnir í vörn gagnvart þeim sem efast, sem að sjálfsgöðu ætti að vera öfugt.

Eins og flestir, er ég enginn loftslagsvísindamaður og dettur þess vegna ekki í hug að fullyrða um áhrif losunar koltvísýrings á loftslagið. Sama gildir um efasemdir en á því sviði hef ég heldur engar faglegar forsendur né þekkingu til afneitunar. Þetta snýst nefnilega ekki um hver hefur rétt fyrir sér, heldur hvað er skynsamlegast að gera. Afstaða mín er því afar einföld; ég vil og vona að efasemdahópurinn hafi rétt fyrir sér en vel auðvitað að fylgja ráðleggingum hinna. Af hverju? Jú, einfaldlega vegna þess að það eru efasemdumennirnir sem þurfa að hafa 100% rétt fyrir sér, svo eitthvert smá vit sé í því að grípa ekki til aðgerða. Þeir sem vara við hamförum þurfa hins vegar ekki að vera 100% vissir, þeir þurfa bara að sýna fram á að sterkar líkur séu á neikvæðum loftslagsbreytingum.

Hér er myndlíking. Bifreið er á ferð í kolniðamyrkri, líkt og jörðin sem er á eilífri vegferð með óvissa framtíð. Við stýrið er bílstjóri líkt og mannkynið sem stýrir í raun framtíð jarðar. Við stigum á eldsneytisgjöfina og kveikjum í brunahreyflum vélarinnar líkt og mannkynið sem brennir jarðefnaeldsneyti í óhóflegu magni. Í aftursætinu eru tveir aðilar sem rýna í landakort til að meta framhaldið. Annar segir „hægðu á því ef ég skil kortið rétt þá er hengiflug fram undan!“ en hinn segir „hvada rugl, þú ert bara að lesa kortið vitlaust“.

Hvað á bílstjórinn á ökutækinu jörð að gera í svona stöðu? Er skynsamlegra að stíga af inngjöfinni og hætta að dæla olíu inn í sprengirými vélarinnar eða hlusta á efasemdumanninn sem fullyrðir um kortalesblindu hins?

Hættum þessari dæmalausur hringavitleysu og grípum strax til afgerandi aðgerða sem snarminnka brennslu jarðefnaeldsneytis og losun gróðurhúsalofttegunda. Á sama tíma skulum við hins vegar öll sameinast um vonina um að efasemdumenn og afneitunarsinnar hafi fullkomlega rétt fyrir sér.

G-rjómi geymist vel

Laktósalaus G-rjómi er tilbúinn til notkunar þegar þér hentar.

gottimatinn.is

Rugludallur



Kári Stefánsson
forstjóri
deCODE

Fimmtudaginn 14. nóvember birti Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimsspeki, grein í Fréttablaðinu þar sem hann telur sig hafa afhjúpað skilningsleysi mitt á eðli vísindanna. Með þessu finnst mér maðurinn sýna áræðni sem hann á skilið hrós fyrir, ekki vegna þess að ég telji mig ná til botns í málinu heldur vegna þess að Vilhjálmur hefur nákvæmlega enga reynslu í vísindum, aðra en þá að hafa skoðun á þeim. Þetta byrjaði á því að ég skrifaði grein í Fréttablaðið þar sem ég lýsti undrun minni á tilurð laga um vönduð vinnubrögð í vísindum sem Vilhjálmur stóð fyrir. Undrun mín átti meðal annars rætur sínar í því að hvorki í lögnum né í greinargerð með þeim er skilgreining á því hvað átt sé við með heitinu „vönduð vinnubrögð í vísindum“. Í grein sinni segir Vilhjálmur það séu tvær ástæður fyrir því að þessa skilgreiningu vanti. Ein sé sú að vísindamenn almennt víti fullvel hvað séu vönduð vinnubrögð í vísindum. Þetta er einfaldlega rangt. Vísindamenn vita yfirleitt hvað teljast vönduð vinnubrögð á þeirra þrönga sviði, en þeir hafa ekki hugmynd um hvað teljast vönduð vinnubrögð í vísindum almennt, enda er eini samnefnari vandaðra vinnubragða í hinum ýmsu greinum vísinda heiðarleiki. Það er full ástæða til þess að brýna fyrir vísindamönnum mikilvægi heiðarleika, en það sama á við um fólk af öllum öðrum stéttum eins og til dæmis útgerðarmenn og siðfræðinga. Öll samskipti manna á milli og allar gjörðir mannsins biðja um heiðarleika og án hans er ekkert til nema drasl. Það hlýtur því að teljast furðuleg ráðstöfun að setja sérstök lög um heiðarleika í vísindum, nema ef væri til þess að færa samfélaginu aðferðir til þess að taka á því þegar vísindamenn gerast uppvisir að heiðarleika sem lögin hans Vilhjálmur gera ekki. Hin ástæðan sem Vilhjálmur gefur fyrir því að

hafa ekki í lögnum skilgreiningu á því sem þau fjalla um er að með því að hafa skilgreininguna þar væri búið að lagavæða siðferðileg viðmið sem hann segir að sé vont. Vilhjálmur er sem sagt á þeirri skoðun að það sé ekki gott að lagavæða siðferðileg viðmið í vísindum, en vill samt setja lög um þau og aðferðin til þess að takast á við það sé að nefna ekki viðmiðin á nafn? Hann staðhæfir að andstætt því sem ég segi þá séu til alþjóðleg viðmið um vönduð vinnubrögð í vísindum en það sætir furðu að hann skuli þá ekki annaðhvort segja okkur hver þau eru eða vísa okkur á stað þar sem við getum lesið um þau. Ég er hins vegar sammála Vilhjálmur að góð menntun vísindamanna er besta forvörnin gegn því að þeir gerist sekir um óheiðarleika. Góður leiðbeinandi í vísindum leggur áherslu á það við lærlinga að heiðarleiki sé eini eiginleikinn sem góður vísindamaður geti alls ekki verið án. Áður en þú kemst að svari við spurningu sem þú spyrð í vísindum þarftu að fara yfir í það minnsta tuttugu gatnamót, þar sem óskhyggjan getur dregið þig í vitlausu átt. Þú verður að vera heiðarlegur við sjálfan þig til þess að geta verið heiðarlegur við umheiminn. Það er meðal annars út af þessu sem það er mikilvægt að hafa viðurlög við óheiðarleika í vísindum eins og á öllum öðrum sviðum. Það er ekkert sem eykur meira líkurnar á því að maður gerist sekur um óheiðarleika í vísindum en að hann hafi gerst það áður.

Það verður að sjá til þess að þeir sem verða uppvisir að alvarlegum óheiðarleika í vísindum séu ekki kennarar verðandi vísindamanna og fái ekki tækifæri til þess að afvegaleiða samfélagið. Þess vegna verður að svifta þá kennslustöðum við háskóla og sjá til þess að þeir geti ekki sótt um styrki til þess að halda áfram vísindastarfi. Þetta er ekki til þess að refsa þeim, heldur til þess að vernda verðandi vísindamenn og samfélagið allt. Umræðan í alþjóðasamfélaginu um heiðarleika í vísindum hefur að miklu leyti snúist um það hvers konar viðurlög eigi að setja og hvernig eigi að beita þeim.

Vísindasamfélagið hefur mjög öflugt sjálfstjórlið sem virkar svona: Þegar vísindamaður hefur lokið rannsókn skrifar hann grein sem hann sendir í vísindatíma-



Vilhjálmur Árnason hefur enga reynslu í vísindum en tjáir sig um þau eins og sá sem best veit í krafti þess að hann vinnur við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, sem hefur breytt sér í sértrúarsöfnuð sem telur sig eiga að hafa síðasta orðið um allt sem lýtur að mannlegri breyttni. Það er nú meiri vitleysan.

rit. Ritstjórar tímaritsins skoða greinina og ákvarða hvort hún eigi erindi í tímaritið. Ef svo reynist er hún send til þriggja eða fjögurra vísindamanna sem eru sérfræðingar á því sviði sem greinin fjallar um. Þeir meta hversu vönduð vinnubrögð búa að baki greininni og hversu heiðarlega niðurstöðurnar eru tjáðar. Þeir senda síðan til tímaritsins athugasemdir við greinina sem vísindamaðurinn svarar eftir bestu getu. Greinin er síðan samþykkt til birtingar eða henni er hafnað. Þetta eftirlit sem virðist léttvægt og sakleysislegt er oft mjög hart og miskunnarlaust, en hefur virkað vel í meira en öld þótt það sé alls ekki gallalaust. Min reynsla af þessu kerfi er að ég hef verið höfundur á tæplega 700 vísindagreinum og þar af hefur meiri hlutinn verið birtur í bestu vísindatímaritum heims. Þess utan hafa aðrir vísindamenn birt 96000 vísindagreinar þar sem þeir vitna í mínar greinar. Það er í krafti þessarar reynslu sem ég held að ég hafi nokkurn skilning á því hvað felst í því að vinna að vísindum. Vilhjálmur Árnason hefur enga reynslu í vísindum en tjáir sig um þau eins og sá sem best veit í krafti þess að hann vinnur við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, sem hefur breytt sér í sértrúarsöfnuð sem telur sig eiga að hafa síðasta orðið um allt sem lýtur að mannlegri breyttni. Það er nú meiri vitleysan.

Mannlíf eða mislæg gatnamót



Halla Helgadóttir
framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands

Ákvörðun um að byggja Barnaspítala Hringins var tekin skömmu fyrir aldamót þegar Hringkonur, bak-hjarlar spítalans, voru búnar að safna fé í 60 ár með bakstri, þrjóni og hekli. Áætlaður kostnaður var einn milljarður. Á sama tíma tóku stjórnvöld ákvörðun um að byggja mislæg gatnamót. Áætlaður kostnaður var einn milljarður. Ákvörðun um að byggja mislæg gatnamót þótti sjálfsögð, skynsamleg og hagkvæm þrátt fyrir að enginn hefði safnað fé, tálgað spýtukarla, hnýtt flugur né annað til að selja og safna fyrir þeirri framkvæmd.

Það er margt í okkar samfélagi sem hefur haft stöðu hins sjálfgefna og gagnrýnislauts verið sett í forgang á forsendum skynsemi,

hagkvæmni og ábyrga ákvarðana svo sem að virkja vatn frekar en að vernda vatn, keyra bil frekar en að taka strætó, greiða lögfræðingi meira en kennara, vinna í banka frekar en búð, velja karl frekar en konu, búa til stæði frekar en stíg, framkvæmd umfram fegurð, gróði umfram gæði og velja mislæg gatnamót umfram mannlíf.

Það hefur verið sjálfgefið að leggja megináherslu á fullnýtingu auðlinda, stórar og frekar framkvæmdir og viðhald gamalla valda- og efnahagskerfa oft á kostnað mikilvægra verðmæta; náttúru, mannlífs, menntunar, sköpunar, fegurðar og gæða. Hið sjálfgefna hefur þannig í krafti ímyndaðrar skynsemi og hagkvæmni skapað svo mikið ójafnvægi að það ógnar nú allri náttúru og mannlífi.

Nýr veruleiki blasir við sem kallar á nýja nálgun og aðferðir til að tryggja lífvænlega framtíð. Miklar áskoranir kalla á stórar hugmyndir og raunverulegar lausnir. Það þarf að koma á jafnvægi milli manns, náttúru, neyslu, framkvæmda

og tækni. Eina færa leiðin er að nálgast verkefnið með skapandi lausnum, stórhug, kjark, auðmýkt og mikilli bjartsýni.

Leiðin snýst ekki síst um að skapa áður óþekkt jafnvægi í ákvarðanatöku og forgangsröðun fjármagns þar sem ólík sjónarmið, þekking og faghópar mætast á jöfnum grundvelli.

Hönnuðir hafa menntun, þekkingu og reynslu til að skapa, skilgreina og búa til nýjar leiðir, þeir eru vanir að takast á við áskoranir, hanna lausnir, tengja á milli ólíkra faggreina, nálgast mál frá nýjum sjónarhóli, og um leið ögra viðteknum venjum og hugmyndum. Góð hönnun setur þarfir fólks, umhverfi og fegurð í forgang og leitar lausna sem einfalda, greiða leiðir og bæta lífsgæði.

Víða um heim er hönnun talin lykiltæki til breytinga og nýsköpunar. Við megum engan tíma missa það verður að efla þessar greinar verulega hér á landi, því við höfum ekki efni á öðru en að gera hönnun að megindrífkrafti í íslensku samfélagi.



HEFST FÖSTUDAG

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

TILBOÐ DAGSINS HEFJAST Í DAG OG GILDA ÚT VIKUNA EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
50%
AFSLÁTTUR



MASSIMO

Stílhreinir og fallegir 2,5 og 3ja og 4ra sæta sófar í dökkgráu, slitsterku áklæði. Nettir armar, sterkir stálfætur. Einstaklega þægilegur og traustur sófi frá Furninova.

2,5 sæta: 165 x 92 x 81 cm

3ja sæta: 195 x 92 x 81 cm

109.995 kr. ~~219.990 kr.~~

119.995 kr. ~~239.990 kr.~~

VIÐ TELJUM NIÐUR Í
**BLACK
FRIDAY**

SVARTAN FÖSTUDAG
**TILBOÐ
DAGSINS**



BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
50%
AFSLÁTTUR

LEEDS

Hægindastóll. Svart sléttflauel.
Stærð: 73 x 81 x 77 cm

44.994 kr. ~~89.990 kr.~~

BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
70%
AFSLÁTTUR

GOODWILL

Berja/köngla-
krans 26 cm

1.197 kr. ~~3.990 kr.~~



BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
50%
AFSLÁTTUR

MARION

Soul gólfteppi. Nature tvær stærðir.

Stærð: 200 x 300 cm

Stærð: 300 x 400 cm

74.995 kr.

99.995 kr.

~~149.990 kr.~~

~~199.990 kr.~~

BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
70%
AFSLÁTTUR



VIDIVI NADIA

Litaðar glerskálar 11 cm. Glös í mörgum litum og tveimur stærðum 26 cl og 48 cl

Skálar

Glas 26 cl

Glas 48 cl

597 kr.

447 kr.

537 kr.

~~1.990 kr.~~

~~1.490 kr.~~

~~1.790 kr.~~

BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
60%
AFSLÁTTUR



NELSON

Borðstofustóll,
krómfætur og grátt áklæði

9.596 kr. ~~23.990 kr.~~

BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
50%
AFSLÁTTUR



PASADENA

Skápur úr lakkaðri villtri eik með glugga og ljósi.

Stærð: B: 50 D: 44 H: 200 cm

78.265 kr. ~~156.530 kr.~~

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100



HÚSGAGNA
HÖLLIN



Margrét fagnar hér jöfnunarmarki Íslands gegn Noregi í leik Íslands á EM 2013. Jöfnunarmarkið færði Stelpunum okkar fyrsta stigið í lokakeppni stórmóts. NORDICPHOTOS/EPA

38 mörk skoraði Margrét Lára í sextán leikjum í Landsbankadeild kvenna árið 2007.

79 mörk skoraði Margrét Lára í 124 leikjum fyrir kvendagsliðið sem er met. Næst á eftir Margréti er Hólmfríður Magnúsdóttir með 37 mörk.

1 Mark Margrétar Láru gegn Noregi í lokakeppni EM 2013 tryggði Íslandi fyrsta stigið á stórmóti.

3 Þrisvar tókst Margréti Lára að skora yfir þrjátíu mörk á einu Íslandsmóti en engum öðrum leikmanni hefur tekist það.

7 Sjö mörk skoraði Margrét Lára í einum og sama leiknum með Val gegn Fylki árið 2006.

Hækkaði rána í íslenskri knattspyrnu

Tilkynnt var í gær að Margrét Lára Viðarsdóttir hefði lagt skóna á hilluna eftir níttján ára farsælan feril. Eyjamærin sem steig fyrstu skref sin í meistaraflokki fjórtán ára gömul hlaut fimm sinnum gullskóinn á Íslandi, þrisvar gullskó Meistaradeildar Evrópu og gullskóinn í Svíþjóð. Hún var um árabíl fyrirliði landsliðsins og er ein af bestu knattspyrnukonum Íslands frá upphafi.

FÓTBOLTI Tilkynnt var í gær að Margrét Lára Viðarsdóttir hefði lagt skóna á hilluna eftir níttján ára farsælan feril. Markahæsta landsliðskona Íslands frá upphafi og fyrsta knattspyrnukonan sem kjörin var íþróttamaður ársins árið 2007 kveður því sviðið sem ríkjandi Íslandsmeistari eftir að hafa verið hluti af meistaraliði Vals í sumar. Þetta var fjórði Íslandsmeistaratiill Margrétar Láru með Valsliðinu og vantaði hana aðeins eitt mark í sumar til að deila markadrottningartitlinum.

Margrét vakti ung athygli og lék fyrsta leik sinn með ÍBV í efstu deild aðeins fjórtán ára gömul. Sextán ára gömul skoraði Margrét sjö mörk í ellefu leikjum en gerði enn betur næstu tvö ár þegar hún skoraði 41 mark í 26 leikjum. Það reyndust síðustu tímabil hennar í Vestmannaeyjum því hún samdi við Val haustið 2004. Með Margréti í fremstu víglínu varð Valsliðið Íslandsmeistari þrjú ár í röð, árin 2006-2008, og skoraði Margrét alls 104 mörk í 48 leikjum á þessum þremur árum.

Á atvinnumannsferlinum fór Margrét fyrst til Duisburg í Þýskalandi átti síðar eftir að leika fyrir Turbine Potsdam sem var þá eitt sterkasta félagslið Evrópu en henni tókst ekki að sýna sitt rétta andlit í Þýskalandi. Í Svíþjóð stoppaði Margrét stutt hjá Linköpings en lék undir stjórn Elísabetar Gunnarsdóttur í fimm ár hjá Kristianstad í Svíþjóð þar sem hún varð markadrottning árið 2011.

Með kvendagsliðinu braut Margrét Lára inn strax í fyrsta leik undir stjórn Helenu Ólafsdóttur í 4-1 sigri á Ungverjalandi. Það tók Margréti aðeins fjórar mínútur að komast á blað eftir að hafa komið inn á sem varamaður og gaf það tóninn fyrir landsliðsferil Margrétar. Sjö sinnum tókst henni að skora þrennu eða meira í leikjum Íslands og skoraði hún alls 79 mörk, það síðasta í 6-0 sigri á Lettlandi á dögunum í leik sem reyndist hennar síðasti fyrir landsliðið.

kristinnpall@frettabladid.is

Dóra María Lárusdóttir Það getur enginn deilt um ágæti Margrétar Láru sem knattspyrnukonu. Hún býr yfir sjaldséðum hæfileikum og árangurinn talar sínu máli. Oft mætti ætla að það væru töfrar í takkaskónum hennar. Við höfum fylgst að frá því að við vorum unglingar og er ég afar þakklát fyrir að hafa fengið að vera samferða henni í boltanum. Hún tekur mikið til sín innan vallar sem utan og hef ég lært mikið af henni. Hún er keppniskona fram í fingurgóma og gerir miklar kröfur til bæði sjálfra sín og liðsfélaga sinna. Hún hefur gert mig að betri leikmanni og mun ég sakna hennar mikið á vellinum en sem betur fer mun ég áfram eiga hana að utan vallar sem er mér afar kært.



Freyr Alexandersson Ég mun alltaf horfa til Margrétar og leikmannsferils hennar með þakklæti fyrir að hafa fengið að vinna með jafn stórkostlegum íþróttamanni og hún er. Margrét Lára er óumdeilanlega ein sú allra besta sem við höfum átt. Þegar hún var heil heilsu stóðst henni enginn



snúning, hvorki á Íslandi né á heimsvísu.

Margrét gaf tóninn, með færni sinni og ekki síður hugarfari. Margrét hækkaði rána fyrir sjálfa sig á hverjum degi, fyrir liðsfélaga sína og fyrir íslenska knattspyrnu. Það gátu ekki allir tekist á við kröfurnar sem hún gerði og gæðin sem hún bjó yfir. Mótlæti innan vallar og utan þurfti hún að takast á við, ferillinn hefur ekki verið dans á rósum. En eitt er víst, Margrét Lára stendur alltaf uppi sem sigurvegari. Ég er henni þakklátur fyrir að hækka rána, takk fyrir allt sem þú hefur gert fyrir stúlkur á Íslandi með því að vera stærsta kvenkyns fyrirmynd í íþróttum sem fram hefur komið.

Helena Ólafsdóttir Margrét Lára á magnaðan feril að baki. Þegar Margrét kemur í landsliðið í fyrsta sinn undir minni stjórn er hún búin að vera í hóp í nokkrum leikjum en ég fann það strax að hún væri tilbúin í stærra hlutverk. Það kom því ekki á óvart að hún skyldi ná að skora strax í fyrsta leik. Hún sló aldrei af á landsliðsferli sínum, hún óttaðist ekkert og var hrikalega öflugur leikmaður. Það er sjónarsviptir að henni en hún er að hætta á toppnum sem Íslandsmeistari eftir að hafa gengið í gegnum erfið meiddi



þegar hún sleit krossbandið. Hún og Ásthildur Helgadóttir voru fyrstu fyrirmyndirnar úr kvendagsliðinu fyrir ungar íslenskar knattspyrnukonur og Margrét er klárlega ein af bestu knattspyrnukonum Íslands frá upphafi.

Sara Björk Gunnarsdóttir Fyrir mína kynslóð var Margrét Lára stærsta fyrirmyndin í kvendagsliðinu. Margrét ruddi veginn fyrir okkur til að fara út í atvinnumennsku. Þegar ég mætti fyrst í landsliðið var ég enn hjá Haukum og hafði því aldrei mætt henni en sá strax hversu mikil gæði voru til staðar. Hún var með frábæra tækni, staðsetti sig vel til að komast í færi og var með ótrúlegt markanef. Á ferlinum hefur Margrét fengið sinn skerf af mótlæti í meiddslum en viðbrögð hennar við mótlætinu endurspeglar það hversu magnaður karakter hún er og hversu frábær manneskja hún er. Hún var frábær fyrirliði, algjör leiðtogi sem var alltaf til staðar fyrir alla í liðinu og mun skilja eftir sig stórt skarð í landsliðinu. Hún getur gengið ótrúlega sátt frá borði eftir að hafa komið til baka eftir krossbandsslitin 2017, átt frábært tímabil með Val í sumar sem endaði með Íslandsmeistaratiili og fengið að enda landsliðsferilinn með marki.



MARKAÐURINN

Miðvikudagur 27. nóvember 2019

44. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX

TUDOR

TAG Heuer

LONGINES

NOMOS
GLASHÜTTE

TISSOT



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN
1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is



Ég er eins konar milliliður og vinn við að koma list á framfæri. Það er frábært hlutskipti.

Leitar að hinu óvænta í listinni

Adalheiður Magnúsdóttir á Ásmundarsal ásamt eiginni sínum Sigurbirni Þorkelssyni fjárfesti. Hún segir að listin sé að sækja í sig veðrið. „Að sjálfsgöðu þarf starfsemi sem þessi auka framlag og það gleður okkur að geta stutt við hana,“ segir hún um reksturinn.

»6



»2

Kaupa í Arion banka fyrir yfir 800 milljónir króna

Sama dag og hjónin Svanhildur og Guðmundur seldu allt í VÍS keyptu þau í Arion banka fyrir 820 milljónir. Höfnuðu tilboði í 6,75 prósentu hlut sinn í Kviku. Engar áætlanir um annað en að halda þeim hlut, segir Svanhildur.

»4

Öflugur viðsnúningur hjá Íslandspósti

Árangurinn af hagræðingu Íslandspósts er að koma í ljós. Útlit fyrir að afkoman verði við núllið á næsta ári eftir stanslaust tap um margra ára skeið. Forstjórinn sér fram á að Íslandspóstur geti byrjað að skila hagnaði þegar búið er að bæta skuldastöðuna.

»8

Flug milli Kína og Íslands hefst í vor

Fyrsta flug kínverska flugfélagsins Juneyao Air frá Sjanghæ til Íslands með viðkomu í Helsinki verður 31. mars. Flugið verður hingað tvisvar í viku út árið. Félagið áætlað 20 þúsund farþega á næsta ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



EYECARE



Byltingarkennd nýjung í margskiptum glerjum

50–65% stærra lessvæði

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Lánsfé og flugrekstrarleyfi skilyrt við að hlutfjársoöfnun klárast

Fjörutíu milljóna evra lánsfjármögnun frá breska sjóðnum Athene Capital og öflun flugrekstrarleyfis hjá Samgöngustofu er skilyrt við að hinu nýstofnaða laggjaldaflugfélagi Play takist að fá fjárfesta til að leggja því til samtals tólf milljónir evra, jafnvirði um 1.700 milljóna króna, í hlutfé.

„Þetta hangir allt saman,“ útskýrði Jóhann M. Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa (ÍV), sem heldur utan um fjármögnun flugfélagsins, á fræðslu- og fjárfestakynningu sem forsvarsmenn Play og ÍV héldu fyrir fulltrúa í ferðabjónustu á mánudag, samkvæmt viðmælendum Markaðarins sem mættu til fundarins. Var hann meðal annars sóttur af stjórnendum fyrirtækja í hvalaskoðun, hóp-bífreidastarfsemi og hótélrekstri.

Í samtölum við mögulega fjárfesta í lok síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins, kom fram í máli forsvarsmanna Play og ÍV að fjárfestar væru þá búnar að lýsa yfir áhuga (e. soft commitment) á að leggja félaginu til samtals um 700 til 800 milljónir króna. Sá áhugi, að sögn kunnugra, sé hins vegar skilyrtur við að það takist að fá kjölfestufjárfesti að hlutfjárútboðinu. Það hefur enn ekki tekist.

Á fyrrnefndum fundi var lögð mikil áhersla á þýðingu þess fyrir íslenskt efnahagslíf, og þá einkum ferðabjónustuna, að það takist að koma flugfélaginu af stað. Þannig hyggst flugfélagið, sem ætlar að hafa tíu Airbus-þotur í flota sínum frá og með 2022, flytja um 1,7 milljónir ferðamanna til landsins á næstu þremur árum.



Arnar Már Magnússon, forstjóri Play.

1,7 milljónir ferðamanna hyggst flugfélagið flytja til landsins á næstu þremur árum.

Auk þess að biðla til fjölmargra einkafjárfesta, fyrirtækja, einkum í ferðabjónustu, og fjárfestingarfélaga er einnig búið að leita til tryggingafélaga, sjóðastýringarfélaga, einkabankabjónustu bankanna og að undanförunu hefur fjárfestingin í Play einnig verið kynnt nokkrum lífeyrissjóðum. Það er á skjön við fyrri yfirlýsingar en í fjárfestakynningu ÍV fyrir í þessum mánuði kom fram að frekar yrði leitað til einkafjárfesta og fjárfestingarfélaga þar sem lífeyrissjóðir og tryggingafélög hefðu líklega ekki svigrúm til að taka svona fjárfestingaákvörðun nægilega hratt.

Til tryggingar láninu frá breska sjóðnum, sem ber átta prósentu vexti, þarf félagið að vera með átta milljónir evra geymdar á vörslureikningi. Fram kom á fundinum að samkvæmt viðskiptaáætlun félagsins yrði lánið greitt upp innan þriggja ára og í kjölfarið myndi skapast umtalsvert svigrúm til að greiða út arð til hluthafa.

Fjárfestar hafa meðal annars sett sig upp á móti því að þeir eignist aðeins helmingshlut í félaginu á móti stofnendum og öðrum starfsmönnum Play fyrir hlutfjárframlag sitt. Á fundinum kom fram að stjórnendur Play væru til viðræðna um að hlutur þeirra yrði minni. – hae

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang hordur@frettabladid.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsinga auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is



Svanhildur segir að það hafi verið mat þeirra að það væri komið að öðrum að taka við í VÍS. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kaupa í Arion banka fyrir yfir 800 milljónir

Sama dag og hjónin Svanhildur og Guðmundur seldu hlut sinn í VÍS keyptu þau í Arion fyrir 820 milljónir. Höfnuðu tilboði í 6,75 prósentu hlut þeirra í Kvik. Engar áætlanir um annað en að halda þeim hlut, segir Svanhildur.

Hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, sem eru næststærstu hluthafar Kvik banka, hafa bæst við hluthafahóp Arion banka eftir að þau keyptu í bankanum síðasta fimmtudag fyrir samtals um 820 milljónir króna. Viðskiptin voru gerð aðeins nokkrum klukkustundum eftir að þau höfðu gengið frá sölu á öllum 7,25 prósentu hlut sínum í VÍS fyrir rúmlega 1.550 milljónir króna en Svanhildur situr í stjórn tryggingafélagsins.

Svanhildur staðfestir kaupin í samtali við Markaðinn en félagið K2B fjárfestingar, sem er í eigu þeirra hjóna, keypti samtals 10,5 milljónir bréfa í Arion, sem jafngildir tæplega 0,6 prósentu hlut, og var vegið meðalverð tæplega 78 krónur á hlut.

Fjárfestingin skilar þeim í hóp þrjátíu stærstu hluthafa Arion banka en einu einkafjárfestarnir sem eru umsvifameiri í eiginahópnum eru Hvalur, sem er að stærstum hluta í eigu Kristjáns Loftssonar og fjölskyldu, með 1,45 prósentu hlut, og fjárfestingafélagið Stodir sem á nærri fimm prósentu hlut.

Spurð um kaupin í Arion banka segir Svanhildur í samtali við Markaðinn að þau telji spennandi tíma fram undan á íslenskum fjármálamarkaði. „Gamli vinnufélagar okkar, þeir Benedikt Gíslason og Ásgeir Helgi Reykþjörð Gylfason, eru teknir við stjórnartaumunum og við höfum mikla trú á þeim og sam-

1.550

milljónir króna fengu hjónin fyrir hlut sinn í VÍS

starfsfólki þeirra í bankanum og teljum að þar liggja mikil tækifæri.“

Þau hjónin hafa jafnframt á síðustu árum verið á meðal stærstu hluthafa Kvik banka og er Guðmundur varaformaður stjórnar bankans. Samkvæmt heimildum Markaðarins var gert tilboð í allan 6,75 prósentu hlut þeirra í Kvik síðastliðinn föstudag, daginn eftir viðskipti þeirra í VÍS og Arion banka, en því var hafnað. Miðað við núverandi hlutabréfaverð Kvik er sá hlutur metinn á um 1.350 milljónir króna en samkvæmt heimildum Markaðarins var tilboðið, sem gert var í hlutinn, umtalsvert undir markaðsverði bréfanna.

Svanhildur segir að þau hafi engar áætlanir um annað en að halda þeim hlut í Kvik. „Fyrir því félagi fer gríðarlega sterkur hópur stjórnenda sem hefur náð framúrskarandi árangri.“

Spurð af hverju þau hafi ákveðið að losa um allan hlut sinn í VÍS, eftir að hafa komið fyrst inn í hluthafahópinn fyrir meira en fimm árum, segir Svanhildur að það hafi verið mat þeirra á þessari stundu að nú væri komið að öðrum að taka við.

„Á undanförunum tveimur árum hefur VÍS náð framúrskarandi

árangri, eftir að hafa um langt skeið þótt eftirbátur keppinauta sinna á íslenskum tryggingamarkaði. Tryggingareksturinn er farinn að standa undir sér, þrátt fyrir óvenju stór tjón, og hluthafar hafa á tímabilinu bæði notið góðs af aukinni hlutabréfaeftirspurn og kerfisbreytingum á borð við lækkan hlutfjár, svo fáein dæmi séu nefnd,“ útskýrir hún.

Svanhildur segir alla sem komið hafa að rekstri félagsins geta verið stolta af þessum árangri. „Sérstaklega á það við um starfsfólk VÍS, sem gengur nú í takt og hefur unnið sigra sem áður þóttu næstum óraunhæfir. Sjálf er ég þakklát fyrir það traust sem ákveðinn hópur hluthafa hefur sýnt mér, en að sama skapi ánægð með þann ávinning sem hluthafar hafa notið, stórir sem smáir, einkafjárfestar og sjóðir.“

Svanhildur hætti sem stjórnarformaður VÍS í fyrra í kjölfar þess að embætti héraðssaksóknara tók til skoðunar kaup hjónanna, með öðrum fjárfestum, á hlutum í Skeljungu árið 2008 og færeyska oliufélaginu P/F Magn árið 2009. Rannsóknin kom til vegna kærnu sem Íslandsbanki lagði fram. Hjónin voru aðaleigendur Skeljungs og P/F Magn fram til ársloka 2013 þegar félagin voru seld fyrir samtals tæplega átta milljarða til framtakssjóðs í stýringu Stefins.

Í árslok 2018 nam eigið fé fjárfestingafélags þeirra hjóna, K2B fjárfestingar, samtals rúmlega 3,6 milljörðum króna. hordur@frettabladid.is

Loka reikningum Íslendinga vegna gráa listans

Erlend verðbréfafyrirtæki hafa sliðið viðskiptasamböndum við Íslendinga og lokað verðbréfareikningum þeirra vegna veru Íslands á gráum lista alþjóðlega hópsins FATF. Fyrirtækin eiga það sameiginlegt að vera í viðskiptum við bandaríska uppgjörsfyrirtæki Apex Clearing Corporation.

Íslendingur sem var með verðbréfareikning hjá bandaríska fyrirtækinu Tastyworks fékk tölvupóst frá fyrirtækinu um liðna helgi, sem Markaðurinn hefur undir höndum, þar sem tilkynnt var um lokun reikningsins. Ástæðan sem var gefin upp var sú að Apex hefði sett Ísland á bannlista vegna veru

» Stjórnvöld vinna nú að því að uppfylla skilyrði FATF og er vonast til þess að Ísland komist af listanum í febrúar á næsta ári.

landsins á gráa listanum. Annar Íslendingur í viðskiptum hjá bandaríska verðbréfafyrirtækinu Firstrate fékk einnig skilaboð um lokun á verðbréfareikningi sínum

hjá fyrirtækinu. Í skilaboðunum segir að reikningnum hafi verið lokað vegna nýlegra stefnubreytinga hjá Apex. Stefnu fyrirtækisins hafi verið breytt í samræmi við gráa lista FATF.

Stjórnvöld vinna nú að því að uppfylla skilyrði FATF og er vonast til þess að Ísland komist af listanum í febrúar á næsta ári. Þegar greint var frá því að Ísland gæti farið á gráa listann var lagt mat á möguleg áhrif. Það var samdóma álit stjórnvalda og erlendra ráðgjafa að áhrifin yrðu óveruleg og var hvorki talið að niðurstaðan hefði bein áhrif á almenning né fjármálastöðugleika á Íslandi. – þfh



Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir
sópran



Egill Árni Pálsson
tenór



Sigríður Ósk Kristjánsdóttir
mezzosópran

Ásamt hljómsveit og kvennakórnum Concordia

Miðasala á tix.is og við innganginn - Miðaverð 2500.-

JÓL Í BÆ
Jólatónleikar
- í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Jólatónleikar til styrktar
Líf styrktarfélagi Landspítalans
fimmtudaginn 5. desember kl. 12



REYKJASTRÆTI

FASTEIGNAFÉLAG



URÐARHVARF 8 FYRIR STÓRNOTENDUR

GÆÐI - ÚTSÝNI - HAGKVÆMNI

Urðarhvarf 8 er nýtt húsnæði og hagkvæmur kostur fyrir leigjendur. Húsið er glerjað að miklu leyti og því nýtur sín vel stórbrotið útsýni yfir Reykjavík, í átt að Esjunni, yfir Elliðavatn og til Bláfjalla. Samnýting á mötuneyti, hjólageymslum, fundarherbergjum, móttöku og annarri fjölbreyttri þjónustu verður í boði fyrir leigjendur húsnæðisins.



Heildarstærð er um 17.200 fm • Útleigurými frá 640 fm • Næg bílastæði og gott aðgengi
Frábært útsýni yfir Esjuna og Elliðaárdalinn • Afhending hefst vorið 2020

REYKJASTRAETI.IS

Öflugur viðsnúningur hjá Íslandspósti

Árangurinn af hagræðingu Íslandspósts er að koma í ljós. Útlit fyrir að afkoman verði við núllið á næsta ári eftir stanslaust tap um margra ára skeið. Forstjórinn sér fram á að Íslandspóstur geti byrjað að skila hagnaði þegar búið er að bæta skuldastöðuna.

Fyrirtækið Íslandspóstur er að komast á réttan kjöl. Það hefur um árabil verið rekið með tapi en árangurinn af stórfelldum hagræðingaraðgerðum á þessu ári er nú að koma í ljós. Rekstrarhagnaður á fyrstu tíu mánuðum ársins hefur margfaldast miðað við sama tímabil í fyrra og útlit er fyrir að afkoman verði við núllið á næsta ári. Forstjóri Íslandspósts segir að þegar búið sé að leysa úr skuldavanda Íslandspósts geti fyrirtækið byrjað að skila hagnaði og orðið eitt arðbærasta pósthyrirtækið á Norðurlöndum.

„Maður verður að spara lýsingarorðin en þetta er öflugur viðsnúningur. Það var búið að hagræða töluvert í rekstri Póstsins á liðnum árum en þær aðgerðir sneru fyrst og fremst að því að skerða þjónustu með því að fækka dreifingardögum og stytta opnunartíma. Núna erum við hins vegar að ná þessum viðsnúningi með því að taka til í rekstrinum en á sama tíma stórauka þjónustu við viðskiptavinum,“ segir Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts, í samtali við Markaðinn. Hann var ráðinn forstjóri í maí og tók þá við mikil endurskipulagningu.

Íslandspóstur sagði upp 43 starfsmönnum í sumar en alls hefur stöðugildum fækkað um 15 prósent. Fækkað var í framkvæmdastjórn um tvo og samhlíða varð mikil endurnýjun í stjórnendastöðum. Pósturinn flutti síðan nýlega í minna og ódýrara skrifstofuhúsnæði og þremur dreifingarstöðum á höfuðborgarsvæðinu hefur verið lokað. Þá var gripið til þess að flokka póst á því svæði sem hann á að fara á en áður var til dæmis bréf sem var póstaglagt á Egilsstöðum sent til Reykjavíkur í flokkun og svo aftur austur.

Endurskipulagning hefur skilað því að á fyrstu tíu mánuðum ársins var EBITDA Íslandspósts, rekstrar-



Birgir Jónsson tók við stjórnartaumunum í vor og hefur síðan þá látið til sín taka. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Rekstrarbati Íslandspósts

- Í 10 mánaða uppgjöri Íslandspósts er EBITDA 410 milljónir króna en var 95 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Veltan á tímabilinu var 5,9 milljarðar króna samanborið við 6 milljarða á síðasta ári.
- Gert er ráð fyrir að EBITDA fyrir allt árið 2019 verði 475 milljónir króna en hún var 133 milljónir króna í fyrra. Veltan í ár verður 7,4 milljarðar króna samanborið við 7,5 milljarða á síðasta ári.
- Gert er ráð fyrir 625 milljóna króna tapi á þessu ári en það var 287 milljónir í fyrra.
- Skýringin er einskíptiskostnaður við endurskipulagningu. Ef ekki hefði verið farið í neinar aðgerðir hefði samanburðarhæft tap á þessu ári verið um 465 milljónir.
- Árið 2020 er áætlað að veltan verði 7,6 milljarðar króna, EBITDA verði 625 milljónir, og afkoman verði um núllið.
- Launahlutfallið hefur lækkað úr rúmlega 70 prósentum niður í rúmlega 60 prósent á síðustu 12 mánuðum. Stöðugildum hefur fækkað um 15 prósent.

hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta, 410 milljónir króna samanborið við 95 milljónir á síðasta ári. Þannig varð rifleg fjórföldun á rekstrarhagnaði þrátt fyrir að veltan hefði dregist lítillega saman á milli ára.

„Það jákvæða við það þegar fyrirtæki lendir í ógöngum eins og Pósturinn gerði er að umboðið til breytinga er svo sterkt. Það hefur verið mjög ánægjulegt að sjá alla starfsmenn, allt stjórnendateymið og stjórnina vera á sama máli um hvað þurfi að gera og um að það sem var gert áður gekk ekki upp. Það er mikill samtakamáttur og þá er hægt að breyta miklu,“ segir Birgir.

Íslandspóstur gerir ráð fyrir 625 milljóna króna tapi á þessu ári vegna einskíptiskostnaðar við endurskipulagninguna. Á næsta ári er hins vegar áætlað að afkoman verði við núllið og EBITDA verði 625 milljónir. Fyrirtækið glímir við þunga afborgunarbyrði og mikla skuldsetningu eftir ýmis fjárfestingarverkefni síðustu ára og segir Birgir að nú sé stóra verkefnið að létta byrðina.

Maður verður að spara lýsingarorðin en þetta er öflugur viðsnúningur.

Birgir Jónsson, forstjóri Íslandspósts

„Ef þú horfir á EBITDA sem hlutfall af heildartekjum þá gerum við ráð fyrir að það verði um 8 prósent á næsta ári. Ef við setja það síðan í norrænt samhengi þá verður Íslandspóstur eitt arðbærasta pósthyrirtækið á Norðurlöndum. Við erum skuldsett og það er vandi sem við erum að taka á en ég sé alveg fyrir mér að í framtíðinni verði hægt að skila hagnaði.“

Íslandspóstur lokaði sem fyrr segir þremur dreifingarstöðvum á höfuðborgarsvæðinu og þannig losnuðu fasteignir sem verða seldar til að greiða niður skuldir. Sala fasteigna muni nema um 400 milljónum króna og fara beint inn á lánin að sögn Birgis. Þá hafa öll dótturfélög Póstsins verið seld eða eru á lokametrum í söluferli. Um áramótin mun Pósturinn ekki eiga nein dótturfélög í rekstri.

„Þessi félög eru ekki stórir bitar og salan snýst því meira um að draga okkur út úr ábyrgðum og því að setja inn pening í félögin. Við erum líka að skapa frið um Póstin með því að bregðast við þeirri gagnrýni að Pósturinn hafi verið með umsvif á mörkuðum sem tengjast ekki kjarnastarfseminni með beinum hætti,“ segir Birgir.

Spurður hvort stærstu hagræðingaraðgerðirnar séu að baki svarar Birgir játandi en tekur fram að Íslandspóstur muni stöðugt leita leiða til að gera reksturinn skilvirkari.

„Í venjulegum fyrirtækjum er svona verkefnum aldrei lokið. Við erum stanslaust að leita leiða til að gera hlutina með skilvirkari og ódýrari hætti. En ég á ekki von á eins stórum höggum og hafa verið á þessu ári. Þetta verða meiri finstillingar.“ thorsteinn@frettabladid.is

Íbúðalánasjóður minnkar innlán í Seðlabankanum

Íbúðalánasjóður (ÍLS) hefur að undanförunni dregið úr innstæðum sjóðsins sem hann hefur geymt á bundnum reikningum í Seðlabanka Íslands en um mitt þetta ár námu innlán hans í bankanum um 80 milljörðum króna.

Þetta kemur fram í greinargerð með frumvarpi fjármálaráðherra um úrvinnslu eigna og skulda ÍLS-jóðs, sem er nýr sjóður vegna uppsafnaðs taps ÍLS á síðustu árum, og var kynnt fyrir í þessum mánuði.

Um miðjan síðasta mánuð tilkynnti Seðlabankinn að hann hefði ákveðið frá og með apríl á næsta ári að fækka þeim aðilum sem geta átt viðskiptareikning í bankanum. Breytingin snertir ÍLS langsamlega mest enda hafa innlán sjóðsins í Seðlabankanum vaxið verulega á síðustu misserum og árum.

Þrátt fyrir að breytingin taki ekki gildi fyrir en eftir rúmlega fjóra mánuði hefur ÍLS þegar brugðist við, að því er fram kemur í greinargerð frumvarpsins, og ráðstafað innlánnum sínum í aðra fjárfestingarkosti að undanförunni en með því að geyma fé sjóðsins í Seðlabankanum hefur dregið úr virku peningamagni í umferð.

80

milljörðum króna námu innlán ÍLS um mitt ár.

Líklegt er að ÍLS hafi því fært fjármuni sína í Seðlabankanum á innstæðureikninga í viðskiptabönkunum og keypt sértryggt skuldabréf útgefin af þeim. Í greinargerðinni er bent á að slík fjárfesting geti lækkað fjármögnunarkostnað bankanna og þá um leið hagkerfisins.

Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri hefur sagt að með því að fækka þeim sem geta átt í viðskiptum við bankann sé verið að reyna að örva hagkerfið og fjármálakerfið.

„Þeir peningar sem eru lagðir inn í Seðlabankann fara úr umferð. Þannig að ef við fækum þeim sem geta verið með innlán í Seðlabankanum þá erum við að auka lausafé í umferð. Við höfum verið að lækka vexti og við viljum að því sé miðlað út í efnahagslífið með lánnum á lægri vöxtum,“ sagði Ásgeir við Fréttablaðið í síðasta mánuði. – hae

SKRIFAÐU EINS OG BOSS!

NÝIR PENNAR FRÁ BOSS

FÁST Í VERSLUN OKKAR Í SMÁRALIND


Kúlupenni Gear
Metal króm
Verð: 9.100.-

Kúlupenni
Storyline svartur
Verð: 10.100.-



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



Við erum aðili að rammasamningi Ríkiskaupa



RÍKISKAUP

Kynntu þér þín kjör.

Upplýsingar í tölvupósti hirzlan@hirzlan.is

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is. www.hirzlan.is





Adalheiður Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Ásmundarsalar, segist hafa verið nokkuð ötul við að kaupa list, einkum íslenska list, á undanförunum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lætur til sín taka í menningarlífinu

Adalheiður Magnúsdóttir bjó í New York, London og Hong King í 25 ár. Hún rekur Ásmundarsal og stendur þar fyrir margs konar listsýningum. Hún og eiginmaður hennar eiga meirihluta í Fossum mörkuðum. Adalheiður situr í stjórn Hörpu og kemur því að rekstri tveggja húsa sem helguð eru listinni.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



List hefur verið að sækja í sig veðrið samhliða mýkri áherslum í samfélaginu og plakatismeningin hopar til að gefa listaverkum rými á veggjum heimila," segir Adalheiður Magnúsdóttir sem á og rekur Ásmundarsal. „Listin nærir sálina og veitir andagift.“

Hún og eiginmaður hennar, Sigurbjörn Þorkelsson sem starfaði í fjármálageiranum á erlendri grund til fjölda ára, keyptu Ásmundarsal við Freyjugötu, sem hýsti áður Listasafn ASÍ, árið 2016.

„Ég er eins konar milliliður og vinn við að koma list á framfæri. Það er frábært hlutskipti," segir hún.

„Það er stutt á milli Ásmundarsalar sem er við Freyjugötu og höfuðstöðva Fossa markaða sem eru við Fríkirkjuveg. Ég get því hlaupið á milli stada án mikillar fyrirhafnar," segir Adalheiður en hún kemur að

Yfir 20 milljónir safnast á Takk deginum

Á morgun verður Takk dagur Fossa markaða haldinn í fimmta skiptið. Þann dag renna allar þóknatekjur vegna viðskipta dagsins til góðs málefnis.

„Þegar Fossar markaðir voru aðeins hálf árs og jólin fóru að nálgast langaði okkur að leggja eitthvað af mörkum til samfélagsins. Þá kom upp sú hugmynd að allar tekjur eins dags myndu renna til góðs málefnis og um kvöldið yrði afraksturinn kynntur fyrir viðskiptavinum og samstarfsaðilum. Þetta gafst virkilega vel og ári síðar ákváðum við að láta viðskiptavinum og samstarfsaðila vita fyrirfram þegar Takk dagurinn nálgast og það má með sanni segja að allir viðskiptavinir og samstarfsaðilar hafi lagst á eitt til að gera Takk daginn sem farsælastan. Á þessum síðustu fjórum árum hafa safnast yfir tuttugu milljónir," segir Adalheiður.

Í ár mun afrakstur dagsins renna til Rjóðursins, sem er hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik og fötlud börn. „Hugmyndin er að safna fé svo að hægt sé að sinna betur þörfum þeirra sem eru 16 ára og eldri. Rjóðrið veitir frábæra þjónustu fyrir börn en svo kemur tími í lífi fólks þar sem það er hvorki barn né fullorðið. Við vonum að afrakstur Takk dagsins verði hvatning til að bæta aðstæður

þessa hóps," segir Adalheiður.

Kauphöllin og uppgjörsfyrirtækið T plus taka þátt í deginum og fella niður öll gjöld af viðskiptum Fossa markaða og því renna þóknatekjur óskiptar til góðgerðarmála. Auglýsingastofan Tvist gefur líka sína vinnu.

„Takk dagurinn, sem við starfsfólk Fossa höfum þróað og haft metnað fyrir ásamt samstarfsfyrirtækjum, hefur sýnt okkur að stuðningur, stór eða lítill, getur skipt sköpum fyrir framgang margra verkefna," segir Adalheiður. „Margir viðskiptavinir biða líka með að eiga viðskipti þar til þennan dag til að geta stutt við bakið á góðu málefni.“

Hún segir þau hafa lagt ríka áherslu á að styðja við verkefni sem brenna á þjóðfélaginu hverju sinni. „Í fyrra studdum við tvö góðgerðarsamtök. Annars vegar Ég á bara eitt líf, sem spornar við misnotkun ávanabindandi lyfja og fíkniefna, sér í lagi meðal ungmenna. Vegna okkar framlags gátu þau verið með forvarnarstarf í öllum grunnskólum landsins.

Hins vegar Bergið Headspace sem veitir ungu fólki stuðning á erfiðum tímum í lífinu. Það var að stíga sín fyrstu skref þegar við studdum við bakið á þeim, stuðningurinn gerði það að verkum að þau gátu opnað aðsetur við Sudurgötu.“

í stjórn Sinfóniunnar sem er með starfsemi í húsinu. Hann á ekki langt að sækja áhuga sinn á tónlist þar sem faðir hans var Þorkell Sigurbjörnsson tónskáld sem samdi meðal annars tónverkið Heyr, himna smíður.

„Stóru verkefnið mín um þessar

mundir eru að skipuleggja Takk dag Fossa markaða sem haldinn verður á morgun, fimmtudag. Þetta er árlegur viðburður haldinn í samstarfi við viðskiptavinum og samstarfsfyrirtæki okkar þar sem allar þóknatekjur vegna viðskipta dagsins renna til góðgerðarmála," segir Adalheiður. Þetta er í fimmta sinn sem dagurinn er haldinn og rennur afrakstur söfnunarinnar í ár til Rjóðursins, sem er hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik og fötlud börn.

„Í beinu framhaldi hefjumst við svo handa í Ásmundarsal við að setja upp jólasýningu sem hefst 7. desember en fyrirmynd hennar er sótt til sjálfs Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara," segir hún.

NY, London og Hong Kong þú hefur búið í New York, London og Hong Kong. Viltu segja frá því?

„Við bjuggum í 25 ár erlendis. Við vörðum þrettán árum í New York, átta árum í London og fjórum í Hong Kong.

Strax eftir að ég útskrifaðist úr Versló flutti ég til New York til að læra hönnun og markaðsmál við Parsons School of Design. Nokkru seinna, þegar við fluttum til London, lauk ég jafnframt diplómanámi í listrænni stjórnun og framleiðslu frá Central Saints Martin.

Eftir Parsons fór ég að vinna í nokkur ár og börnin okkar fimm fæddust svo eitt af öðru næstu árin. Eftir að ég fór að sinna barnaupplendi var ég áfram viðloðandi verkefni í New York og vann að gerð auglýsinga og við markaðssetningu. Það að taka að sér verkefni í stað þess að vera í fastri vinnu gerði það að verkum að ég gat sótt börnin að skóladegi loknum.

Ég vann sömuleiðis í sjónvarpi, til dæmis hjá David Letterman í nokkur ár við gerð frikaðra búninga. Það var ótrúlega skemmtilegt.“

Ég vann sömuleiðis í sjónvarpi, til dæmis hjá David Letterman í nokkur ár við gerð frikaðra búninga. Það var ótrúlega skemmtilegt.

Letterman er athyglisverður Kynntist þú David Letterman?

„Já, eins mikið og hægt er að kynntast David. Hann er frekar athyglisverður karakter.“

Hvernig var að búa í Hong Kong?

„Það var afar skemmtilegt. Allar borgirnar sem við bjuggum í voru fullkomnar fyrir okkur á þeim tíma sem við bjuggum þar. Þær buðu allar upp á eitthvað spennandi. Í Hong Kong greip okkur mikill áhugi á að ganga á fjöll – sem er ef til vill ekki eitthvað sem margir tengja Hong Kong við. Náttúran þar er óviðjafnanleg og fjöldi fallegra eyja er allt um kring þar sem gaman er að fara í fjallgöngur.

Í New York bjuggum við til dæmis steinsnar frá American Museum of Natural History þar sem börnin okkar gátu skoðað risaeðlur í fullri stærð.“

Af hverju sneruð þið heim?

„Við stóðum frammi fyrir þeirri ákvörðun að annaðhvort myndum við flytja heim eða búa alla tíð erlendis. Við höfðum búið lengi úti og börnin höfðu fest rætur. Árið 2013 ákváðum við að skella okkur heim. Það hefur verið ótrúlega skemmtilegt að kynntast Íslandi upp á nýtt. Ísland hefur upp á svo margt að bjóða eins og frábært menningarstarf, sundferðir og fjallgöngur og auðvitað vini og fjölskyldu.“

Fimm tíu fjöll á einu ári þú hefur nefnt fjallgöngur tvisvar í

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 27. NÓVEMBER 2019

Heimili



Eldvarnaátak Lands sambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna hefur farið fram árlega í hátt í 30 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



Eldvarnafræðsla í grunnskólum

Eldvarnaátak LSS stendur nú yfir og slökkviliðsmenn eru að heimsækja öll átta ára börn landsins og fræða þau um eldvarnir, meðal annars með nýrri teiknimynd. Börnin nýta fræðsluna til að auka eldvarnir heima hjá sér. ➔2



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tók þátt í setningu Eldvarnaáttaksins í Kópavogsskóla 21. nóvember síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Framhald af forsiðu →

Eldvarnaáttak Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) fer fram um þessar mundir, en þá fara slökkviliðsmenn og heimsækja börn í 3. bekk í öllum grunnskólum landsins og fræða þau um eldvarnir. Börnin fá einnig eintak af handbók Eldvarnabandalagsins um eldvarnir heimilisins og söguna af Brennu-Vargi og Loga og Glóð. Í fyrsta sinn fá þau líka að sjá nýja teiknimynd um Loga og Glóð og baráttu þeirra við Brennu-Varg. Börnunum býðst svo að taka þátt í Eldvarnagetrauninni, en þau sem verða dregin úr pottinum fá afhent vegleg verðlaun á 112-deginum, 11. febrúar næstkomandi.

Mikill árangur á 30 árum

„Eldvarnaáttakið er verkefni LSS í samstarfi við slökkviliðin og grunnskólana og markmið þess er fyrst og fremst að fræða fólk um eldvarnir heimilisins,“ segir Magnús Smári Smáráson, formaður LSS. „Það hefur gefið mjög góða raun að beina þessari fræðslu til barna og það hefur verið gert í hátt í 30 ár. Frá upphafi hafa vel á annað hundrað þúsund Íslendingar fengið þessa fræðslu.“

Þetta hefur skilað miklum árangri. Þetta er mikil vitundarvakning fyrir börnin og þau eru alltaf mjög áhugasöm. Þau skila þessu svo heim og fá foreldrana til að fara yfir eldvarnir heimilisins í jólaundirbúningnum,“ segir Magnús. „Þetta er góð þróun og það verður sífellt algengara að heimili hafi reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi, en þessir hlutir eiga að vera fyrir hendi á hverju heimili.“

Börnin læra um þennan eldvarnabúnað og að hverju þarf að huga. Við kynnum líka fyrir þeim nauðsyn flóttaleiða og þau eru hvött til að búa til flóttaaætlun



Magnús segir að nýja teiknimyndin geti látið börnin læra án þess að þau viti að það sé verið að kenna þeim.

fyrir heimilið og æfa hana,“ segir Magnús. „Aðaláherslan er á börn í 3. bekk núna, en í öðru verkefni er farið í efstu deildir leikskóla til að fræða og þeim hefur líka verið boðið í heimsókn á slökkviliðina.“

Fræða, en hræða ekki

„Við leggjum mikla áherslu á að börnin þekki neyðarnúmerið, einn-einn-tveir, og kennum þeim að þau geti hringt í 112 eftir aðstoð ef þörf krefur,“ segir Magnús. „Það er settur upp litill leikþáttur til að hjálpa þeim að muna þetta og reynt að hafa þetta lifandi. Þetta snýst bara um að fræða, en ekki hræða og markmiðið er að þau

þurfi ekki að hringja í 112, en geti það ef þörf krefur.“

Allir krakkar sem taka þátt í Eldvarnagetrauninni fara svo í pott sem dregið verður úr 11. febrúar, á 112-deginum,“ segir Magnús. „Þeir sem verða dregnir úr pottinum fá nokkuð vegleg verðlaun afhent við glæsilega og hátíðlega athöfn.“

Teiknimynd nær til barna

„Nú er í fyrsta sinn verið að sýna nýja teiknimynd um persónurnar Loga, Glóð og Brennu-Varg, sem hafa verið hluti af fræðsluefni sem LSS hefur notað í Eldvarnaáttakinu undanfarin ár. Markmiðið með henni er að straumlinulaga fræðsluefnið til barnanna og að ná

betur til þeirra, en þau taka mjög vel við svona teiknimyndafni og hafa mikinn áhuga á því,“ segir Magnús. „Það er mjög gott að geta látið börnin læra án þess að þau fangi að það sé verið að kenna þeim.“

Það var fyrirtækið Thank You sem framleiddi teiknimyndina fyrir LSS með stuðningi ýmissa aðila,“ segir Magnús. „LSS vill þakka eftirtöldum fyrir stuðninginn við gerð hennar: Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, VÍS hf., Mannvirkjastofnun, Neyðarlínunni, Slökkviliði Akureyrar, Brunavörnum Suðurnesja, Brunavörnum Árnessýslu og Slökkviliði Fjarðabyggðar.“

„Það verður sífellt algengara að heimili hafi reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi, en þessir hlutir eiga að vera fyrir hendi á hverju heimili.“

Hafa vit fyrir foreldrunum

„Nú lita margir á yfirferð á eldvörnum sem hluta af undirbúningi jóla og tímasetning áttaksins rímar vel við að koma þessu inn í undirbúning hátíðarinnar,“ segir Magnús. „Krakkarnir sem fá fræðsluna hjá okkur fara líka oft heim og hafa vit fyrir foreldrum sínum. Sumir foreldrar hafa sagt okkur að það hafi fyrir löngu verið kominn tími til að sinna þessu en það hafi ekki gerst fyrr en barnið ýtti á það.“

Við köllum þessi börn stundum eldvarnafulltrúana okkar,“ segir Magnús. „Við höfum heyrt af stelpu sem fékk fræðsluna og passaði að mamma sín skildi ekki eftir kveikt á kertum þegar hún fór í þvottahúsið. Við heyrðum líka sögu af strák sem var heima með mömmu sinni sem ætlaði að fara að steikja eitthvað í potti svo hún setti olíu í pott og kveikti undir en gleymdi sér svo, þannig að það kviknaði í feitinni. Hún ætlaði að setja vatn á eldinn en þá vissi sá litli að maður á að kæfa svona eld en ekki setja vatn á hann, því vatn á logandi feiti framkallar eld-sprengingu!“

Við erum mjög ánægð með áhuga barnanna og fjölskyldna þeirra,“ segir Magnús. „Við tökum eftir því að þetta hefur jákvæð áhrif og að fólk tekur mjög vel í þetta verkefni.“

Jólahreingerning

MIÐVIKUDAGUR 27. NÓVEMBER 2019



Hallgrímur Þór Katrínarson hjá Marpól með glæsilegt úrval ryksuga, gólfvottavéla og bönvéla sem nota má bæði til heimilisbrúks og til hreingerninga í fyrirtækjum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sjómaðurinn sem fór að fægja

Það er gaman að gera hreint með hreingerningartækjum og hreinsiefnum frá Marpól. Þar fást viðfræg og vistvæn hreinsiefni sem margir sækja um langan veg til að fá í framúrskarandi þrífni. ➔2

Framhald af forsiðu →

Ég var lengi í smábátaútgerð en tók stundum að mér þrif á fyrirtækjum meðfram sjómennskunni. Það vatt svo upp á sig og ég þurfti að finna nafn á fyrirtækið. Mig langaði að það hefði á sér alþjóðlegt yfirbragð og upp í hugann komu latnesku heitin mar, sem passaði við sjómanninn mig, og svo pól sem þýðir að fægja. Nafnið Marpól þýðir því „sjómaðurinn sem fór að fægja“,“ segir Valþór Þorgeirsson sem stofnaði fyrirtæki sitt Marpól árið 1994.

Fyrirtækið óx og dafnaði og þar kom að Valþór ákvað að gefa ræstingarmi þess nýtt nafn, Nýþrif, sem enn býður upp á ýmsar sérhæfðar hreingerningar fyrir fyrirtæki og stofnanir.

„Umsvifin urðu fljótt það mikil í ræstingunum að ég þurfti að grípa til þess bragðs að flytja inn hreinsivörur og tækjabúnað til að auka hagkvæmni. Ég ákvað strax að bjóða eingöngu upp á góðar og vandaðar vörur því ég vinn með þær sjálfur. Viðskiptavinir okkar koma vegna þess að þeir vita að við erum með góðar vörur sem virka og að þekkingin á notkun þeirra er mikil,“ upplýsir Valþór.

Með allt til hreingerninga

Marpól er heilsala og smávöruverslun með framúrskarandi hreingerningavörur en markmið fyrirtækisins er að bjóða upp á alhliða ræstingalausnir fyrir fyrirtæki, stofnanir og heimili.

„Marpól býður upp á allt sem þarf til hreingerninga, hvort sem það er á heimilum eða í fyrirtækjum. Þar má nefna kísilhreinsinn BioClean sem er ótrúlegt efni til hreingerninga og hefur gert garðinn frægan undanfarið. BioClean rýkur út og í Marpól koma daglega einstaklingar og fyrirtæki til að kaupa hann. Árangur BioClean hefur spurst út enda gerir hann kraftaverk á sturtuglerjum, baðkörum, vöskum, helluborðum, flísum, gömlu, veðruðu gleri, keramíki, ryði og mörgu fleiru,“ upplýsir Valþór.

Marpól framleiðir einnig sína eigin hreinsilínu undir nafninu Hágæða.


„Hágæða-efnin eru mjög góð og þar á meðal er náttúruvæna hreinsiefnið Fjölhreinsir sem nota má jafnt til sóthreinsunar á alls kyns tækjum og áhöldum, sem og bekkjum, eins og sólarlöpum, og er mjög gott til hreinsunar á borðum veitingahúsa og heima í eldhúsi því efnið er bakteríueyðandi, „food safe“ og algjörlega skaðlaust í kringum matvæli,“ útskýrir Valþór.

Umhverfisvæn og græn efni

Það er gaman að gera hreint með tækjakosti og hreingerningavörum frá Marpól.

„Það er alltaf góð tilfinning að sjá allt verða skínandi hreint og með vörunum frá Marpól er árangurinn sýnilegur og mikill,“ segir Valþór sem veit upp á hárvæða vörur hann hefði við höndina í heimahreingerningunni.

„Ég spyrdi mig fyrst hvort ég ætti almennilega ryksugu, gluggasköfu, trefjaglúta og fituleysi, eins og Fjölhreinsi frá Hágæða. Trefjaglútar eru nauðsyn á hverju heimili og mjög margir komnir upp á lag með að nota trefjaglúta í afþurrkun og jafnvel trefjagölfmoppur. Trefjaglútar eru framleiddir úr mikkrofíber-efni sem er klöfnir nælonþræðir sem fara ofan í hverja misfellu og klóra óhreinindin upp úr. Því er mikill munur að nota þá til þrifanna og þeir minnka efnisnotkun því ekki þarf að nota jafn mikla sápu til þrifanna,“ upplýsir Valþór um mikkroklútana sem fást í Marpól, misgrófir fyrir mismunandi þrif. Marpól er með gott úrval af



Þýsku Sebo-ryksugurnar þykja einstaklega vandaðar og fást í mörgum útgáfum, þar á meðal með hefðbundnu lagi en líka uppréttar með skafti.



Hallgrímur með gluggaþvottagræjuna Stingray frá Unger; sem þvær glugga að innan og nær einstaklega vel í öll horn á gluggum.

bónvörum frá Pioneer Eclipse, þar á meðal grænu, umhverfisvænu línuna EnviroStar sem Valþór segir að standi sig frábælega.

„EnviroStar Green eru bandarískar vörur með umhverfsvottuninni Green Seal sem er sambærileg umhverfsvottun og Svanurinn á Norðurlöndunum. Eins bjóðum við upp á umhverfisvænar teppahreinsivörur frá bandaríska framleiðandanum Host og hingað getur fólk komið og keypt sér tilbúinn pakka frá Host með bursta og hreinsiefnum til að þurrhreinsa teppi. Þurr-

hreinsun er alltaf betri kostur en blauthreinsun vegna þess að hún fer betur með teppin og flestir teppaframleiðendur mæla með slíki hreinsun. Við erum svo með sérhæfðan tækjabúnað til að framkvæma stærri verk, hvort sem það er í fyrirtækjum eða á heimilum, og bjóðum einnig upp á útleigu á tækjum til hreinsunar ef fólk vill sjá um verkið sjálft,“ segir Valþór.

Góð tilboð á hreinsivörum

Marpól er með umboð fyrir þýsku hágæðaryksugurnar frá Sebo. „Sebo-ryksugurnar eru fram-



Hreinsiefnin BioClean og Hágæða eru fræg fyrir einstakan árangur og gæði.

Árangur BioClean hefur spurst út enda gerir það kraftaverk á til dæmis baðkörum, helluborðum, ryði og veðruðu gleri.

Valþór Þorgeirsson

leiddar í Þýskalandi og þykja einstaklega vandaðar. Sebo framleiðir ryksugu fyrir heimili og fyrirtæki, venjulegar og uppréttar. Í þær fást allir auka- og varahlutir og margir hringja í okkur yfir sig ánægðir með nýju ryksuguna og segjast loksins hafa eignast alvöru ryksugu. Þá erum við með allar gerðir af gluggaþvottavörum frá þýska framleiðandanum Unger og auðvitað allt sem þarf fyrir létt heimilisþrif sem og stærri verkefni,“ segir Valþór.

Þá er Marpól með litlar og stærri gölfþvottavélar til notkunar í fyrirtækjum og heimilum.

„Gölfþvottavélar spara mörg handtök og árangurinn er svo miklu betri en með moppuþrifum. Þegar salt og snjór er úti og óhreinindi berast inn skiptir öllu máli að skúra með gölfþvottavél sem



Hágæða er framleiðsla frá Marpól.

fjarlægir óhreinindin í stað þess að smyrja þau út. Þegar moppað er verður oft eftir hvít filma á gölfum en gölfþvottavélar hirða það allt upp. Það er sérstaklega nauðsynlegt þar sem fyrir eru viðkvæm gölfefni, hvort sem það er parket, dúkar eða gljáðar flísar, því salt rispar og skemmir gölfefnin,“ segir Valþór sem á allt sem hugsast getur fyrir gölfþvott og bón í Marpól.

„Nú gengur í garð sá tími þar sem fólk hugar meira að þrifum en ella og í Marpól verða ýmis tilboð í gangi í desember þar á meðal einstakt tilboð á kraftaverkaefninu BioClean,“ segir Valþór.

Marpól er á Nýbýlavegi 18, gengið inn Dalbrekkumegin. Sími 544 5588. Sjón er sögu ríkari.

22.-29. nóvember

GULUR FÖSTUDAGUR

Allt að **70%** afsláttur af*

(*á meðan birgðir endast)

KÄRCHER

K7 Öflug háþrýstidæla

TILBOÐ

71.843

Háþrýstidæla



K5 Öflug háþrýstidæla

TILBOÐ

56.516

Háþrýstidæla



FC 5 Skúringarvél

TILBOÐ

26.099

Gul

TILBOÐ

28.373

Hvít

TILBOÐ

55.097

Með rafhlöðu



RC 3 Ryksuguvélmenni

TILBOÐ

90.872

Ryksuga



KB 5 Rafmagnssópur með batterí

TILBOÐ

10.950

Gul

TILBOÐ

11.852

Hvít



SC 2 Gufutæki sem þrífur án hreinsiefna

TILBOÐ

23.659

Hvít



VC 5 Létt pokalaus ryksuga með HEPA síu

TILBOÐ

7.999

M/snúru

TILBOÐ

12.999

Rafhlöðu



EDI 4 Ísskafa fyrir bílrúður

TILBOÐ

9.470

Rafhlöðu



WV 2 Gluggaskafa

TILBOÐ

9.452

Hvít

TILBOÐ

9.340

Gul



RAFVER

Gott að skipta þrifunum

Nú þegar jólin nálgast eru margir farnir að huga að jólaþrifunum. Áður fyrr var algengt að fólk gerði allsherjar hreingerningu fyrir jólin þar sem hver einasti krókur og kimi var skrúbbaður. Jenný Jóakimsdóttir hjá Leiðbeiningastöð heimilanna segir það þó óþarfa í dimmasta mánuði ársins.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Á vefsíðu Leiðbeiningastöðvarinnar er að finna ýmis góð ráð í sambandi við þrif og efni til að nota til þrifa. Jenný ráðleggur fólki að byrja tímanlega að þrifa fyrir jólin og taka fyrir eitt herbergi í einu. „Það er gott að skipta þrifunum niður á herbergi og gera hvert herbergi vel áður en byrjað er á því næsta, þá þarf ekki að vera að hlaupa um allt hús í einni stórrí hreingerningu rétt fyrir jól,“ segir Jenný.

Hún segir þó enga þörf vera á stórhreingerningu og þrifa alla vegg og loft í myrkrinu í desember. „Við ráðleggjum fólki mun frekar að þrifa bara það mikilvægasta eins og baðherbergið og eldhúsið. Það sér enginn hvort veggir eða loft hafa verið þriffin. Það er miklu sniðugra að gera það á vorin. Það ætti enginn að keyra sig í kaf í hreingerningum í desember. Þá er best að hafa það bara huggulegt og kveikja á kertum. Það getur verið gott að deila stórhreingerningum yfir árið. Til dæmis deila verkum á mánuðina, en það fer auðvitað eftir því hversu oft fólk telur þörf á þrifum. Það er auðvitað misjafn umgangur á hverju heimili fyrir sig,“ segir Jenný. Hún segir þó gott að þrifa vel ísskápinn og eldhússkápana fyrir jól svo þeir séu hreinir áður en þeir eru fylltir af jólamat.

Leiðbeiningastöð heimilanna mælir með því að fólki kaupir svansvottuð hreingerningarefni. Svansvottunin er norrænt umhverfismerki sem gerir strangar kröfur um lágmörkun umhverfisáhrifa. Merkið er auðveldlega hægt að sjá á umbúðunum. „Mild sápa og vatn er best



Gott er að þrifa ísskápinn með matarsóða svo það komi ekki sápuþykkt í matinn. NORDICPHOTOS/GETTY

Mild sápa og vatn er best við flest dagleg þrif. En svo er líka hægt að nota 100% náttúruleg efni eins og edik og matarsóða.

Jenný
Jóakimsdóttir



við flest dagleg þrif. En svo er líka hægt að nota 100% náttúruleg efni eins og edik og matarsóða. Edik er gott að nota á glugga og á baðherbergi en það má ekki nota það á allt. Það má til dæmis alls ekki nota það á lakk eða marmara og granít því edikið er ætandi,“ segir Jenný. „En það er fint á baðkar og klósett og alls staðar þar sem er glerungur.“

Jenný segir að matarsóðann megi nota á fleiri fleti þar sem hann er basískur en ekki nægilega til að vera ertandi og því er hann frábær kostur til að nýta á margan hátt við þrifa heimilinu. „Það er til dæmis gott

að nota matarsóða til að þrifa ísskápinn. Þar er ekki sniðugt að nota sápu því matvælin eru svo fljót að draga í sig lykt. Þú blandar bara smá matarsóða út í vatn og nuddar svo með tusku. Matarsóðinn er ágætis skrúbbefni.“

Einfaldar aðferðir við að þrifa gull og silfur

Fyrir jólin draga margir fram gull- og silfurmunni, borðbúnað eða annað skraut sem oft hefur fallið á. Hreinsiefni fyrir gull og silfur eru oft ekkert sérlega umhverfisvæn eða góð fyrir húðina. En Jenný er með umhverfisvæna lausn til að fægja silfrið. Það sem þarf er:

1 tsk. lyftiduft
1 tsk. matarsóði
2,5 dl kalt vatn

„Þú sýður kalda vatnið, bætir þurrefnunum út í og lætur rjúka. Svo er silfrið sett ofan í löginn, látið liggja í smástund og svo bara þurrkað með mjúkum klút,“ segir Jenný.

„Gullið er best að þvo og fægja með því að sjóða kalt vatn og setja smá uppþvottalög saman við og láta gripina liggja í blöndunni í um klukkustund, óhreinindin leysast upp út í vatnið og þá er hægt að bursta þá með mjúkum bursta. Svo skolað með köldu vatni og fægt með mjúkum klút.“

Myglusveppir - Ekkert mál!

Við slípum burt myglu af steypu- og steinveggjum til að gera húsnæði aftur íbúðarhæft. Mygla leynist víða og getur verið afar skaðleg heilsu fólks. Láttu fagmenn sjá um verkið og hafðu samband strax í dag!



Litli klettur
www.litliklettur.is
Sími 699 0355

**Kjarnaborun
Steinslípun
Steinsögun
Brot á klöpp
Niðurrif
Kranabíll**





NILFISK COMBI

Ryksugar og
skúrar samtímis

NILFISK ER ÓMISSANDI Á HEIMILIÐ

NILFISK þekja flestir, dönsku gæðaryksugurnar sem hafa þjónað íslenskum heimilum dyggilega í áratugi. Veldu NILFISK ryksugu sem hentar þér og þínu heimili.

Rekstrarland er opið alla virka daga, kl. 8-17.

NILFISK EASY 2 IN 1

Hleðslu hand- og skaft-
ryksuga í einu tæki.
Haus með ljósi.



NILFISK SELECT



REKSTRARLAND

Rekstrarland er hluti af Olís

Þrif og bakstur jafn mikilvægt

Hrönn Bjarnadóttir er áhugakona og sérfræðingur í þrifum. Hún tekur til og þrifur vandlega vikulega en í aðdraganda jólanna gefur hún í og þrifur hvern krók og kima heimilisins.

Ég er viðskiptafræðingur og starfa hjá augnlæknastöðinni Sjónlagi í Glæsibæ ásamt því að vera bloggari á Fagurkerar.is. Ég er þó eins og stendur í fæðingarorlofi en ég eignaðist seinna barnið mitt fyrir 4 vikum," segir Hrönn, sem býr í Kópavogi ásamt manni og tveimur börnum.

Fyrsta heimilið kveikjan

Ástríða Hrannar fyrir þrifum hófst af alvöru þegar hún fór að búa. „Áhuginn kviknaði að mestu þegar ég flutti sjálf að heiman og fór að reka mitt eigið heimili. Þá komst ég að því hvað mér fannst ótrúlega gaman að þrifa og halda öllu hreinu. Mamma varð þó ekkert sérstaklega vör við þennan þrifaáhuga þegar ég bjó hjá henni en ég man þó að þegar ég var litil fannst mér rosalega gaman að taka til í herberginu hjá öðrum krökkum og það var oft mjög vinsælt að fá mig í heimsókn!“

Hrönn segir ítarleg heimilisþrif ekki endilega þurfa að vera bundin við þennan tíma árs. „Jólahreingerning er auðvitað alls ekkert eitthvað sem er nauðsynlegt að gera fyrir jólin og það má alveg eins gera vorhreingerningu eða hausthreingerningu en ég tel að það sé mikilvægt að taka eina svona allsherjar hreingerningu einu sinni á ári.“

Í hennar tilfelli var jólahreingerningin órjúfanlegur hluti af æskujólunum og hafa þær áherslur fylgt henni alla tíð. „Ég geri mína hreingerningu fyrir jólin af því að ég var alin upp



Hrönn Bjarnadóttir viðskiptafræðingur, fagurkeri og þrifagúru ásamt fjölskyldu sinni. MYND/KRISSÝ

við það og það var bara hluti af jólaundirbúningnum hjá mömmu og pabba að taka allt húsið í gegn, þrifa inni í og ofan á skápum og skrúbbu allt hátt og lágt. Mér finnst þetta vera alveg jafnmikill hluti af jólastemningunni eins og að baka piparkökur eða sósur.“

Þrifin eru framkvæmd á skilvirkan og hnitmiðaðan hátt

„Ég skipti hreingerningunni í þrif og tiltekt og finnst þessir þættir báðir jafn mikilvægir. Ég fer í gegnum alla skápa, skúffur og hirslur á heimilinu, endurraða og reyna að losa mig við eins mikið og ég get af óþarfa og hlutum sem eru ekkert notaðir eða ónýtir. Það fylgir því ótrúlega góð tilfinning að ná að losa aðeins um og minnka dótið á heimilinu. Það er

líka alveg á hreinu að það verður síður drasl hjá þér ef þú átt minna af óþarfa dóti.“

Lykillinn felst í skipulagningunni

Hrönn ráðleggur fólki að undirbúa þrifin með góðum fyrirvara. „Það sem er mikilvægast er að vera skipulagður og ákveða snemma hvað það er sem þú vilt gera og hvenær þú ætlar að gera það.“

Fyrir fólk sem finnst leiðinlegt að þrifa er tilvalið að skipta þessum verkefnum niður á nokkrar helgar í nóvember og gera smá um hverja helgi, þá er þetta ekki eins ófyrstíganlegt og tekur styttri tíma í hvert skipti. Svo er auðvitað ekkert eins leiðinlegt og að eiga þetta allt eftir 20.

desember og vera í einhverju stressi korter í jól.“

Það er fátt betra en að geta notið helgarinnar í hreinu umhverfi, segir Hrönn, og því reynir hún að þrifa vikulega. „Ég er rosalega skipulögð manneskja og eftir að ég flutti að heiman var ég fljót að búa mér til svona þrifatekklista sem ég fór alveg eftir í mínum heilögu vikuprifum en ég hef alltaf gert heimilisþrif vikulega og þá helst á fimmtudögum en ég elska að koma heim úr vinnunni á föstudögum í hreint hús og geta byrjað að njóta helgarinnar. Fyrir þá sem vilja komast betur í þrifa-gírinn og fara að þrifa oft og meira mæli ég hiklaust með því að velja einn vikudag fyrir heimilisþrifin og reyna að standa við það, auðvitað getur alltaf eitthvað

„Mér finnst allavega fátt betra en tilfinningin þegar ég er búin að þrifa allt húsið og allt er orðið hreint og fint, allir hlutir á sínum stað, komin hrein rúmföt á rúmið og ég á leiðinni upp í rúm eftir langan dag.“

komið upp á en þá má alltaf bara þrifa degi fyrr eða degi seinna. Eins er gott að gera tekklista yfir þau verkefni sem þarf að gera og þið viljið gera vikulega og svo er bara farið eftir honum.“

Þá sé snjallt að fá fjölskylduna með sér í lið. „Það er auðvitað mjög sniðugt að reyna að virkja alla fjölskyldumeðlimi í þetta verkefni og gera það að sameiginlegu verkefni fjölskyldunnar. Dóttir mín sem er að verða þriggja ára er allavega mjög til í að hjálpa ef hún fær tusku og smá vatn, þá fæ ég frið til að vinna mín verkefni.“

Hrönn segir að sér þyki best að byrja á tiltekt og það komi henni iðulega í girinn. „Mér finnst langbest að byrja á því að taka til og fara svo í þrifin en ég get ekki byrjað að þrifa fyrr en ég er búin að ganga frá öllu dóti og drasli og allt komið á sinn stað. Oft finnst mér ég líka komast í þrifa-gírinn við að taka til svo ég mæli með því fyrir fólk að byrja á því að ganga frá öllu dóti og drasli og finna þrifa-andann koma yfir sig og demba sér svo í þrifin.“

Mikilvægt sé að stilla hugann rétt og einblína á lokaútkomuna, enda fátt betra en leggjast upp í hreint rúm, á hreinu heimili, eftir annasaman dag. „Best að hugsa ekkert um hvað þetta er leiðinlegt eða tekur langan tíma og henda sér bara í verkið áður en maður freistast til að henda sér upp í sófa í staðinn. Mér finnst allavega fátt betra en tilfinningin þegar ég er búin að þrifa allt húsið og allt er orðið hreint og fint, allir hlutir á sínum stað, komin hrein rúmföt á rúmið og ég á leiðinni upp í rúm eftir langan dag.“

Áhugasamir geta fylgst með Hrönn á Snapchat og á fagurkerar.is.



Eru sparifötin hrein?



Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík • haaleiti@bjorg.is • Sími: 553 1380

GERÐU
HEIMILIÐ
SKÍNANDI
HREINT MEÐ

AJAX





Betra er að þrifa með hreinni tusku.

Hreinar og fínar borðtuskur

Það er ekki skemmtilegt að vera með lyktandi borðtuskur. Hana þarf að þvo reglulega, ekki minna en einu sinni í viku. Setjið í þvottavél á 60°C. Gott er að skola borðtuskuna í köldu vatni eftir notkun og vinda hana vel. Bakteríur þola illa mikinn kulda. Einnig er hægt að setja hana í pott með vatni, þvottalegi og smá matarsóða og sjóða hana smástund. Við það drepast bakteríur.

Sumir nota tuskur úr bleyju-efni á meðan aðrir nota mikró-klúta. Báðar gerðirnar skal setja í þvottavél. Það er engin ástæða til að kaupa sífellt nýja borðklúta því þeir endast vel sé þeim haldið hreinum og fínum. Eldhúshandklæði og viskastykki á líka að þvo oft og alltaf á 60°C.



Pappírshólkur undan salernispappír eða eldhúsrúllum eru til margs nýtilegar í hreingerningum.

Góð ráð þegar pappír klárast

Þegar salernispappírinn klárast setja vonandi flestir pappírshólkinn í endurvinnslu því ekki er sniðugt að henda honum í ruslið. Það er hins vegar hægt að nýta hólkinn á margvíslegan sniðugan hátt. Vissulega er hægt að fönndra með svona hólkka en annað hlutverk er mjög hentugt. Hólkurinn er settur framan á ryksugurörið til að komast að erfiðum og þröngum stöðum í íbúðinni, þar má nefna rifur í miðstöðvarofni, bak við leiðslur eða snúrur, við gólf-lista eða borðfætur og fleiri staði þar sem erfitt er að komast með hart millistykkið úr ryksugunni. Einnig má nota þetta ráð þegar billinn er ryksugaður.

Ef pappírshólkurinn er of stuttur til að ná bak við eitthvað má einnig nota hólk úr eldhúsrúllu.

Tómatsósa þrífur botn potta

Nýlega vakti stutt myndband sem sýndi konu losa erfiða bletti neðan af potti með tómatsósu mikla athygli á netinu. Í myndbandinu smyr hún tómatsósu á helminginn af botni pottsins og eftir 15 mínútur getur hún einfaldlega skolað dökka drulluna af pottinum.

Fæstir tengja tómatsósu við þrif og kannast frekar við klístraða bletti eftir hana, en það eru ediksýrur í tómatsósu sem virka

» Athugið: Það er ekki mælt með að nota tómatsósu til að þvo fötin sín. Það skapar fleiri vandamál en það leysir.

sérstaklega vel á dökku blettina sem myndast undir pottum og pönnum. Sýrurnar leysa nefnilega upp koparoxíð sem myndast við eldamennsku og er hluti af dökku skáninni neðan á þeim.

Í myndbandinu duga 15 mínútur, en almennt er mælt með að láta hana liggja á í um hálf tíma og svo skrúbba óhreinindin af. Eftir það á yfirborðið að vera eins og nýtt.



Tómatsósa getur leyst upp suma erfiða bletti. NORDICPHOTOS/GETTY




Gólfþvottavél sem léttir vinnuna, sparar tíma og þrífur ótrúlega vel.

Afkastageta i-mop XL er allt að 1.000 m² á klukkustund. Sjá nánar i-teamglobal.com

Hafðu samband og pantaðu kynningu fyrir þitt fyrirtæki.

Nú er i-mop fáanleg í þremur stærðum: Lite 37 sm, XL 46 sm og XXL 62 sm



Vesturhrauni 3 | 210 Garðabær | Sími: 480 0000 | www.afvelar.is | sala@afvelar.is



Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Ford Transit L3H3. 8/2014 ek. 74 þús.km. Hátt þak. 2 x hliðarhurð. Viðarklæddur að innan. Ný yfirfarinn. Verð: 2.690.000 án vsk.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Aukahlutir í bíla

Demparar - Styrkur - Ending

Fyrir:

- Fólksbíla
- Jeppa
- Vörubíla
- Flutningabíla
- Rútur

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Keypt & Selt

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf. Óseyrarbraut 2 Hf, Upplhjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Húsnæði

Atvinnuhúsnæði

IÐNAÐAR- EÐA LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Til leigu 180-270 fm. atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurð í Bolholti 4 (bakhús) 105 Rvk. Laust strax.

Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com. Grensás ehf. / Ragnar

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

GEFÐU VATN

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar



MOSFELLSBÆR

Kynning á deiliskipulagslýsingu:

Deiliskipulag í Hlíðahverfi - Hamraborg, Mosfellsbær

Mosfellsbær auglýsir hér með til kynningar deiliskipulagslýsingu, skv. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010:

Fyrir gerð deiliskipulags sem afmarkast af Langatanga í austri, Bogatanga í norðri og verzlunar- og þjónustuvæði við Vesturlandsveg í suðri. Stærð skipulagssvæðisins er tæpir 2,6 ha og er í aðalskipulagi Mosfellsbæjar skilgreint sem íbúðarhúsasvæði, 120-ib.

Megin viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að móta fjölbreytta íbúðarbyggð með raðhúsum, fjölbýlishúsum og sérbýlum. Tryggja að byggðin falli vel að landi og að góð tengsl séu við umhverfið hvað varðar fyrirkomulag gatna, stíga og grænna svæða. Fjöldi íbúða verður á bilinu 45-55.

Í deiliskipulagslýsingu kemur lögum samkvæmt fram hvaða áherslur sveitastjórn hefur við skipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli s.s. um kynningu og samráð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Þeir sem vilja kynna sér málið nánar eru vinsamlegast beðnir að hafa samband við skipulagsfulltrúa. Deiliskipulagslýsingin liggur frammi í Þjónustuveri Mosfellsbæjar á 2. hæð, Þverholti 2, og hana má einnig finna á vef Mosfellsbæjar: mos.is/skipulagsauglýsingar

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsingu má skila til Þjónustuvers Mosfellsbæjar fyrir 20. desember 2019.

27. nóvember 2019

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholt 2 | Mosfellsbær 270 | Sími 525 6700 | mos.is



Vantar þig starfsfólk?

HAGVANGUR

hagvangur.is

Bernhard notaðir bílar eru fluttir að Vatnagörðum 24

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP Í GÓÐUM NOTUÐUM BÍL SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSTUÐI



Honda Jazz Trend

Nýskráður 6/2017, ekinn 35 þús.km., bensín, 6 girar.

Tilboð kr. 1.690.000

Allt að 90% fjármögnun í boði



Honda Civic Tourer Lifestyle

Nýskráður 3/2017, ekinn 26 þús.km., dísel, beinskíptur.

Verð kr. 1.990.000

Allt að 90% fjármögnun í boði



Honda Civic Comfort

Nýskráður 5/2018, ekinn 17 þús.km., bensín, 6 girar.

Verð kr. 2.690.000

Allt að 90% fjármögnun í boði



Honda HR-V Elegance dísil

Nýskráður 11/2016, ekinn 35 þús.km., Honda Connect með leiðsögukerfi, dísil, 6 girar.

Verð kr. 2.890.000

Allt að 90% fjármögnun í boði

BERNHARD

NOTAÐIR BÍLAR

Vatnagörðum 24 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Afhögun miðast við 80% lánsútrfalli 17 ár. Á regl. hlutfálstaða kostnaðar er 8,94%

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Flóahreppi og Ásahreppi

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynnt lýsing að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

1. Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Árgil, L167054, Bláskógabyggð.
Kynnt er skipulags- og matslýsing vegna Árgils, L167054, í Bláskógabyggð. Breytingin fellst í að hluti verslunar- og þjónustusvæðis (VP18) sem er um 11 ha að stærð, verði minnkað um 2 ha og þeirri landnotkun breytt í landbúnaðarland.

Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

2. Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Ósbakki, L165463, Flóahreppi.
Kynnt er tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sem tekur til 2 ha lands Ósbakka, L165463, sem í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps er skilgreint sem frístundasvæði (F36) og er áætlað að breyta landnotkun í landbúnaðarland. Áætlað er að byggja upp nýtt íbúðarhús og hesthús/skemmu. Samhliða kynningu á aðalskipulagsbreytingu er kynnt tillaga vegna deiliskipulags á svæðinu.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:

3. Breyting á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022. Miðmundarholt 1-6, Ásahreppi.
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti þann 18. september 2019, að auglýsa tillögu/uppdrátt og greinargerð, þ.m.t. umhverfisskýrslu, að breytingu á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 vegna breytingar á landnotkun í landi Miðmundarholts. Breytingin fellst í að svæði sem tekur til 7 íbúðarlóða sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem íbúðarsvæði, er breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Deiliskipulagsmál

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagslýsingar fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

4. Deiliskipulag Sultartangavirkjunar. Ásahreppi og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. (auk Rangárþings ytra)

Kynnt er skipulagslýsing dags. 25. september 2019, í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr.123/2010, sem gerir grein fyrir deiliskipulagi Sultartangavirkjunar, L191624, og svæði tengd henni. Deiliskipulagið mun ná til þriggja sveitarfélaga, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Deiliskipulagið tekur til Sultartangastöðvar og mannvirkja hennar. Stöðin var tekin í notkun árið 1999 og nýtir vatn Tungnaár og Þjórsár sem sameinast í Sultartangalóni, sem er miðlunarlón stöðvarinnar. Sultartangalón var myndað með 6,1 km langri stíflu skammt ofan ármóta Þjórsár og Tungnaár. Mesta hæð stíflunnar er 22 m. Úr Sultartangalóni er vatni veitt um 3,4 km löng aðrennslisgöng í gegnum Sandafell, að jöfnunarþró suðvestan í fellinu. Við enda þróarinnar er inntak og þaðan liggja tvær stálþrípúr að hverflum í stöðvarhúsinu. Frá Sultartangastöð liggur um 7 km langur frárennsliskurður sem veitir vatninu aftur í farveg Þjórsár, skammt fyrir ofan Ísakot. Yfirfall Sultartangalóns er austast í stíflunni og fer í farveg Tungnaár. Núverandi virkjunarleyfi er fyrir virkjun með uppsettu afl 125 MW. Landsvirkjun vinnur að umsókn um breytingu á virkjunarleyfi til Orkustofnunar þannig að virkjunarleyfið verði fyrir uppsett afl allt að 133 MW. Umsóknin byggir á úrskurði Skipulagsstofnunar frá apríl 2019 um að aflaukning Sultartangastöðvar um allt að 8 MW væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Tengivirki Landsnets er vestan stöðvarhússins. Þangað liggja nokkrar háspennulínur frá Hrauneyjafoss- og Sigöldustöðvum. Frá tengivirkinu liggja háspennulínur í Búrfellsstöð og tengivirki við Brennimeil.

5. Deiliskipulagsbreyting. Nesjar - Nesjaskógur, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Kynnt er skipulagslýsing dags. 10. október 2019, sem gerir grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar Nesjar-Nesjaskógur (F1), í Grímsnes- og Grafningshreppi. Ástæða breytingarinnar er að fá allar fyrri breytingar skipulags inn á sama uppdrátt ásamt skilmálum auk eftirfarandi áhersluþátta: Deiliskipulagssvæðið er stækkað úr 45 ha í 48 ha. Lóðir teiknaðar inn á hnitasettan loftmyndagrunn eftir mælingum á staðnum og núverandi deiliskipulagi m.s.br.. Deiliskipulagsskilmálar verða uppfærðir, þannig að þeir uppfylli nútíma kröfur. Lóðir hnita- og málsettar. Flóttaleiðir verða skipulagðar og gerð grein fyrir vatnstöku slökkviliðs. Áætluð skipulagsbreyting er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Allar eldri deiliskipulagsbreytingar munu falla úr gildi við gildistöku væntanlegs deiliskipulags.

6. Deiliskipulagsbreyting. Þóroddsstaðir L168295, Langirimi. Grímsnes- og Grafningshreppi.

Kynnt er skipulagslýsing, dags. 15. október 2019, sem gerir grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar (F44) í landi Þóroddsstaða. Deiliskipulagsbreytingin tekur til um 50 ha svæðis og mun meginmarkið með breytingunni auk stækkunar vera að uppfæra fyrri breytingar til samræmis við nútíma kröfur. Þá verður horft til eftirfarandi þátta: Lóðir teiknaðar inn á hnitasettan loftmyndagrunn eftir mælingum á staðnum og núverandi deiliskipulagi m.s.br.. Deiliskipulagsskilmálar verða uppfærðir, þannig að þeir uppfylli nútíma kröfur. Lóðir hnita- og málsettar. Lóðir í nýju deiliskipulagi munu hafa eitt samræmt götu og númerakerfi. Að svæðið fái heitið Langirimi. Flóttaleiðir verða skipulagðar og gerð grein fyrir vatnstöku slökkviliðs. Áætluð skipulagsbreyting er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020. Allar eldri deiliskipulagsbreytingar munu falla úr gildi við gildistöku væntanlegs deiliskipulags.

7. Deiliskipulag. Tjarnarhólar. Útivistar og göngusvæði, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Kynnt er skipulags- og matslýsing, dags. 1. október 2019, sem gerir grein fyrir fyrirhuguðu deiliskipulagi við Tjarnarhóla og Kerhól (Kerið) í landi Snæfoksstaða. Í fyrirhuguðu deiliskipulagi sem tekur til um 35

ha svæðis, er gert ráð fyrir uppbyggingu svæðisins í þágu ferðamanna með gerð bílastæða, göngustíga, upplýsingaskilta og byggingu tveggja þjónustuhúsa. Aðkoma að svæðinu er um núverandi gatnamót Vaðness og Snæfoksstaða frá Biskupstungnabraut.

Samkvæmt 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar skipulagstillögur fyrir eftirfarandi deiliskipulagsverkefni:

8. Deiliskipulag. Kringla 4, L227914, Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.

Kynnt er tillaga deiliskipulags sem tekur til um 22.6 ha svæði á jörðinni Kringlu 4, í Grímsnes- og Grafningshreppi. Gert er ráð fyrir 32 nýjum frístundahúsalóðum frá 5.000-8.753 m² að stærð. Aðkoma að svæðinu er um Sólheimaveg og inn Árvag. Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. og hefur skilgreiningu sem frístundasvæði (F52b).

9. Breyting deiliskipulags svæði D. Snæfoksstaðir frístundabyggð. Grímsnes- og Grafningshreppi.

Kynnt er deiliskipulagsbreyting sem nær yfir svæði fyrir frístundabyggð, merkt F20c í greinargerð aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 m.s.br. Svæðið sem breytingin nær yfir er um 70 ha að stærð og er merkt sem svæði D í deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Snæfoksstaða. Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að fjölga frístundalóðum úr 47 lóðum í 53 lóðir. Þar af eru 49 frístundalóðir byggðar og 4 óbyggðar. Enn fremur er innan svæðisins gert ráð fyrir einni landbúnaðarlóð (Nautavakavegi nr. 2) sem tengist starfsemi skógræktarinnar á Snæfoksstöðum. Lóðirnar eru frá 6.980 m² til 17.678 m² að stærð.

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:

10. Deiliskipulagsbreyting. Miðmundarholt. Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti þann 18. september 2019, að auglýsa tillögu/uppdrátt og greinargerð, þ.m.t. umhverfisskýrslu, að breytingu á gildandi deiliskipulagi íbúðarhúasvæðis Miðmundarholts í Ásahreppi. Á svæðinu eru 7 íbúðarhúsalóðir, þar sem landnotkun verður breytt í verslunar- og þjónustulóðir, og verður við breytinguna heimilt að gefa út rekstrarleyfi í fl.Í lóðunum. Samhliða er auglýst samsvarandi breyting á gildandi aðalskipulagi Ásahrepps.

11. Deiliskipulagsbreyting. Gullfoss 1-2, L167192. Reitur M3. Bláskógabyggð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 7. nóvember 2019 að auglýsa tillögu, uppdrátt og greinargerð, vegna breytinga á gildandi deiliskipulagi fyrir svæði M3 (neðra útsynissvæði) við Gullfoss, Bláskógabyggð. Breytingin fellst í að ítarlegri grein er gerð fyrir bílastæðum svæðisins, þar með talið rafhleðslustöðvum. Settur verður út byggingarreitur fyrir sand og verkfærageymslu við aðkomuþlan. Þá verða gerðar breytingar á göngustígum.

12. Deiliskipulagsbreyting. Mosaskyggvir 18 – 22. Bláskógabyggð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti þann 7. nóvember 2019 að auglýsa tillögu, uppdrátt og greinargerð, vegna breytingar á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar í Bláskógabyggð. Upprunalegt deiliskipulag öðlaðist gildi 1993 og var gerð breyting á þessum hluta 2006 "svæði vestan Skarðsvegur" Breytingin tekur til vegstæðis við lóðirnar Mosaskyggvir 18, 20 og 22. Í breytingunni felst að lóðarmörk Mosaskyggvir 20 breytast vegna breyttrar legu vegar fram hjá lóðinni. Samhliða breytti legu Mosaskyggvir 20 breytast mörk aðliggjandi lóða Mosaskyggvir 18 og Mosaskyggvir 22 auk þess sem mörk á milli Mosaskyggvir 18 og 20 breytast.

13. Deiliskipulagsbreyting. Vaðlækjarvegur 8, L169070 (Miðengi L168261). Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 6. nóvember 2019 að auglýsa tillögu, að breytingu á gildandi deiliskipulagi frístundabyggðar í Miðengi, vegna lóðarinnar Vaðlækjarvegur 8, L169070. Breytingin felst í tilfærslu á spildu sem á er götuslóði upp að lóð 8 sem aðskilur lóðirnar 6 og 10 við Vaðlækjarveg. Spildan sem um ræðir er hluti af landareign Miðengis, L168261, en bætist við lóðina Vaðlækjarveg 8 sem stækkar úr núverandi skráningu 7.700 m² í 8.352 m². Með stækkuninni er tryggt aðgengi að lóðinni til framtíðar. Skilmálar í gildandi skipulagi verða óbreyttir.

14. Deiliskipulag. Bjarkarlækur L224049. Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti þann 6. nóvember 2019 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir spilduna Bjarkarlæk í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagssvæðið tekur til alls lands Bjarkarlækjar sem er um 9,5 ha að stærð. Gert er ráð fyrir tveimur byggingarreitum undir íbúðarhúsi, bílskur og gestahús auk skemmu og hesthúss með aðkomu af Biskupstungnabraut um Bjarkarlæk. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020, þar sem landið er skilgreint sem landbúnaðarland.

15. Deiliskipulagsbreyting. Ölvisholt L207869. Kúluþjöld og þjónustusvæði. Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 5. nóvember 2019, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi spildu úr landi Ölvisholts, L207869, fyrir kúluþjöld og þjónustubyggingar. Breytingin fellst í að fjölga kúluþjöldum úr 6 í 15, fjölgun byggingarreita fyrir þjónustuhúsi úr 2 í 5 og stofnun tveggja nýrra lóða innan spildunnar fyrir stærri þjónustubyggingar og bílastæði.

16. Deiliskipulag Miklaholtshelli 2, L223302. Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti þann 5. nóvember 2019, tillögu að deiliskipulagi, uppdrátt og greinargerð vegna stækkunar á alifuglabúi að Miklaholtshelli 2, L223302. Með fyrirhuguðu deiliskipulagi er áætlað að heimiluð verði bygging tveggja 1.500 m² húsa sem gætu hýst allt að 18.000 fugla. Heildarfjöldi alifugla á svæðinu yrði þá samtals 49.000 fuglar. Með stækkuninni er verið að efla og styðja við núverandi framleiðslu á lífrænum eggjum að Miklaholtshelli 2 á vegum Nesbúeggja ehf.

Ofangreindar skipulagslýsingar/skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast lýsingar og tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is>; <https://www.gogg.is>; <https://www.fludir.is>; <https://skeidgnup.is>; <https://www.floahreppur.is>; <http://asahreppur.is/>

Skipulagslýsingar og tillögur nr. 1 – 2 og 4 - 9 eru í kynningu frá 27. nóvember til 18. desember 2019, en tillögur nr. 3 og 10 - 16 eru í auglýsingu frá 27. nóvember til 10. janúar 2020. Athugasemdir og ábendingar við tillögum nr. 1 – 2 og 4 - 9 þurfa að berast skipulagsfulltrúa eigi síðar en 18. desember 2019, en fyrir tillögum nr. 3 og 10 – 16, eigi síðar en 10. janúar 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast skipulagsfulltrúa UTU og vera skriflegar.

Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi
runar@utu.is

RÁÐGJÖF
RÁÐNINGAR
RANNSÓKNIR

intellec

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellec.is

viðtalinu. Ertu mikið í fjallgöngum?

„Ég varð fimmtug í maí og setti mér það markmið að ganga á fimmtíu fjöll á einu ári. Ég er þegar búin að ganga á 37 fjöll með góðum vinum.“

Eftir að heim var komið tóku við ný og fjölbreytt verkefni hjá þeim hjónum, sum hver í gegnum fjárfestingarfélag þeirra. Auk þess að vera hluthafar í Fossum mörkuðum hafa þau fjárfest í fasteignum, tækni-fyrirtækinu Völku og nýsköpunarfyrirtækinu Kerecis. Í ljósi reynslu og áhuga Aðalheiðar á listsköpun beindust augu hennar að Ásmundarsal þegar færi gafst.

Af hverju keyptuð þið Ásmundarsal?

„Það hafði lengi verið draumur að skapa rými þar sem skapandi listir og hönnun gætu komið saman. Fljótlega eftir að við fluttum heim var Ásmundarsalur auglýstur til sölu og við hefðum ekki getað ímyndað okkur fallelgra hús. Í kjölfarið tók við mikil vinna við endurbætur sem tóku um eitt og hálf t. ári.“

Samhliða þeirri vinnu kom ég að því að gera upp höfuðstöðvar Fossa markaða, sem verið var að flytja í fallett hús við Fríkirkjuveg. Þetta var heimikið umstang á þessum tíma en skemmtileg samvinna með góðu fólki.

Það skipti okkur miklu máli að skapa hjarta í Ásmundarsal svo við tókum niður vegg til að útbúa setustofuna okkar í samvinnu við Reykjavík Roasters. Það var mér mikið hjartans mál að við byðum upp á góðan morgunmat og kaffið gerist ekki betra að mínu mati. Kaffihúsið sækir öll flóran af fólki, allt frá listamönnum til þeirra sem starfa í viðskiptalífnum. Þetta er litrík og skemmtileg blanda og orkan í húsinu alveg einstök.

Í Ásmundarsal sýnum við myndlist, högglist, dans, höfum staðið fyrir tónleikum og bókaútgáfu. Lagt var upp með að það yrði mikið líf í húsinu, hér yrði ekki sussa á fólk.

Við viljum vera eins konar hjarta í menningunni og að fólk geti sótt hingað innblástur og átt notalega stund.

Núna erum við með skemmtilega dagskrá planaða út næsta ár en skiljum samt alltaf eftir einhverja glugga fyrir hið óvænta sem gæti dottið inn hjá okkur. Við leggjum áherslu á að tengjast einnig þeim menningarlegu viðburðum sem eru að gerast hverju sinni eins og til dæmis Vetrarhátíð og Barnamenningarhátíð.“

Hissa þegar húsið var auglýst

Listamönnum leist nú ekki á blikuna fyrst þegar þið keyptuð Ásmundarsal. Hvernig horfði þið við þér?

„Ég var hjartanlega sammála listamönnum sem voru ósáttir við að húsið væri sett á sölu eftir að hafa þjónað listinni í áratugi. Ég var jafn hissa og allir aðrir þegar ég sá fasteignina auglýsta í blöðunum. Það voru engar kvaðir um að það þyrfti að vera listastarfsemi í húsinu. Það hefði allt eins mátt vera með skrifstofu hérna. Hús á borð við Ásmundarsal þarf að vera aðgengilegt fyrir sem flesta.“

Ég er alveg ótrúlega þakklát hvað fólk hefur tekið nýjum Ásmundarsal vel og stutt okkur með því að mæta á sýningar og viðburði.

Samfélagið sem hefur skapast í Ásmundarsal er fyrst og fremst að þakka fólkinu sem hingað sækir. Í dag erum við hluti af nærumhverfi okkar þar sem skólarnir og leikskólarnir sækja okkur heim, sem okkur finnst mjög mikilvægur hluti af starfsemiinni.“

Hvað leggið þið áherslu á í sýningum Ásmundarsals?

„Áherslan er á lifandi list. Í gryfjunni geta listamenn unnið að listsköpun og gestum og gangandi er búið að heimsækja vinnustofuna og kynnast listamönnum og jafnvel spreyta sig. Um þessar mundir er þar unnið að tilraunum á postulinsgerð úr efni sem fengið er úr íslenskum jarðvegi.“

Það glæðir listaverkið sem hangir uppi á vegg hjá manni meira lífi ef maður kynnist þeim sem skapaði verkið og fær jafnvel að gægjast inn



Ég varð fimmtug í maí og setti mér það markmið að ganga á fimmtíu fjöll á einu ári. Ég er þegar búin að ganga á 37 fjöll með góðum vinum.

í hugarheim listamannsins. Því höfum við gert mikið af því að vera með listamannspjall á þeim sýningum sem við höfum haldið.

Matthías Rúnar Sigurðsson myndhöggvari hefur verið í garðinum í vetur að höggva nokkrar mismunandi kynjaverur og gestir í húsinu hafa tekið hann tali. Það er ótrúlega skemmtilegt að sjá verurnar brjótast út úr grjótinu hjá Matta,“ segir hún.

Aðalheiður segir að jólasýning Ásmundarsalar byggði á gamalli hefð frá Ásmundi sjálfum. „Upp úr 1950 voru Ásmundur og félagar hans, má þar nefna listmálarana Jóhannes Kjarval og Kristján Davíðsson, með jólabasar og seldu list sína. Mikið væri nú gaman að eiga tímavél og kaupa verk beint af þeim!“

Við vildum endurvekja þennan skemmtilega viðburð. Nema hvað á tímum gömlu meistaranna voru tólf listamenn að selja list en við erum með verk eftir hátt í 160 listamenn sem spanna alla flóruna, allt frá nýtskrifuðum listamönnum til okkar allra þekktustu. Við fengum til liðs við okkur tvo frábæra listamenn, þá Sigurð Atla og Leif Ými, sem sýningarstjóra. Utanumhald um sýningu sem þessa er óheyrilegt og höfst undirbúningur fyrir þessa sýningu um leið og við tókum niður jólasýninguna í fyrra.

Það sem er skemmtilegt er að hér er vettvangur fyrir fólk til að koma og kynna sér list. Í fyrra komu ýmsir sem voru að kaupa sín fyrstu listaverk á heimilið á viðráðanlegu verði. Sumir kaupendurnir komu oft og hugsuðu sig vel um. Við pökkum svo verkunum inn í sérprentaðan jólapappír á staðnum svo allir kaupendur geta gengið út með sitt verk undir hendinni.

Það sem er skemmtilegt er að hér er vettvangur fyrir fólk til að koma og kynna sér list. Í fyrra komu ýmsir sem voru að kaupa sín fyrstu listaverk á heimilið á viðráðanlegu verði. Sumir kaupendurnir komu oft og hugsuðu sig vel um. Við pökkum svo verkunum inn í sérprentaðan jólapappír á staðnum svo allir kaupendur geta gengið út með sitt verk undir hendinni.

Á sýningunni er fjöldi ungra listamanna og hver veit nema einhverjir eigi að eftir að ná langt á listabrautinni og verkið verði mikils virði þegar fram liða stundir?

Sýningarskráin verður viðfeðm með upplýsingum og myndum um hvern listamann og verður þegar fram liða stundir samtímaheimild um hvað var að gerast á Íslandi í list árið 2019.“

Stendur rekstur Ásmundarsalar undir sér eða niðurgreiðið þið hann að miklu leyti?

„Öllum tekjum sem koma inn af útleigu á rýminu eða sölu listaverka er varið hér innanhúss í þágu listarinnar. Því meiri tekna sem við öflum, því öflugra getur starfið orðið. Þeir sem velja að halda viðburði hjá okkur eru því að styðja við bakið á listinni. Að sjálfsögðu þarf starfsemi sem þessi auka framlag sem gleður okkur að geta stutt við.“

Keypt töluvert af listaverkum

Hafið þið hjónin fjárfest mikið í list?

„Við höfum verið nokkuð ötul við það á síðustu árum, sérstaklega eftir að við fluttum heim og kynntumst betur listasenum hér á landi. Við höfum einkum fjárfest í íslenskri list enda standa íslenskir listamenn okkur næst.“

Að hverju leitardu við kaup á list?

„Ég leita alltaf eftir hinu óvænta í listinni. Mér þykir til dæmis mjög vænt um verkið Hairy Moon eftir skólasystrum mína Hrafnhildi Árna-dóttur „Shoplifter“ sem er lóðid tungl sem hangir úr loftinu hjá mér og fær mig til að brosa.“

Hvað er það óvæntasta í safninu sem gaman væri að segja frá?

„Ein af fyrstu sýningunum sem haldnar voru í Ásmundarsal var þannig að listamenn fengu einn Ikea-koll í hendur og áttu að skapa



Matthías Rúnar Sigurðsson myndhöggvari skapaði köttinn í garði Ásmundarsalar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Málari vinnur að því að taka niður sýningu svo hægt verði að setja upp jólasýningu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ásmundur hrærði steypuna í húsinu sjálfur

Ásmundur Sveinsson myndhöggvari reisti sér og eiginkonu sinni, Gunnfríði Matthildi Jónsdóttur myndhöggvara, hús sem ber nú nafnið Ásmundarsalur. Þau fluttu inn árið 1933. Hann bjó í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og París í tíu ár og sneri heim árið 1929.

„Ásmundur byggði húsið með berum höndum, hrærði steypuna sjálfur og allt hvaðeina.“

Hann hannaði húsið ásamt vini sínum Sigurði Guðmundssyni arkitekt sem hannaði meðal annars Austurbæjarskóla. En það

var einmitt verðlaunafé sem Ásmundur fékk fyrir samkeppni um gerð lágmynda utan á Austurbæjarskóla sem gerði honum kleift að hefjast handa við byggingu hússins.

Ásmundur var með vinnustofu með tvöfaldrí lofthæð þar sem nú er kaffihús en Gunnfríður hafði vinnuáðstöðu í Gryfjunni. Þau bjuggu svo á efstu hæðinni en voru einnig með marga meðleigjendur til að drýgja tekjurnar.

Nokkrum árum síðar gengu þau í gegnum erfiðan skilnað og skiptu húsinu í tvennt. Gunnfríð-

ur bjó það sem eftir var ævinnar í bakhluta hússins en Ásmundur hélt áfram að vera með stúdíó á sama stað allt þar til hann flutti í Sigtún sem hann hóf að reisa árið 1942.

Í kjölfarið hóf Listvinafélagið að halda sýningar í Ásmundarsal, því næst var hér Myndlistaskólinn í Reykjavík, þá var Arkitektafélag Íslands hér í 20 ár og Listasafn ASÍ í önnur 20 ár áður en við hjónin keyptum húsið.

Það hefur mikið af straumum og stefnum í íslenskrí list fæðst í þessu húsi,“ segir Aðalheiður.

listaverk úr honum. Á meðal listamanna var Gabriela Friðriksdóttir sem tók kollinn í sundur og skapaði úr honum litríka lágmynd.“

Finnst þér að fleiri sem hafa það nokkuð gott ættu að láta eitthvað af hendi rakna til listasenum?

„Það eru margir atorkusamir listaverkasafnarar á Íslandi. Hér á landi hefur hins vegar ekki verið til almennur farvegur til að styðja við list. Erlendis þekktist það að hægt er að gerast stuðningsaðili safns og stuðningnum fylgja ýmis fríðindi. Það þarf að skapa vettvang hér á landi þar sem fólk fær innsýn í þennan heim og getur stutt við list og fengið tækifæri til að taka meiri þátt í listalífnum.“

Í stjórn Hörpunnar

Hvernig kom það til að þú settist í stjórn Hörpunnar?

„Það var kallað í mig fyrir um einu

og hálfu ári. Það er áhugavert að sitja í stjórn Hörpunnar og gaman að koma að rekstri tveggja húsa sem helguð eru listinni. Okkar litli salur og svo Harpan á mun stærri skala en í grunninn eru verkefnið ef til vill ekki ósvipuð.“

Við höfum lagt mikla og skemmtilega vinnu í nýja stefnumótun fyrir Hörpuna, það eru því spennandi tímar fram undan. Harpan er á heimsmaelikvarða sem og fólkið okkar sem þar kemur fram. Til að mynda voru tónskáldin Hildur Guðnadóttir og Anna Þorvaldsdóttir tilnefnd til Grammy-verðlauna á dögunum. Hildur fyrir tónlistina í þáttaröðinni Chernobyl og Anna í flokki bestu upptaka í klassískri tónlist fyrir plötuna Aequa,“ segir Aðalheiður.

Hún segir fjármögnun Hörpunnar þó enn mikla áskorun ef halda eigi uppi þeim heimsmaelikvarða sem

Hörpunni sæmir. „Það á enn eftir að nást betri niðurstaða í það hvert framlag ríkis og borgar eigi að vera. Það er mjög brýnt verkefni. Harpan er húsið okkar allra sem við getum öll verið mjög stolt af.“

Þú komst að hjóla- og jógaútdiönu Sólum á tímabili. Geturðu sagt aðeins frá því?

„Ég byrjaði í jóga fyrir meira en tuttugu árum þegar það þótti enn frekar skrítið. Alla tíð síðan hefur jóga verið stór hluti af lífi mínu.“

Við heimkomuna til Íslands ákváð ég að fjárfesta í Sólum og leggja þeim lið. En þegar verkefnið í Ásmundarsal og Fossum fóru vaxandi þá ákváð ég að það væri betra að einbeita mér að því að vera sjálf í jóga frekar en að vera að reka jógaútdið.

Ég ákváð því að stiga út úr rekstrinum og leysa frekar vel af hendi þau verkefni sem ég hafði meiri ástríðu fyrir.“

Flug milli Kína og Keflavíkur hefst í vor

Fyrsta flug kínverska flugfélagsins Juneyao Air frá Sjanghæ til Íslands með viðkomu í Helsinki verður 31. mars næstkomandi. Flogið verður hingað tvisvar í viku út árið. Félagið áætlað 20 þúsund farþega á næsta ári. Miðaverð báðar leiðir er frá 68 þúsund krónum.

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is



Kínverska flugfélagið Juneyao Air mun í lok mars hefja flug milli Keflavíkur og Sjanghæ, með viðkomu í Helsinki. Þetta staðfestir Xu Xiang, forstöðumaður félagsins á Norðurlöndum. Flogið verður tvisvar í viku allt árið en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að um 20 þúsund farþegar verði fluttir til landsins á næsta ári.

Xu segir að Juneyao Air hafi verið að byggja upp sterkar tengingar við Evrópu. Félagið vinni nú þegar náð með Finnair en vilji sé til þess að auka umsvifin á Norðurlöndum. Þá hafi félagið fundið fyrir miklum áhuga kínverskra ferðalanga á Íslandi. Þess vegna séu mikil tækifæri fólgin í flugi til Íslands.

„Í dag eru að koma til Íslands um 100 þúsund kínverskir farþegar. Við áætluðum að um 20 þúsund farþegar á okkar vegum komi til landsins á næsta ári. Við viljum verða fyrstir til að bjóða upp á beint flug milli landanna. Eftir það gerum við ráð fyrir 10 prósentu árlegri aukningu,“ segir Xu.

Aðspurður segir Xu að Juneyao sé ekki laggjaldaflugfélag. „Við bjóðum fulla þjónustu og erum fjögurra stjórnun flugfélaga. Í leiðakerfi okkar eru um 160 flugleiðir sem tengja stærstu borgir Kína við nágrennaríkin. Á síðasta ári fluttum við yfir 18 milljónir farþega,“ segir Xu.

Félagið, sem var stofnað 2006, rekur nú um 72 vélar en flotinn samanstendur af Airbus A320 og Boeing 787 Dreamliner vélum.

Xeng Dewei, sem mun stýra starfsemi Juneyao Air á Íslandi, segist vona að Íslendingar verði meðal viðskiptavina og heimsæki Kína á næsta ári. „Það er okkur mikilvægt. Flugið frá Íslandi til Kína er langt og við erum flugfélag sem býður fulla þjónustu.“

Flogið verður með Boeing 787 Dreamliner vélum en í boði verða sæti í almennu farrými og viðskiptafarrými. Verð á flugi fram og til baka á almennu farrými verður frá 500 evrum, sem jafngildir um 68 þúsund krónum. Sæti í viðskiptafarrými munu kosta frá 1.500 evrum, eða um 204 þúsund krónum.

Fréttablaðið greindi fyrst frá áformum kínverska félagsins í október. Félagið er nú í miklum vexti á Evrópumarkaði en tilkynnt hefur verið um flug milli Sjanghæ og Manchester sem verður þrisvar í



Xu Xiang, forstöðumaður Juneyao Air í Finnlandi.



Xeng Dewei, forstöðumaður Juneyao Air á Íslandi.

viku og hefst á sama tíma og flugið til Keflavíkur. Þá mun skömmu síðar hefjast beint flug milli Sjanghæ og Aþenu.

Juneyao Air rekur einnig laggjaldaflugfélagið 9 Air sem flýgur frá alþjóðaflugvellingum í Guangzhou. Aðspurður segist Xu ekki hafa áhyggjur af þessum mikla vexti félagsins og hvort hann sé sjálfbær. Félagið sé með sterkar fjárhagslegar rætur í Sjanghæ.

Móðurfélag Juneyao Air er JuneYao Co Ltd. sem var stofnað árið 1991. Það er sagt vera eitt af hundruð stærstu einkafyrirtækjum Kína. Starfsemi nær til ólíkra sviða en auk flugreksturs sinnir félagið meðal annars fjármálaþjónustu, fræðslu-

þjónustu og vísindarannsóknunum. Starfsmenn eru meira en 18 þúsund talsins. Um síðustu helgi var tilkynnt að Juneyao væri orðið þriðji stærsti eigandi China Eastern Airlines, með um tíu prósentu hlut. Móðurfélag þess er að meirihluta í eigu kínverska ríkisins en afgangurinn er skráður í alþjóðlegum kauphöllum.

Xeng Dewei var spurður nánar út í áætlanir flugfélagsins fyrir Ísland og hvort það sjái Keflavík fyrir sér sem tengistöð til dæmis við austurströnd Bandaríkjanna. „Keflavík er áhuga-verð stöð fyrir tengiflug. Við eigum eftir að þróa þessar tengingar en áhugi okkar er til staðar,“ segir hann.

En hafið þið leitað eftir samvinnu við íslensk félög?

„Við munum deila flugnúmerum með Finnair til Sjanghæ. Finnair er einnig með sama fyrirkomulag með Icelandair. Við eigum í viðræðum við Icelandair um mögulega svipaða samvinnu. En það er þó ekki vist að af því verði,“ segir Xu Xiang.

En hvað með önnur íslensk félög?

„Við sjá mikinn framtíðarvöxt í ferðaþjónustu á Íslandi. Við erum rétt byrjaðir að safna upplýsingum um íslenska ferðaþjónustuaðila og hyggjumst eiga viðræður við þá á næstu vikum og mánuðum. Hafi íslensk félög áhuga á samstarfi þá ættu þau að hafa samband,“ segir hann.

Upplýsingar á kínversku

En hvernig geta Íslendingar undirbúið komu fleiri kínverskra ferðamanna og boðið fleiri Kínverja velkomna hér?

„Það er til að mynda hægt að bjóða upp á meiri upplýsingar á kínversku, svo sem með kínversku ritmáli á Keflavíkurflugvelli og hugsanlega á fleiri stöðum,“ segir Xeng Dewei. Hann nefnir til að mynda upplýsingar í sundlaugum eða matseöla á veitingastöðum.

Hann segir að Finnair hafi undirbúið þetta nokkuð vel. Meira sé af upplýsingum á kínversku í Helsinki, til að mynda á flugvellingum.

Xu Xiang vill lítið gefa út á mögulega samkeppni við önnur kínversk flugfélög og segist lítið kannast við slík áform.

Munuð þið opna skrifstofu hér í Reykjavík?

„Já, við stefnum á að opna skrifstofu hér í ársbyrjun, ráða starfsmenn og Xeng Dewei mun leiða það starf.“

Öll tilskilin leyfi í húsi

Loftferðasamningar milli ríkja kveða á um að flugfélög njóti tilnefningar frá viðkomandi stjórnvaldi. Juneyao Air hefur loks fengið slíka tilnefningu frá kínverskum stjórnvöldum og því er ekkert að

vanbúnaði. Xu Xiang staðfestir að félagið hafi lokið samningum við Isavia á Keflavíkurflugvelli sem og samningum við samgöngustofu.

Þótt flug Juneyao frá Sjanghæ sé með viðkomu í Helsinki telst það utan Schengen-svæðisins við komuna til Keflavíkur.

Áhugi fleiri flugfélaga

Fréttablaðið greindi frá því 25. október síðastliðinn að fjögur kínversk flugfélög væru að ihuga flug til Íslands á næsta ári. Auk Juneyao skóða Air China og Beijing Capital Airlines flug til Íslands. Ríkisflugfélagið Air China er langstærsta flugfélag Kína og eitt stærsta flugfélag heims. Beijing Capital er minna flugfélag en í eigu flugrisans Hainan Airlines. Meiri líkur eru talda á flugi Air China. Það flug yrði þá frá höfuðborginni Peking til Íslands um Kaupmannahöfn.

Fjórða flugfélagið sem hefur skoðað flug til Íslands er Tinajin Airlines og hefur það þegar sótt um þrjá afgreiðslutíma í viku hverri á Keflavíkurflugvelli. Þar var gert ráð fyrir flugi frá Wuhan til Helsinki og þaðan til Íslands. Þeim áformum hefur nú verið seinkað. Ef af verður er líklegt að félagið fljúgi frá Wuhanborg til Keflavíkur í gegnum Brussel í Belgíu.

Kvika banki eflir varnir gegn peningabætti

Kvika banki fest kaup á hugbúnaðarlausn íslenska fjárfélagar Lucinity í því skyni að styrkja varnir bankans gegn peningabætti og auka skilvirkni. Lausnin er nýstárlegt varnarkerfi sem byggir á hjálpargeind og tryggir skilvirkari afgreiðslu peningabættismála ásamt því að lágmarka villuhættu. Hjálpargeindin gerir það einnig að verkum að kerfið lærir stöðugt og styrkist enn frekar með tímanum.

„Við stöndum í þeirri trú að lausn Lucinity muni styrkja varnir Kviku gegn peningabætti umtalsvert og leika lykilhutverk í áhættumíðu eftirliti í samræmi við nýjar lagakröfur. Um leið mun sjálfvirkni lausnarinnar auka skilvirkni mikili, án þess að slaka á kröfum,“ segir Daniel Palmason, regluvörður Kviku banka.

Við litum á kaup Kviku á lausn okkar sem skýr merki þess að bankinn ætli sér að vera í fararbroddi varna gegn peningabætti.

Guðmundur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Lucinity



Guðmundur Kristjánsson stofnaði Lucinity á síðasta ári eftir að hafa unnið sem yfirmaður samskiptaefirlits og gervigreindar hjá fjármálarísanum Citigroup. Í sumar var greint frá því að Lucinity hefði safnað sprotafjármagni fyrir tvær milljónir dollara. – pff

Tekjur Kerecis verði um þrjár milljarðar

Stjórnendur íslenska nýsköpunarfyrirtækisins Kerecis áætla að tekjur félagsins á þessu fjárhagsári, sem hófst 1. október síðastliðinn, verði samtals um 24 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um þrjú milljarða íslenskra króna, og þrífaldist þannig frá fyrra ári.

Þetta kom fram á aðalfundi Kerecis sem fór fram í gærmorgun, samkvæmt heimildum Markaðarins, en reksturinn á fyrstu tveimur mánuðum fjárhagsársins er í samræmi við áætlanir félagsins. Gert er ráð fyrir að aukin velta Kerecis muni fyrst og fremst koma til vegna vaxtar á Bandaríkjamarkaði.

Kerecis, sem er með höfuðstöðvar sínar á Ísafirði, framleiðir afurðir sem byggðar eru á affrumuðu þorskroði sem inniheldur fjölmættaðar fitusýrur. Afurðirnar hafa jákvæð áhrif á frumuvöxt og eru seldar til meðhöndlunar á þrálátum sárum og brunasárum.

Stjórnendur gera ráð fyrir að salan

200

sölumenn verða starfandi fyrir Kerecis í Bandaríkjunum árið 2022, samkvæmt áætlunum.

á Bandaríkjamarkaði, sem hafi gengið vel að undanförunni og skilningur félagsins og föttesta á þeim markaði styrkst ört, muni halda áfram að aukast verulega. Þannig kom fram í máli Guðmundar Fertrams Sigurjónssonar, framkvæmdastjóra Kerecis, á fundinum að fyrirtækið búist við því að vera komið með yfir 200 sölumenn í Bandaríkjunum 2022.

Þá er gert ráð fyrir því í langtímaáætlunum félagsins að heildarvelta Kerecis verði komin yfir 200 milljónir dala eftir fimm ár, að því er fram

kom á aðalfundinum.

Kerecis lauk fyrr á þessu ári fjármögnun fyrir sextán milljónir Bandaríkjadala. Félagið seldi þá nýtt hlutafé til núverandi hluthafa og nýrra fyrir um 1.250 milljónir og auk þess var kröfum skuldbreytt í hlutafé að upphæð um 750 milljónir.

Á meðal þeirra sem bættust þá við hluthafahóp Kerecis voru samtökin Emerson Collective, sem voru stofnuð af Laurene Powell Jobs, ekkju Steve Jobs, stofnanda Apple, en þau breyttu kröfum sínum í hlutafé fyrir 390 milljónir og settu jafnframt inn nýtt fjármagn í félagið. Er Emerson Collective nú á meðal stærstu hluthafa Kerecis. Miðað við almenna gengið í hlutafjárhækkuninni, um 2.000 krónur á hlut, gæti virði Kerecis verið allt að 12,4 milljarðar.

Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, var kjörinn í stjórn Kerecis í ágúst. Var Ólafur tilnefndur í stjórn af Laurene Powell Jobs. – hae

Smitaðist snemma af stangveiðibakteríu

Svipmynd

Edda Rut Björnsdóttir

Nám:

Stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja og kláraði svo B.Sc. í viðskiptafræði með áherslu á tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Störf:

Markaðs- og samskiptastjóri Eimskips frá því í mars 2019. Starfaði áður hjá Íslandsbanka í 12½ ár í ýmsum stöðum en alltaf með markaðsmálin sem hluta af minni starfi. Síðast starfaði ég sem forstöðumaður viðskiptastjórnunar og sölu á Fyrirtækja- og fjárfestastíði. Þar á undan var ég í upplýsingatæknimálum í átta ár.

Fjölskylduhagir:

Gift Tryggva Björnssyni framkvæmdastjóra og við eignum dæturnar Sóleyju Birtu 15 ára, Kötlu 14 ára, Ásu Kristínu 10 ára og Karen Lilju 6 ára.

Edda Rut Björnsdóttir tók við sem markaðs- og samskiptastjóri Eimskips í vor eftir að hafa starfað í meira en tólf ár við markaðsmál hjá Íslandsbanka. Edda segir að flutningageirinn sé á tímamótum í rafrænni vegferð og eigi þar töluvert inni. Eimskip hafi til að mynda verið að vinna að verkefnum tengdum rafrænum reikningum og rafvæðingu ferla sem skilar sér í minna kolefnisspori og umhverfissvænni vinnustað en lækkar um leið kostnað.

Hver eru þin helstu áhugamál?

Ég smitaðist snemma af stangveiðibakteríunni og veit fát skemmtilegra en að veiða og svo hafa skíðin verið að koma sterk inn síðustu ár. Ræktin er það áhugamál sem ég gef mér mestan tíma í þessa dagana og ég reyni að fara þrisvar í viku. Skemmtilegast er þó að vera með dætrum, fjölskyldu og vinum, elda góðan mat og spjalla.

Hvernig er morgunrúttin þín?

Yfirleitt er það sturta upp úr klukkan 7 og svo hjálpa ég yngstu dótturinni að koma sér af stað í skólann en þær eldri eru duglegar að bjarga sér sjálfar. Morgunmatinn borða ég svo oftast þegar ég er komin í vinnuna á meðan ég rúlla yfir tölvupóstinn.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Ég er mikill lestrarhestur og á það til að lesa fjórar, fimm bækur í jóla- og sumarfríum. Það mætti nú eflaust nefna margar bækur en sú bók sem kemur fyrst upp í hugann er Næturgalinn eftir Kristín Hannah. Sagan gerist í Frakklandi í seinni heimsstyrjöldinni og segir sögu hugrakra systra á ótrúlega áhrifamikinn hátt. Mæli með henni.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni undanfarin misseri og hver eru helstu verkefni framundan?

Ég held að það sé óhætt að segja að mest krefjandi en um leið skemmtilegast hafi verið að setja mig inn í nýtt starf og alveg nýjan geira eftir langan tíma í Íslandsbanka og að kynnast starfseminni hjá Eimskip á Íslandi og á alþjóðavísu. Vinkonur mínar grínast oft með það að ég hafi farið úr hælunum í stáltána, ég hef þó ekki alveg sagt skilið við hælana.



Edda á það til að lesa 4-5 bækur í jóla- og sumarfríum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vinkonur mínar grínast oft með það að ég hafi farið úr hælunum í stáltána, ég hef þó ekki alveg sagt skilið við hælana.

Sviðið sem ég leiði er ansi fjölbreytt en við berum meðal annars ábyrgð á markaðsmálum, samskiptamálum, fjárfestatengslum og þjónustustefnu fyrir félagið. Það eru mörg spennandi verkefni í vinnslu hjá okkur. Til dæmis erum við að vinna að nýrri markaðs- og þjónustustefnu

og nýjum vef þar sem áhersla er lögð á að auka þjónustu og einfalda málin fyrir viðskiptavinum. Hjá Eimskip vinnur frábært fólk sem hefur kennt mér ótrúlega mikið um starfsemina á stuttum tíma og ég hlakka til að kynnast enn fleiri starfsmönnum og viðskiptavinum á komandi vikum og mánuðum.

Er rekstrarumhverfið í greininni að breytast og ef svo er, hvaða tækifæri felast í breytingunum?

Það mætti segja að flutningageirinn sé á tímamótum í rafrænni vegferð og eigi þar töluvert inni. Við hjá Eimskip höfum til dæmis verið að vinna að verkefnum tengdum raf-

raenum reikningum og rafvæðingu ferla sem skilar sér í minna kolefnisspori og umhverfissvænni vinnustað en lækkar um leið kostnað sem er mikilvægt í því samkeppnisumhverfi sem við búum í. Einnig erum við að nýta róbóta við að leysa ýmis verkefni hjá okkur og sjáum enn fleiri tækifæri í því. Við leggjum mikla áherslu á umhverfismálin í okkar starfsemi en Eimskip var eitt af fyrstu íslensku fyrirtækjunum til að móta umhverfisstefnu árið 1991 og ég held að við munum sjá stöðuga þróun í átt að umhverfissvænni starfsemi á næstu árum. Nú eru til dæmis allir gámakranarnir okkar við Sundahöfn rafvæddir og skilja því ekki eftir sig kolefnisspor í rekstri og nýju skipin okkar eru einnig umhverfissvænni en þau sem fyrir eru.

Hvers hlakkarðu mest til þessa dagana?

Ég er töluvert jólabarn og hlakka til að upplifa adventuna í Eimskip í fyrsta sinn. Til dæmis er mér sagt að það sé mikil stemning þegar dagatal Eimskips fer í dreifingu en þá kemur mikið af fólki í heimsókn til okkar til að sækja sér eintak svo ég mun eflaust standa eitthvað vaktina og taka á móti fólki. Svo hlakka ég mikið til að skreyta og baka með fjölskyldunni, fara á jólatónleika og eiga góðar stundir með vinum og fjölskyldu.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ég verð vonandi hraust og hamingjusöm að sinna fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum með góðu fólki. Sökum hækkanandi aldurs barna og buru er aldrei að vita nema við hjónin verðum komin á kaf í gólflið og komin með finustu forgjöf.

Aldrei fleiri Íslendingar verslað á netinu



Trausti Ágústsson, viðskiptastjóri í markaðsrannsóknunum hjá Gallup á Íslandi

Aldrei hafa fleiri Íslendingar verslað á netinu en í ár, en samkvæmt neyslukönnun Gallup 2019 versluðu 76,8% Íslendinga á netinu síðustu 12 mánuði. Yngra fólk er líklegri til að versla á netinu en þau sem eldri eru og er hlutfallið hæst í aldurshópnum 25-34 ára, þar sem 95% höfðu verslað á netinu. Árið 2007 höfðu 66,8% landsmanna verslað á netinu síðastliðið ár og fór hlutfallið lækkandi fyrstu árin eftir hrún, en hefur síðan þá vaxið jafnt og þétt.

Hvað kaupa Íslendingar á netinu?

Í Neyslukönnun Gallup er að finna ýmsar vísbendingar um hvers konar vörur fólk kaupir í netverslunum og hvernig mismunandi vöruflokkar eru að þróast. Ljóst er að netverslunarhegðun er oft mjög mismunandi eftir aldri, kyni og fjölskylduastæðum. Heilt á litið hefur orðið vöxtur í öllum vöruflokkum sem mældir hafa verið síðustu ár. Árið 2007 höfðu 15,1% Íslendinga keypt fót á netinu síðastliðu 12 mánuði, en í ár er hlutfallið komið upp í 47,7%. Það kemur líklega ekki á óvart að barnafólk er líklegri til að kaupa fót á netinu en barnlausir. Einnig eru konur og fólk undir 45 ára líklegri til að kaupa fatnað á netinu en karlar og eldri hópar. Karlmenntu eru aftur á móti í miklum meirihluta þegar kemur að því að kaupa raftæki og tölvuvörur á

netinu, en tæplega helmingur þeirra hafði keypt slíkar vörur á netinu síðastliðu 12 mánuði. Á sama tíma hafði einungis tæplega fjórðungur kvenna gert slíkt hið sama.


Þeir vöruflokkar sem eru hvað sterkastir í netverslun hérlandis eru gisting og miðar á viðburði, en 61,5% landsmanna sögðust hafa keypt miða á viðburði í netverslun síðastliðu ári og 56,8% höfðu keypt gistingu. Litill munur er á milli kynja í þessum flokkum, en íbúar Reykjavíkur eru líklegastir til að kaupa gistingu og miða á viðburði á netinu.

Áhugavert er að skoða þróun á kaupum á matvöru í netverslunum, en frá 2007 og fram til 2016 varð litill þróun í þessum vöruflokki. Hlutfall þeirra sem sögðust hafa keypt matvöru á netinu síðastliðu 12 mánuði hélst á bilinu 3-7% á þessum árum. Frá árinu 2017 hefur hins vegar orðið töluverður vöxtur og í ár sögðust 17,7% hafa keypt matvöru á netinu síðastliðið ár. Á sama tíma hefur framboð á matvöru í netverslunum hérlandis aukist mikið og fyrirtæki eins og Eldum rétt, Nettó, Boxið og Heimkaup byrjað að selja matvöru á netinu. Litill munur er hér á konum og körlum, en 17% karla sögðust hafa keypt matvöru síðasta árið á móti 18,4% kvenna. Þetta er nokkuð athyglisvert í ljósi þess að þegar landsmenn eru spurðir að hve miklu leyti þeir sjá um matarinnkaup til heimilisins almennt segist 69,1% kvenna sjá um þau að mestu eða öllu leyti, en einungis 38,3% karla.

Innlend og erlend netverslun

Töluverður meirihluti Íslendinga, eða 60,2%, segist versla oftast í erlendum vefverslunum en íslenskum. 22% segjast versla oftast í íslenskum vefverslunum og 17,8% segjast versla jafnoft í erlendum og innlendum vefverslunum. Konur eru líklegri en karlar til að versla í íslenskum vefverslunum og einnig

Hefur þú keypt vörur eða þjónustu á netinu á síðastliðnum 12 mánuðum? (já)



eykst verslun í íslenskum vefverslunum með hækkanandi aldri.

En hvað skyldi það vera sem skiptir landsmenn mestu máli þegar þeir versla á netinu? Samkvæmt nýrri könnun Gallup er það lágt verð, traust til vefverslunarinnar og að vefurinn sé þægilegur sem skiptir allra mestu máli.

Þegar viðskipti við einstakar innlendir og erlendir netverslanir eru skoðuð kemur ýmislegt í ljós. Árið 2007 sagðist 32,1% Íslendinga hafa keypt vörur í gegnum netverslunarrisann Amazon síðastliðu 12 mánuði. Við efnahagshrunið 2008 drögust kaup frá Amazon verulega saman og náðu lágmarki árið 2009, þegar einungis 15% landsmanna sögðust hafa keypt vörur þáðan. Síðustu ár hefur þeim fjölgað aftur jafnt og þétt sem versla frá Amazon og mælást nú í fyrsta sinn fleiri en árið 2007, eða 35,4% landsmanna. Hlutfallið er hæst í aldurshópnum 25-34 ára, þar sem tæplega helmingur hafði keypt vörur gegnum Amazon síðastliðið ár.

AliExpress hefur átt töluverðum vinsældum að fagna á Íslandi, ekki síst eftir að fríverslunarsamningur milli Kína og Íslands tók gildi árið 2014. Þeim sem sögðust hafa keypt vörur þáðan fór fjölgandi til ársins

Árið 2017 var netverslun Íslendinga 2,9% af heildarsmáslu- verslun á Íslandi, meðan hún var um eða yfir 10% í nágrannalöndunum.

2017, þegar 31,5% landsmanna sögðust hafa keypt af AliExpress síðastliðið ár. Hlutfallið stóð nokkurn veginn í stað árið 2018, en í ár mældist í fyrsta skipti lækkun og sögðust 29,2% þá hafa keypt vörur síðustu 12 mánuðina. Aldurshópurinn 35-44 ára er stærsti viðskiptavinahópurinn og karlar eru líklegri til að kaupa vörur af AliExpress en konur.

Ein af fjölmörgum íslenskum netverslunum er Heimkaup.is, sem var opnuð árið 2013. Í neyslukönnun 2014 sögðust 10,4% landsmanna hafa keypt vörur gegnum Heimkaup síðastliðið ár, en í ár var þetta hlutfall komið upp í 28,1% og gefur ákveðna vísbendingu um að íslensk netverslun sé ekki síður að vaxa en erlend. Konur eru töluvert líklegri til að kaupa af Heimkaupum en karlar, en 35,3% kvenna sögðust hafa keypt vörur frá Heimkaupum síðasta ár, á móti 21,1% karla. Líkt og á AliEx-

press er fólk á aldrinum 35-44 ára líklegast til að kaupa vörur af Heimkaupum.

Fataverslunin Asos sker sig nokkuð úr í neyslukönnun Gallup. Verslunin var fyrst mæld árið 2018 og sögðust þá 13,6% landsmanna hafa keypt vörur gegnum verslunina síðastliðið ár. Í ár hafði þetta hlutfall hækkað upp í 15,5%. Konur eru mun líklegri til að kaupa af Asos en karlar, en 21% kvenna hafði verslað á Asos á móti 10,3% karla. Það er áhugavert að sjá hversu vel Asos virðist ná til ungs fólks, en í aldurshópnum 18-24 ára sögðust 40,9% hafa keypt vörur af Asos síðasta árið og er engin önnur netverslun í neyslukönnun Gallup sem mælíst sterkust í þessum aldurshópi.

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Þrátt fyrir vöxt síðustu ára eru þó vísbendingar um að netverslun eigi nokk inni á Íslandi. Árið 2017 var netverslun Íslendinga 2,9% af heildarsmásluverslun á Íslandi, meðan að hún var um eða yfir 10% í nágrannalöndunum.

Þjónustustig vefverslana er sífellt að aukast og bjóða þær upp á ýmis þægindi fyrir kaupandann, svo sem heimsendingu á þeim tíma sem hentar viðskiptavininum og í sumum tilfellum er jafnvel hægt að fylgjast með hvar pöntunin er stödd á leiðinni. Upplýsingar í netverslunum eru sömuleiðis sífellt að verða ítarlegri og færa kaupandann stöðugt nær þeirri upplifun að hann sé að skoða vöruna á staðnum.

Mikil gróska er í netverslunum hérlandis, en í vöruleit Já.is, þar sem hægt er að leita í vörurvali íslenskra netverslana og gera verðsamanburð, eru nú um 500 íslenskar vefverslanir með 600.000 vörur og bætist stöðugt við. Það er því margt spennandi í gangi og verður gaman að fylgjast áfram með þróun vefverslunar hérlandis á komandi árum.

Skotsilfur



Stefán stýrir stjórn VBM

Stefán Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Sýnar, kom nýverið nýr inn í stjórn Verðbréfamíðstöðvar Íslands og tók við stjórnarformennsku af Sigbrúði Ármann, framkvæmdastjóra Exedra. Hún situr áfram í stjórn félagsins. Ómar Örn Tryggvason, forstöðumaður hjá Summu rekstrarfélagi, tók jafnframt sæti í þriggja manna stjórn Verðbréfamíðstöðvarinnar. Framtakssjóðurinn Innviðir fjárfestingar á meirihluta í Verðbréfamíðstöðinni. Rekstrarfélagið Summa og Ursus, fjárfestingafélag Heiðar Guðjónssonar, annast rekstur sjóðsins en þeir Heiðar og Stefán hafa unnið náið saman. Heiðar var stjórnarformaður Vodafone, síðar Sýnar, þegar Stefán var forstjóri fyrirtækisins.



Séra RÚV

Stjórn RÚV segist hafa beðið með að stofna dótturfélög, eins og lög kveða skýrt á um, vegna óvissu um fjárhagslegar afleiðingar fyrir grunnþjónustu ríkisfyrirtækisins. Stjórnin, sem leidd er af **Kára Jónassyni**, leyfir sér að kalla það fjárhagslegt tjón að fara eftir lögum og vikur sér því fimlega undan þeim. Það er eins og síðapostular landsins hafi misst röddina þegar stjórnendur RÚV urðu uppvisir að lögbrotunum. Þeir fetta heldur ekki fingur út í að Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri fái í kjölfarið að stýra Þjóðleikhúsinu.



Meðalið beiskt

Málshátturinn tilgangurinn helgar meðalið á vel við um það hvernig **Ragnar Þór Jónsson** stýrir verkalyðsfélaginu VR. Hann komst til valda í félagi sem situr á rúmlega tólf milljörðum króna í eigin fé. Ragnar Þór er reiðubúinn að verja hluta af fjármagni félagsmanna til að niðurgreiða íbúðir fyrir fáeina félagsmenn. Það er síðlegt í hans huga. Aftur rennir hann hýru auga til bankabókarinnar. Það má nefnilega nýta fjármuni félagsmanna, sem spanna allt litrófið, til þátttöku í stjórnarmálum, að mati síðapostulans Ragnars Þórs, sem sér ekkert rangt við að nýta fjármuni félagsmanna með þessum hætti.



Kína smeygir sér fram hjá eftirliti í Hong Kong



Kína hefur komið á fót stjórnstöð fyrir utan Hong Kong til að glíma við mótmæli í borginni. Háttsettir embættismenn hafa á undanföllum mánuðum stýrt aðgerðum frá villu í Shenzhen. Þannig má sveigja frá opinberum reglum um skrifinnsku. Horft er til þess að skipta um æðsta stjórnanda stofnunarinnar sem annast samskipti á milli Peking og Hong Kong vegna óánægju um hvernig staðið hefur verið að málum. NORDICPHOTOS/GETTY

Stórsókn til framtíðar



Sigríður Mogensen sviðsstjóri hugverka-sviðs Samtaka iðnaðarins

Ísland er auðlindadrifið hagkerfi. Það er staðreynd. Lengst af voru landbúnaður og sjávarútvegur einu atvinnugreinar okkar en iðnaður kom síðar til sögunnar. Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur einnig skipt sköpum á undanföllum árum og sýnir svart á hvítu mikilvægi þess að atvinnuuppbygging sé fjölbreytt. Hagvöxtur hér á landi hefur verið drifinn áfram af nýtingu auðlinda. Á sama tíma, og meðal annars vegna þessarar staðreyndar, hefur íslenskt hagkerfi hins vegar sveiflast mikið sögulega séð.

Ljóst er að atvinnulífið mun þróast hratt og mikið á næstu árum, ekki síst vegna þeirra öru tæknibreytinga sem eru að eiga sér stað. Spyrja má hvort Ísland muni

skipa sér sess með þeim ríkjum sem standa uppi sem sigurvegarar þegar breytingarnar hafa tekið yfir og hvort tækifærið verði nýtt til að auka fjölbreytni í atvinnuuppbyggingu og útflutningi. Atvinnugreinar sem byggja á hugviti og nýsköpun, tækni og hugverkum, hafa ótakmarkaða möguleika á að vaxa og dafna. Þær eru ekki háðar auðlindum heldur tryggja enn betri nýtingu auðlinda ásamt því að skapa ný verðmæti. Þær styðja við fjölgun vel launaðra sérfræðistarfa hér á landi og gera íslenskt atvinnulíf enn áhugaverðara fyrir framtíðarkynslóðir.

Upplýsingatækni, fjarskipti hvers konar, gagnþjónusta, tölvuleikjagerð, líf- og heilbrigðistækni, sjávarútvegstækni og kvikmyndagerð eiga það sameiginlegt að byggja á nýtingu hugvits og þekkingu. Þessi þekking styður við aðrar atvinnugreinar og getur á sama tíma orðið verðmæt útflutningsvara.

Þekkingin smitar einnig út frá sér. Dæmi um það er að fyrir tíu árum var eitt starfandi tölvuleikjafyrirtæki hér á landi en þau eru nú orðin 19. Öll stefna þau á að markaðssetja og selja tölvuleiki erlendis þar sem eftirspurn er gríðarleg og útflutningstekjur þjóðarbúsins geta orðið miklar þó við fáum einungis litla sneið af þeirri stóru köku. Tölvuleikjaiðnaður er orðinn stærri en kvikmynda- og tónlistariðnaður samanlagt á heimsvísu.



Þekkingin smitar út frá sér. Fyrir tíu árum var eitt starfandi tölvuleikjafyrirtæki hér á landi en þau eru nú orðin 19.

Ráðherra iðnaðar og nýsköpunar kynnti í október síðastliðnum nýsköpunarstefnu fyrir Ísland með langtímasýn sem nær út fyrir einstök kjörtímabil og einstakar ríkisstjórnir. Það er fagnaðarefni. En aðgerðir þurfa að fylgja fögrum orðum stefnunnar sem hefur það markmið að gera Ísland að nýsköpunarlandi. Til þess að svo megi verða þurfa skilyrði til fjárfestinga

í nýsköpun að vera með besta móti, Ísland þarf að komast á kortið sem land tækifæra í nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi og stærri fyrirtæki þurfa að sjá hag sínum best borgið hér á landi, meðal annars til að stunda rannsóknir og þróun – sem leiðir til nýrra hugmynda og verðmætasköpunar. Ráðherra mun kynna fyrstu aðgerðir í átt að því markmiði að gera Ísland að nýsköpunarlandi á Tækni- og hugverkaþingi Samtaka iðnaðarins sem haldið verður í Hörpu á morgun, fimmtudag. Þær aðgerðir eru í þágu samfélagsins alls, því án nýsköpunar verður litil framþróun. Þar með er ekki sagt að spjótin standi eingöngu á stjórnvöldum en þau geta þó sent skýr skilaboð um hvert við stefnum og fylgt því eftir með skilvirkri og hvetjandi löggjöf og umgjörð um þennan málaflökk.

Á Tækni- og hugverkaþingi SI verður ljósi varpað á þær atvinnugreinar sem byggja á hugviti og tækni. Þær eru flestar á upphafsmetrunum ef miðað er við aðrar rötgrónari atvinnugreinar á Íslandi. En íslenskur hugverkaíðnaður er tilbúinn í stórsókn og hefur margt fram að færa til að efla og bæta lífskjör hér á landi til framtíðar.

First North – næsta skref í átt að nýjum tækifærum



Baldur Thorlacius framkvæmdastjóri sölu og viðskiptatengsla hjá Nasdaq á Íslandi

Árið 2018 bauð Nasdaq, ásamt góðum hópi samstarfsaðila, í fyrsta sinn upp á þátttöku í námskeiðinu First North – næsta skref. Um er að ræða námskeið sem stjórnendur efni-

legra og öflugra fyrirtækja geta sótt, þeim að kostnaðarlausu og án skuldbindingar, til þess að læra að undirbúa innviði fyrirtækis undir vöxt og kynnast ferlinu við að fara á markað. Námskeiðið er þannig upp byggt að umræddir stjórnendur mæta mánaðarlega á vinnustofur, frá september og út apríl, um hin og þessi málefni og fá þess á milli sent lesefni og ýmsar gagnlegar upplýsingar.

Fyrsta árið tóku 17 félög þátt og hafa mörg þeirra sett stefnuna á First North á allra næstu árum, miðað við niðurstöðu könnunar

sem var gerð á meðal þátttakenda. Í ár eru þau 14. Samstarfsaðilar Nasdaq í verkefninu eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, KMPG, Kvika banki og Logos. Standa sérfræðingar á vegum Nasdaq og samstarfsaðila, ásamt gestafyrirlesurum, að kennslunni.

Það hefur verið stiklað á stóru þessa „önnina“ en meðal þess sem farið hefur verið yfir er upplýsingagjöf til fjárfesta, hvort heldur við fjármögnun/skráningu eða á viðvarandi grunni. Hér á eftir fylgja örstuttir punktar sem stjórnendur vaxtarfyrirtækja geta

haft í huga varðandi upplýsingagjöf. Fyrirtæki eru jafn ólík og þau eru mörg. Sama á við um fjárfesta. Þessar augljósu staðreyndir eiga það til að gleymast þegar fyrirtæki leggja í þá vegferð að leita sér að fjármagni eða undirbúa skráningu. Ekki móta upplýsingagjöf vaxtarfyrirtækis út frá stöðugum rekstrarfyrirtækjum.

Ef fjárfestarnir eiga erfitt með að horfa út fyrir ársfjórðungs- uppgjörin þarf að kenna þeim á reksturinn, fá þá til að skilja verðmætasköpunina. Þetta getur tekið tíma. Enn betra er að leggja skýrar

línur frá upphafi til þess að fá inn „réttu“ fjárfestana.

Góð upplýsingagjöf er góð fjárfesting. Hærra verðmat, lægri fjármagnskostnaður og minni verðsveiflur, samkvæmt rannsóknum. Nokkuð áþreifanlegur ábati. Tækifærin gera ekki alltaf boð á undan sér og er því nauðsynlegt að viðhalda góðum samskiptum við fjárfesta, óháð fyrirsjáanlegri fjárför.

Síðast en ekki síst, ekki koma fjárfestum á óvart. Það er ekki víst að þeir verði mjög fúsir til að fyrirgefa það. Gagnsæi og góð samskipti eru lykillinn.

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

Álskóflur



frá 1.999

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

4.895

Viðgerðarbretti



Sonax hreinsivörur á frábæru verði



Háprýstidæla 1200W 100Bör
9.999



Hjólattjakkur 2T m/tösku
3.795



Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W
22.999



Háprýstidæla 1400W 105Bör
14.999



6T Búkkar 605mm Par
9.999



frá 1.495
Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Lunchbox útvarp ryk/regn/frostpólið

24.995



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395



Hjólbörur 100kg

4.999



Laufahrífur

frá 999




frá 395
Ruslatínur



Skóflur frá 995

Strákústar

685



Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle
6.985



4.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm



5.999

Fjölsög Höfftech



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



16.995

Metabo KS216 bútsög



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjólsög GMC 1200W



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson



Hrifnæmt atvinnulíf

Atvinnulífið er næmt fyrir nýjum hugmyndum og hugtökum rétt eins og önnur svið samfélagsins. Þær fara eins og eldur um sínu og orðræðan tekur skyndilegum breytingum. Sumar hverfa á braut en aðrar taka sér bólfestu og ryðja burt eldri viðhorfum. Hin svonefnda fjórða iðnbýlting varð tilefni margra morgunfunda og greinaskrifa í ár eða tvö. Eitthvað hefur þeim fækkað á síðustu mánuðum en svo virðist sem heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna hafi fyllt tómið.

Íslandsbanki tók nýverið upp fjögur heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hefur í kjölfarið hafið innleiðingu á ýmsum aðgerðum sem eiga að tryggja að bankinn fylgi þessum markmiðum. Þær aðgerðir sem eiga að snúa að fjölmiðlum ollu miklu fjaðrafoki eins og kunnugt er. Landsbankinn hefur einnig skrifað undir viðmið sem ætlað er að tengja starfsemi bankans við heimsmarkmiðin. Báðir bankarnir þurfa að glíma við minnkandi arðsemi.

Icelandair greindi síðan nýlega frá því að stjórnendur flugfélagsins hefðu valið fjögur heimsmarkmið til grundvallar stefnunnar og jafnrétti kynjanna er eitt þeirra. Icelandair stefnir að því að fjölga konum í stétt flugvirkja og körlum í stétt flugþjóna. Flugfélagið ætlar jafnframt að tryggja jöfn kynjahlutföll í stjórnendastöðum. Markmið flugfélagsins snýst um að vera með blönduð teymi og taka ákvarðanir með fjölbreyttum hóp til að ná bestum árangri. Aðgerðir sem miða að því að auka fjölbreytni en byggja á einföldu viðmiði geta hins vegar verkað í þveröfuga átt. Það sást í nýlegu stjórnarkjöri Simans þar sem útlendingur þurfti að vikja úr stjórn til að jafna kynjahlutföllin.

Ef Icelandair ber einhvers konar samfélagsábyrgð hlýtur hún fyrst og fremst að felast í því að tryggja rekstrargrundvöll félagsins. MAX-vélarnar eru enn kyrrsettar og launakostnaðurinn er enn of hár.

Oft er það svo að framfarir eiga sér stað án miðstýringar og án þess að alþjóðleg viðmið liggja að baki. Nærtækasta dæmið er íslenskur sjávarútvegur sem hefur minnkað losun kolefnis meira en allar aðrar atvinnugreinar og er í raun eina atvinnugreinin á Íslandi sem hefur náð markmiðum Parísarsamkomulagsins fyrir sitt leyti. Þetta er afleiðing gríðarlegrar fjárfestingar í tækjabúnaði. Engin heimsmarkmið þurfti til, hagnaðarsjónarmiðin dugðu.

Stjórnarfundum hjá fjármála-fyrirtæki var hins vegar lýst þannig að meirihluti tímans hefði farið í umræðu um algjörlega ófjárhagslega þætti. Minni tími gafst til að ræða þær miklu áskoranir í rekstrinum sem fyrirtækið stóð frammi fyrir. Þessi þróun hlýtur að vera umhugsunarefni.



Milljarða samningur við LloydsPharmacy

Breska apótekakeðjan LloydsPharmacy hefur keypt hugbúnað frá LS Retail sem er sniðinn að rekstri apóteka. Í keðjunni eru 1.600 apótek en andvirði samningsins, sem er til fimm ára, fyrir LS Retail nemur um tveimur milljörðum.

Magnús Norddahl, forstjóri LS Retail, segir um heildarlaun að ræða sem veiti fyrirtækjum upplýsingar um hvernig megi straumlínulaga reksturinn og hjálpi til við að þjónusta viðskiptavini með persónulegum hætti.



Magnús Norddahl.


LloydsPharmacy er í eigu lyfja- og heilbrigðisfyrirtækisins McKesson UK. Það rekur að auki apótekin Careway og John Bell & Croyden í Bretlandi. LS Retail hefur áður unnið með móðurfélaginu í Skandinavíu. Hugbúnaðarlaun LS Retail er nýtt í 320 apótekum NMD (Norsk Medisinaldepot AS) í Noregi og í 70 apótekum LloydsApotek í Svíþjóð.

LS Retail var rekið með 5,3 milljóna evra gagnþótti í fyrra og veltan nam 50 milljónum evra. –hvj

26.11.2019

Fyrir mér er Ísland land tækifæra. Mér finnst að fólk eigi að láta drauma sína rætast. Það á að sjálfsögðu við um Ragnar Þór eins og aðra Íslendinga.

Halldór Benjamín Þorbergs-son, framkvæmdastjóri SA



Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar.

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar



Tilhlökkun en enginn kvíði

HANDBOLTI „Ég sofnaði í kringum miðnætti, bara eins og venjulega. Kannski aðeins seinna en ekkert meira en það,“ segir Sturla Asgeirsson, leikmaður ÍR, en hann jafnaði metin fyrir ÍR gegn toppliði Hauka með marki úr vítakasti fimm sekúndum fyrir leikslok. Sturla starfar sem byggingafræðingur hjá Arkþingi og var mættur til vinnu venju samkvæmt í gær, eldsnemma í svartamyrkri. „Ég er búinn að vera svo lengi í þessu að maður nær að ná sér niður eftir svona leiki,“ en viðureignin gæti alveg flokkast undir háspennuleik enda endaði hún 30-30.

„Fyrirfram hefði ég alveg þegið stig úr þessum leik en við höfðum tækifæri til að ná góðri forystu þegar nokkrar mínútur voru eftir. Þá hefðum við alveg getað klárað leikinn. En við jöfnum í lokin og stig er kannski ásættanlegt.“

Sturla hefur stáltaugar og hefur oftar en ekki stigið á vítapunktinn eða tekið mikilvæg lokaskot. Hann segir að hann finni lítið fyrir pressu eða kvíða áður en kemur að stórum skotum. „Það þarf bara að setja boltann í netið. Ég hef verið nokkrum sinnum í þessari stöðu áður og kann ágætlega við mig. Finnst þetta skemmtilegt og þessu fylgir miklu meiri tilhlökkun en stress og kvíði. Það er ekkert svoleiðis. Þetta er viðureign gegn markverðinum og hann er að reyna að verja en ég að reyna að skora. Þetta er einvígi og yfirleitt mjög skemmtilegt.“

Heil umferð er búin í Olisdeild karla og segir Sturla að deildin sé skemmtileg og jöfn. Lítið dugi að mæta værukær í leikina gegn liðum sem eru í neðri hlutanum. „Maður sér alveg fyrir sér að Valur, ÍBV og FH nái sér betur á strik og það er spurning á kostnað hvers það verður. En við erum brattir og ánægðir með það sem við höfum gert og stefnum að því að halda því auðvitað áfram – við spyrjum að leikslukum.“



Mo Salah er að sjálfsgöðu á listanum ásamt meistara Bobby Firmino. 10 frá Liverpool

FÓTBOLTI Evrópumeistarar Liverpool eiga 10 leikmenn sem eru tilnefndir í lið ársins sem lesendur UEFA.com munu velja. Alls eru 50 leikmenn valdir, átta koma frá Ajax og sjö frá Manchester City. Ronaldo er að sjálfsgöðu á sínum stað en hann hefur verið tilnefndur í 16 skipti í röð. Hann hefur verið í liði ársins 13 sinnum, sem er met. Lionel Messi er á listanum í 14. skipti en hann hefur verið í liði ársins tíu sinnum og Sergio Ramos fær sína áttundu tilnefningu. Flestir leikmenn koma frá enskum liðum eða helmingur en aðeins fjórir eru enskir leikmenn. Enginn enskur leikmaður hefur komist í lið ársins frá UEFA síðan Ashley Cole gerði það árið 2010. Alls eru leikmenn frá 21 þjóð, flestir frá Spáni eða sjö en sex Hollendingar komast á listann. Andy Robertson, vinstri bakvörður Liverpool, kemst á listann en enginn Skoti hefur áður látið sjá sig á þessum lista. Meðalaldur leikmanna er 27,18 ár en Frakkinn Kylian Mbappé er sá yngsti og Ronaldo er sá elsti. Kosningu lýkur 9. janúar. – bb

Sadio Mane, leikmaður Liverpool.



Stress og kvíði. Það er ekkert svoleiðis.

Þetta er viðureign gegn markverðinum og hann er að reyna að verja en ég að reyna að skora. Þetta er einvígi og yfirleitt mjög skemmtilegt.

Sturla segist hugsa vel um sig. Hann fær að stjórna æfingaálaginu og þótt hann sé ekki í gallanum er hann í íþróttahúsinu á æfingum enda aðstoðarþjálfari. „Ég spila þetta eftir eyranu þannig að ef ég er eitthvað lemstraður þá hægi ég á. Bjarni, þjálfari, leyfir mér að spila þetta eftir mínu höfði. Ég er ekkert að fara að hlaupa hraðar eða hoppa hærra úr þessu. Það skiptir líka máli að vera góður í kollinum. Ekki að vera búinn að gera út af við sig á andlega sviðinu.“ – bb



Sturla hefur skorað 66 mörk í deildinni það sem af er og er búinn að vera frábær í horninu – rétt eins og venjulega. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Alt að 50.000 Afsláttur Af fartölvum

Alt að 90% Afsláttur Af yfir 1000 vörum

LED LEIKJASETT
Leikjalyklaborð og 6 hnappa leikjamús

70% Afsláttur
Aðeins 50 stk 1 stk á mann!

TILBOÐ DAGSINS
Gildir aðeins miðvikudag

2.997
VERÐ ÁÐUR 9.990

Black FRIDAY

ÚTSÖLUVIKA

25.-30. nóvember

SONY PS4
Á VERÐI FRÁ 29.994

COMI
85dB

Jólaeikningur Netgiró
VERSLAÐU Í DAG. BORGADU Í FEBRÚAR.
Netgiró
4,98% lántökugjald og 995 kr. jólaeikningsgjald

TÖLVUTEK

BLACK FRIDAY!
Mánudag til Laugardags
Opnunartímar 10:00 - 18:00

Reykjavík • Mörkin 3 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1903 Selvík á Skaga verður löggiltur verslunarstaður.

1927 Ferðafélag Íslands er stofnað.

1950 Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík er stofnuð.

1956 Vilhjálmur Einarsson, 22 ára, setur Íslands- og Norðurlandamet í þristökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu er hann stekkur 16,25 metra. Það er Ólympíumet í nokkrar mínútur, en endar sem silfurverðlaunaafrek.

1974 Hryðjuverkalög taka gildi í Bretlandi.

2010 Kosningar til stjórnlagabings fara fram á Íslandi.

Salerni fatlaðra geymsla

Má ég vera með? er yfirskrift málþings um fötlunarmisrétti sem haldið verður í Háskóla Íslands í Stakkahlíð á morgun. Meðal frummælenda er Gunnar Karl Haraldsson.

Fatlanir geta verið með ýmsu móti. Ef táknaðstúlkantar getur heyrnarlaus ekki notið fyrirlesturs á töluðu máli en ég ætla að fjalla um aðgengi fyrir hreyfihamlaða," segir Gunnar Karl Haraldsson sem nú er í meistaranámi fyrir framhaldsskólakennara. Hann er einn þeirra sem halda erindi á málþingi í Háskóla Íslands við Stakkahlíð á morgun milli klukkan 10.15 og 11.40 sem nemendur í tjáningu og samskiptum standa að.

Gunnars kveðst ætla að lýsa BA- verkefni sínu í tómtunda- og félagsmálafræði. „Ég tók út aðgengi að fimm félagsmiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Það var sums staðar gallalaust en á einum stað komst ég ekki inn. Salerni fatlaðra var notað sem geymsla á einum stað, svo búið var að þrengja að notendum. Það er því rosalega flott efni sem nemendur á fyrsta ári í tómtundafræðinni taka fyrir á þessu málþingi og frábært að geta tekið þátt í því.“

Gunnar fæddist með sjúkdóm sem heitir neurofibromatosis 1. Hann kveðst hafa verið að mestu í hjólastól frá 2015 en geta líka brugðið fyrir sig hækjum ef nauðsyn krefji. Hann mun tala af reynslu um aðgengisvanda á málþinginu og fleiri eru á þeim nótum. Einnig verður fjallað um fötlunarfordóma og á dagskrá eru einnig tónlistartriði, myndbandssýning og ljóðalestur. gun@frettabladid.is



Gunnar Karl segir frábært að geta tekið þátt í málþinginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGURARI



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, afi og langafi,

Baldur Sigfússon

Herjólfgötu 40,
Hafnarfirði,

lést á heimili sínu 18. nóvember.

Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði
mánudaginn 2. desember kl. 15.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast
hans er bent á styrktarsjóð Heru.

Elsa Hanna Ágústsdóttir

Friða Rut Baldursdóttir

Jóhann Rikharðsson

Sigrún Hrönn Baldursdóttir

Ásgrímur Jónas Ísleifsson

Ásta Lilja Baldursdóttir

Hreiðar Gíslason

og afabörnin.



Elsku hjartans Steini minn,
pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

Steinar Sigurðsson

arkitekt,
Ljárskógum 10,

lést þann 13. nóvember síðastliðinn.

Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju
þriðjudaginn 3. desember kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

Helga Sigurjónsdóttir

Sigurjón Árni Kristmannsson

Þorbjörg Anna Steinarsdóttir

Hannes Ólafur Gestsson

Kristjana Björk Steinarsdóttir

Einar Ísfrjó

Una Margrét Hannesdóttir



Yndislegur faðir okkar, sonur og bróðir,

Sigmar Örn Pétursson

lést 18. nóvember.

Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju
2. desember kl. 13.30.

Anna Guðbjörg Sigmarsdóttir

Hafsteinn Ingi Láruson

Daniel Þór Láruson

Anna Guðbjörg Sigmarsdóttir

Hallgrímur Harðarson

Pétur Ásgeir Steinþórsson

Guðrún Þorbjarnardóttir

og systkini hins látna.



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

Katrín Sigurjónsdóttir

Sóleyjarima 15,
112 Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi
sunnudaginn 17. nóvember.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
föstudaginn 29. nóvember kl. 13.00.

Sigurjón Einarsson

Katrín Einarsson

Aron Arnarson

Karen Arnardóttir

Frosti Gunnarsson

Snæfríður Birta Björgvinsdóttir

Alexander Sigurðsson



Ástkær dóttir mín, elskuleg móðir
okkar, tengdamóðir, amma,
systir og mágkona,

Gréta Sævarsdóttir

Klettaborg 32, Akureyri,

lést á heimili sínu miðvikudaginn

20. nóvember. Útför hennar fer fram
frá Glerárkirkju föstudaginn 29. nóvember kl. 13.30.

Sævar Sigurðsson

Hildur Bára Leifsdóttir

Ólöf Sandra Leifsdóttir

Elísabet Ragnarsdóttir

Guðmundur Ragnar Ragnarsson

Guðbjörg Jóna Sævarsdóttir

Sigurður Sævarsson

Sævar Sævarsson

Hákon Marteinn, Friðrika Ragna, Hrafnhildur Freyja,

Inga Dóra og Júlíus Grétar

Magnús Geir Eyjólfsson

Konráð Logi Fossdal

Guðjón Jóhannsson

Hildur Gunnarsdóttir

Ægir Sigfússon

Sigríður Jónasdóttir

Agnes Lilja Agnarsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamamma,
amma, langamma og langalangamma,

Kristín Jóhanna Eiríksdóttir

fv. stuðningsfulltrúi,
Sóltúni 2, áður Sogavegi 94,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni

20. nóvember. Útför hennar fer fram
frá Grafarvogskirkju 28. nóvember kl. 15.
Sérstakar þakkir eru til starfsfólks Sóltúns fyrir frábæra
umönnun og umhyggju. Þeim sem vildu minnast hennar
er bent á Minningarsjóð Sóltúns.

Gerður Jensdóttir

Anna Birna Jensdóttir

Eiríkur Bragi Jenson

Jens R. Kane

Orri Freyr Indriðason

og aðrir aðstandendur.

Stefán S. Gunnarsson

Aðalheiður Þorsteinsdóttir



Ástkær eiginkona, móðir, dóttir, systir,
mágkona og tengdadóttir,

Hafdis Björk Hallgrímsdóttir

Hjaltabakka 28, Reykjavík,

lést á Landspítalanum

við Hringbraut 22. nóvember.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju
föstudaginn 29. nóvember kl. 13.00.

Sæmundur Ólafsson

Margrét Alda Sæmundsdóttir

Hallgrímur Sigurðsson

Elin S. Hallgrímsdóttir

Anna Helga Hallgrímsdóttir

Auðun Ólafsson

Oddrún Ólafsdóttir

Róbert Ólafur Jónsson

John-Paul Fortune

Vilhelmina Þorsteinsdóttir



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð, vináttu og hlýju
vegna andláts og útfarar ástkærrar
eiginkonu minnar, móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

Ingibjargar Elíasdóttir

Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu, Nesvöllum, og
Lionessklúbbs Keflavíkur.

Jóhann Pétursson

Elias Ásgeir Jóhannsson

Pétur Jóhannsson

Margrét Sigrún Jóhannsdóttir

Katrín Jóhannsdóttir

Jón Þorsteins Jóhannsson

Jóhann Ingi Jóhannsson

Margrét Hrönn Emilsdóttir

Sólveig Einarsson

Werner Kalatschan

Mariana Tamayo

barnabörn og barnabarnabörn.

Milwaukee®
ALVÖRU
VERKÆRI

vfs.is

SVARTUR
FÖSTUDAGUR
ALVÖRU
TILBOÐ
AUGLÝST Á MORGUN

VERKÆRA
SALAN

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík ☀️ -3 1 °C ↕	Ísafjörður ☁️ -5 1 °C ↑	Akureyri ☀️ -4 1 °C →
Egilsstaðir ☀️ -4 2 °C ↕	Kirkjubæjarkl.☀️ -4 1 °C ↕	Hveravellir ☀️ -5 6 °C ↕

Norðlæg eða breytileg átt, 3-8 m/s, og yfirleitt léttskýjað, en skýjað með köflum austanlands, og léttir heldur til þar í dag. Gengur í norðan 5-10 á Austfjörðum seinnipartinn á morgun. Frost 0 til 10 stig, kaldast í innsveitum norðaustanlands.

Fimmtudagur

Reykjavík ☀️ -2 2 °C ↕	Ísafjörður ☀️ -3 6 °C ↕	Akureyri ☀️ 0 2 °C ↕
Egilsstaðir ☀️ -5 1 °C ↑	Kirkjubæjarkl.☀️ -3 2 °C ↕	Hveravellir ☀️ -9 7 °C ↑

Föstudagur

Reykjavík ☁️ 1 2 °C ↑	Ísafjörður ☁️ -1 2 °C ↑	Akureyri ☁️ -5 2 °C ↑
Egilsstaðir ☁️ -4 3 °C ↑	Kirkjubæjarkl.☀️ -1 3 °C ↕	Hveravellir ☁️ -5 2 °C ↑

LÉTT

3	1		5		
	9			4	8
	4	7		8	3
7			9	6	
	3		1	2	
8	5		4	7	2
		4			8
			7	1	5
1					

MIDLUNGS

	6			9	5
7			4		
	9			1	4
		9			7
3			7	5	2
				2	
	1	4	8		5
		5	2	4	
8				6	3

PUNG

		2		3				9
					6			7
				9	2	4		6
						5	3	
9			4	1	8			
7				9			8	2
		4				7		1
	7					8		
3	1							

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 útfall
 5 handfesta
 6 í röð
 8 vanhaga
 10 tveir eins
 11 leir
 12 eyða
 13 romsa
 15 fráfall
 17 dyntur
- LÓDRÉTT**
 1 sýna
 2 þökk
 3 sjáðu
 4 megnuðum
 7 viðureign
 9 dínamór
 12 draugur
 14 mein
 16 fisk

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 útskýra, 2 tæk, 3 sko, 4 gátum, 7 þaréta, 9 fráfall, 12 andi, 14 und, 16 ál.
 LÓDRÉTT: 1 útskýra, 2 tæk, 3 sko, 4 gátum, 7 þaréta, 9 fráfall, 12 andi, 14 und, 16 ál.

Skák Gunnar Björnsson

Magnus Carlsen (2.870) átti leik gegn Levon Aronian (2.772) á hraðskákmóti á Indlandi. Armeninn hótar þráskák.

Hvítur á leik



34. Hc2! Hbxc2 35. a8D. Hvítur vann skömmu síðar. Mikil spenna er á skákhátíðinni á Selfossi. Ahmed Adly og Semyon Lomasov eru efstir eftir 6 umferðir. Hannes Hlífar Stefánsson er í 3.-4. sæti. Hjörvar hefur fullt hús eftir fjórar umferðir í opna Suðurlandsmótinu.

www.skak.is: Skákhátíð á Selfossi.

3	1	2	9	8	4	6	7	5
6	4	8	2	7	5	9	3	1
5	7	9	1	3	6	4	8	2
4	2	5	8	9	3	7	1	6
9	3	6	4	1	7	2	5	8
7	8	1	5	6	2	3	9	4
1	5	4	3	2	9	8	6	7
8	9	7	6	4	1	5	2	3
2	6	3	7	5	8	1	4	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÞEIR ERU LOKSINS KOMNIR!
 VINSÆLU KULDASKÓRNIR MEÐ
 MANNBRODDUMNUM

OLANG

Tískan
 Skipholti 21, 105 Reykjavík
 Sími 551 0770 | www.tiskan.is

B/A/S/L/E/R MaxMara BRAX

Á HVERJUM **DEGI** BORDA

25.000

ÍSLENDINGAR

GRÆNMETI EÐA ÁVEXTI

OFTAR EN **FJÓRUM**

SINNUM YFIR DAGINN

HEIMILD: LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ 2017.
18-80 ÁRA

OG DAG HVERN **LESA**

96.000

ÍSLENDINGAR

FRÉTTABLAÐIÐ

AÐ MEÐALTALI

HEIMILD: PRENTMIÐLAMÆLING GALLUP APR-JÚN 2019, 12-80 ÁRA,
ALLT LANDIÐ HAGSTOFA ÍSLANDS, MANNFJÖLDATÖLUR, 2019

FRÉTTABLAÐIÐ - MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS



Dansarar á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Svanavatnið náði ekki flugi

Ballett

★★★★★

Tsjajkovski: Svanavatnið.

Hátíðarballettinn í St. Pétursborg og Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Stjórnandi: Vadim Nikitin

Danshöfundar: Marius Petipa og Lev Ivanov.

Aðalhlutverk: Nikita Moskalets, Irina Khandazhevskaya, Anton Bashmakov og Sergey Dubrovin.

Eldborg í Hörpu

föstudaginn 22. nóvember

Ballett er vinsæll hjá ungum krökkum, stúlkum aðallega. Á undan sýningunni á Svanavatninu eftir Tsjajkovski í Hörpu á föstudagskvöldið mátti sjá margar litlar telpur með balletthnúti í hárinu, og eftirvæntingin skein úr andlitunum. Þarna var ævintýri að fara að gerast. Eða hvað?

Svanavatnið er byggt á sögunni um prinsessuna Odette sem vondur galdramaður breytir í svan, en hún er samt alltaf í mannsmynd á næturnar. Sigfried prins uppgötvar hana í ljósa-skiptunum og verður ástfanginn af henni. Hún segir honum að ef hann heiti henni ævarandi tryggð, verði álögnum létt, en galdramaðurinn villir um fyrir honum og sagan endar illa.

Verkið var sett upp af Hátíðarballett Pétursborgar, hinum sama og setti upp Hnotubrjótinn í fyrria, sem var dásamleg sýning. Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg spilaði stórkostlega tónlistina og Vadim Nikitin stjórnadi. Það merkilega er að ballettinn sló ekki í gegn fyrr en að tónskáldinu látnu, tónlistin þótti svo fyrirferðarmikil og nýstárleg. Á þessum tíma var ballettónlist svip-

lítill, ef ekki stöðnuð, en Tsjajkovski heillaðist af ballettinum og samdi átakamikla, ástríðuþrungna tónlist. Í dag er hún meðal öndvegisverka tónbókmenntanna.

Máttlaus hljómsveitarstjórn

Sýningin var að mörgu leyti glæsileg. Sviðsmyndin var að vísu nokkuð flöt og mun litlausari en í fyrria. Dansarnir voru hins vegar afar flinkir, þeir svifu um sviðið í falletum bún-ingum, hreyfingarnar voru prýðilega samhæfðar og mörg hópatríðin aðdánarverð. Aftur á móti náði sagan sjaldnast neinu flugi, og má m.a. kenna þar um máttlitilli hljómsveitarstjórn Nikitins. Honum tókst aldrei að magna upp áhrifamikla stigandi. Tónlist Tsjajkovskis einkennist af glæsileika og snörpum andstæðum, hrifandi laglínunum og spennuþrungnum hápunktum, en þeir skiluðu sér seint. Tæknilega séð var hljómsveitarleikurinn þó yfirleitt góður, helst mátti finna að einleiksfiðlunni, sem var með heldur miklu vibratí og virkaði því ansi einkennilega heilt yfir.

Á sýningunni var alltaf verið að klappa á milli atriða, sem er auðvitað eðlilegt, en hér var útkoman eins og verkið væri ekki annað en samansafn af skrautatriðum. Sjálf sagan lifnaði ekki við, dramað og sársaukinn var ekki fyrir hendi í leiknum, það var aldrei neitt flæði. Þetta var fyrst og fremst tækni og yfirborðsmennska, fremur en innihald. Manni var því slétt sama um meinleg örlög elskendanna, töfrana einfaldlega vantaði. **Jónas Sen**

NIÐURSTAÐA: Yfirborðsleg sýning sem átti sin augnablik, en var býsna flatneskjuleg þegar á heildina er litið.



Sagan er atburðadrifin fremur er karakterstúdíá, segir Sigrún. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Minjar og melódrama

Aðalpersónan í nýrri skáldsögu Sigrúnar Pálsdóttur, sem gerist á árunum 1896-1897, er Sigurlína sem verður landflótta.

Kolbrún

Bergþórsdóttir

kolbrunb@frettabladid.is



Delluferðin er ný skáldsaga eftir Sigrún Pálsdóttur. Sagan gerist á árunum 1896-1897 og aðalpersónan er Sigurlína sem verður landflótta. Íslenskur forngrípur í eigu Metropolitan-safnsins í New York kemur einnig mjög við sögu.

Þar sem Sigrún er sagnfræðingur að mennt liggur beinast við að spyrja hana hvort söguefnið eigi sér stóð í íslenskum raunveruleika.

„Þessi saga er skáldskapur, fullkominn uppspuni en þó nokkuð vandlegur reistur á sögulegum heimildum. Hún gerðist því ekki í raun og veru en hún gæti vel hafa gerst. Sagan hefst í Landshöfðingjahúsinu við Lækjargötu þar sem boðað hefur verið til samdrykkju nokkurra reykviskra valdamanna. Efni þessa fundar er Sigurlína, söguhetja bókarinnar, og nærri þúsund ára gamall forngrípur sem hafði þá nýlega komist í eigu Metropolitan-safnsins í New York. Og með þessum fundi hefst saga þessarar stúlku sem auk þess að sjá um heimili fjölskyldu sinnar við Vesturgötu í Reykjavík er skrifari föður síns, Brands Jónssonar fræðimanns, sem á tíma sögunnar hefur tímabundna umsjón með Forngripasafninu í Reykjavík á efri hæð Alþingishússins. Sigurlína er því vægast sagt stórfum hlaðin og hana dreymir um að komast í burtu frá heimili sínu, mest þó til útlanda. Og einn dag kemur tækifærið upp í hendur hennar og hún siglir af stað til New York. Eiginlega í skjóli nætur.“



ÞETTA ER AUÐVITAÐ Í GRUNNINN ÖRLAGA-SAGA ÍSLENDINGS EN LÍKA SAGA UM MENNINGARVERDMÆTI, UM SAMBLAND ÞEIRRAR ÁSTRÍÐU OG ÞEIRRA KAPÍTALÍSKU HVATA SEM RÁÐA STÖÐU SLÍKRA VERDMÆTA Í SÖGU HVERRAR ÞJÓÐAR.

Á sér ekki beina fyrirmynd.

„Karakterinn er tilbúningur án fyrirmyndar en segja má að kveikjan að sögunni sjálfri sé bréfastipti Sigríðar Magnússon og fyrsta forstöðumanns The Met varðandi sölu á þjóðbúningasilfri um aldamótin 1900. Ýmislegt varð til þess að ég hvarf frá þeim rannsóknunum og tók þá ákvörðun að breyta 75 ára gamalli Sigríði í 25 ára gamla Sigurlínu, og 19. aldar silfri í jarðfundinn forngríp frá 11. öld. Svona spillir skáldskapurinn sagnfræðingi! Annars eiga þessar tvær konur ekki annað sameiginlegt en samskipti við þetta sögufræga listasafn í New York.“

Um embættismennina í bókinni, sem koma ekki fram undir nafni, segir Sigrún: „Þarna er landshöfðingi, sem getur auðvitað bara verið einn maður á þessum tíma en ég fer þó varlega með hann, teikna hann upp eiginlega bara eins og sagan hefur gert. Og hinir samdrykkjumennirnir enduróma bara raddir og hugmyndir tímans. Ég er mjög viðkvæm fyrir einhverju sem telst á mörkum skáldskapar og sagnfræði, í mínum huga eru þetta tvær aðskildar greinar, og ég gæti til dæmis aldrei skrifað skáldsögu um

raunverulegar sögulegar persónur. Í Delluferðinni koma flestar slíkar bara undir nafni, og þá í aukahlutverki.“

Delluferðin er ekki löng bók, 180 blaðsíður, en Sigrún var þrjú ár að vinna hana og lagðist í mikla rannsóknarvinnu. „Þegar maður skrifar skáldsögu, jafnvel þótt hún gerist í samtímanum, þá kostar það alltaf heilmikið grúsk. Í sögu sem gerist á fyrri öldum er rannsóknarvinnan auðvitað meiri og markmið um nákvæmni hinnar sögulegu umgjörðar getur orðið að þráhyggju. En það veitir manni bara svo miklu meiri gleði að spinna þráðinn ef efnið er ekta, og þá skiptir engu máli hvort um er að ræða almennar lýsingar á borgarumhverfi eða herbergjaskipan í einni byggingu.“

Melódramatik í öllum

„Í Delluferðinni má finna ýmsa þræði. Þetta er auðvitað í grunninn örlagasaga Íslendinga en líka saga um menningarverðmæti, um sambland þeirrar ástríðu og þeirra kapitalísku hvata sem ráða stöðu slíkra verðmæta í sögu hverrar þjóðar. Og sagan er atburðadrifin fremur er karakterstúdíá. Kannski varð hún þannig af því að ég lenti með Sigurlínu í þessum hrærigraut mannlegrar tilveru sem neðri hluti Manhattan var á þessum tíma. Eftir á að hyggja finnst mér þó að þessi ýkjukenna atburðarás hafi einmitt átt sinn þátt í að ljá persónum hennar líf, því hún gerir söguna svolítið melódramatíska. Og melódramatik, hvað sem mönnum kann að finnast um slík stílbrigði, er mjög fint element í persónusköpun. Því við erum öll svolítið melódramatísk inn við beinið. Sér í lagi þegar vandi okkar er lítill.“


MORGUNVERÐARFUNDUR Á MORGUN

Í tilefni af 100 ára afmæli LSR verður opinn morgunverðarfundur afmælisdaginn 28. nóvember á Hilton Reykjavík Nordica.

Morgunverður byrjar kl. 08:00, dagskrá hefst kl. 08:15 og lýkur kl. 10:00.

Skráðu þig á www.lsr.is

ÞEGAR HAUSLAUS LÖGGA SETUR UPP HUNDSHAUS ...



fara
glæpahundarnir
í hundanna vegna
hundakúnsta
HUNDMANNS

**KOMIN Í
VERSLANIR!**

„Lesendur (á öllum aldri)
munu hlæja frá upphafi
til enda” ★★★★★
Publishers Weekly

Íslensk börn elska bækur Dav Pilkey. Nú hefur höfundur bókanna um Kaffein ofurbrók sent frá sér nýja bókaseríu – HUNDMANN. Fyrsta bókin er komin út á íslensku. Bækur Dav Pilkey eru sérlega heppilegar fyrir þá sem eru að byrja að lesa sér til gamans sem og lengra komna.

**HUNDMANN
ER METSÖLUBÓK
UM ALLAN HEIM!**



BÓKAFÉLAGIÐ



HÖFUM LAGT GRUNN AD GÓÐUM DEGI Í

25 ÁR

HÁGÆÐA DÚNVÖRUR Á 25 ÁRA AFMÆLISVERÐI



QOD AFMÆLIS-DÚNSÆNG

Hlý og létt dúnsæng (650 gr).
90% dúnn, 10% smáfiður. 140x200 cm
100% bómullaráklæði.

25.000 kr. **AFMÆLISVERÐ**

QOD AFMÆLIS-DÚNKODDI

Þéttur og góður dúnkoddi. 80% hvítur
andadúnn og 20% smáfiður. 50x75 cm.
920 gr. og 100% bómullaráklæði.

8.900 kr. **AFMÆLISVERÐ**

SATIN STRIPE DÚNKODDI

Þriggja laga dúnkoddi. Efra og neðra
dúnlag með þéttum, hvítum andadún og
smáfiðurlkjarna. Bómullarsatínáklæði.

9.900 kr. **AFMÆLISVERÐ**FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566



Öll umgjörð verksins er falleg og friðsöm, segir gagnrýnandi um Spills.

Friðsælt landslag

DANS

Spills



Tjarnarbió

Höfundur og flytjandi: Rósa Ómarsdóttir

Sviðsmynd Dora Durkesac

Tónlist: Nicolai Hovgaard Johansen og Rósa Ómarsdóttir

Hljóðhönnun: Nicolai Hovgaard Johansen

Ljósá innsetning, ljósa hönnun og tæknistjóri: Hákon Pálsson

Búningahönnun: Kristjana Björg Reynisdóttir

Nokkur af þeim dansverkum sem frumsýnd hafa verið síðustu misserin væru sérlega vel til þess fallin að vera römmuð inn í rafrænan ramma og fest upp á vegg svo hægt væri að njóta þeirra liggjandi uppi í sófa eftir langan vinnudag. Þessi verk hafa átt það sameiginlegt að leggja áherslu á sjónræn áhrif og sefandi hljóðheim. Dansverkið Spills eftir Rósu Ómarsdóttur sem sýnt var í Tjarnarbió í liðinni viku sem hluti af Reykjavík Dance Festival fellur vel í þennan flokk.

Hreyfing er í forgrunni í verkinu. Það eru þó ekki aðeins hreyfingar dansarans, Rósu sjálfrar, heldur einnig hreyfing alls í umhverfinu.

Ótal ljós sem hanga niður úr loftinu fara á ferð með hjálp dansarans, vatn sem liggur á gólfinu gárust bæði við hreyfingar hans og þegar dropar detta niður úr ísklumpum sem hanga úr loftinu og bráðna í hitanum í salnum. Óljósar hreyfingar varpast upp á hvítt baktjald á sviðinu, reykur liðast um sviðið og hljóð liða frá munni dansarans út í salinn og til tónlistarstjórnandans sem sendir það áfram út í salinn í nýrri mynd.

Hugmyndin um hið heilðræna listaverk kemur vel fram í verkinu Spills. Myndlist, hönnun, tónlist og dans koma þar saman sem ein heild og skapa upplifun sem ekkert af þessum fornum gæti skapað eitt og sér. Öll umgjörð verksins er falleg og friðsöm. Vatnið, ljósin og litaval sköpuðu róandi stemmingu eins og kyrrlát íslenskt síðsumarkvöld og hljóðmyndin var áhugaverð á sinn lágstemmda hátt. Reykurinn sem birtist í lok sýningarinnar gaf verkinu fallegan blæ en ólíkt því að setja allt í móðu eins og hlutverk reyks virðist oftast vera á sviði þá dansaði hann sinn dans hljóðlega og seiddandi.

Staða flytjandans, Rósu, í verkinu verður tvíþætt. Annars vegar dansaði hún, það er hreyfði sig hreyfingarinnar vegna en hins vegar hreyfði hún sig til þess að láta umgjörðina hreyfast. Hreyfingar hennar voru

fingerðar og agaðar og féllu vel inni í heildarmynd verksins. En á sama tíma og látleysi dansins undirstrikaði heildarmynd verksins gerði það verkið líka full flatt. Þar sem dansarinn var skapari allra hreyfinga á sviðinu hefði hlutverk hans mátt vera meira afgerandi. Miðað við lengd verksins hefði mátt nýta betur þá möguleika sem bjuggu í umgjörðinni sem og í mannlíkamanum sjálfum sem listaverki til að horfa á. Vatnið og ekki síður ljósin í samspili við dansinn buðu upp á endalaus möguleika á því að skapa töfra fyrir áhorfendurna auk þess sem dansarinn hefði gjarnan mátt taka meira pláss í verkinu. Umgjörð verksins bauð upp á enn sterkari nærveru hans.

Í grunninn er dansverkið Spills áferðarfallegt og vel gert sviðsverk þar sem listarætur þættir myndlistar, hönnunar, tónlistar og dans koma saman í eina áhugaverða heild. Það skortir þó á spennu í framsetningunni til að halda áhorfendum betur á tånun og verður verkið of langt miðað við nýtingu þeirra tækifæra sem hugmyndin að verkinu býður upp á.

Sesselja G. Magnsdóttir

NIÐURSTADA: Áferðarfallegt og vel gert verk sem liður þó fyrir skort á spennu í framsetningu.

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

27. NÓVEMBER 2019

Hvað? Getur sýndarheimur haft meiri merkingu en raunveruleikinn?
Hvenær? 12.00 -13.00
Hvar? Háskólinn í Reykjavík, stofu V101
Fyrirlestur Hilmars Veigars Péturssonar, forstjóra CCP.

Hvað? Rithöfundakvöld
Hvenær? 20.00
Hvar? Gunnarshús, Dyngjuvegi 8 Fimm kvenskáld koma saman og lesa úr nýútkomnum verkum sínum, þær Fríða Ísberg, Gunnhildur Þórðardóttir, Ragna Sigurðardóttir, Sigríður Kristín Þorgrímsdóttir og Steinunn G. Helgadóttir.



Fríða Ísberg er meðal skáldkvenna sem lesa upp í Gunnarshúsi.

LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐIÐ.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Hugsjónir og raunveruleiki í óbyggðum

BÆKUR

Fjallaverksmiðja Íslands

★★★★★

Kristín Helga Gunnarsdóttir

Útgefandi: MM
Fjöldi síðna: 278

Sjö nýútskrifaðir fjallaleiðsögumenn hálfpartinn fjúka inn í bragga Jökklarannsóknafélagsins skammt frá Jökulsárlóni rétt eftir útskrift og ákveða að stofna þar fríríki með áherslu á sjálfbærni og náttúruvernd, „Fjallaverksmiðju Íslands – draumasamfélag til dýrðar náttúru, sjálfbærni og nægjusemi“ eins og segir í káputexta. Þau eru ólík, þarna eru þúsundþjalasmiður, listakokkur og ruslakafari frá Suður-Ameríku, ráðherrabarn með silfurskeið í munni, laumubruggeri, náttúrubarn frá Alaska og samfélagsmiðla-áhrifavaldur sem leyfir 350.000 manns að fylgjast með lífi þeirra, en öll deila þau brennandi áhuga á náttúruvernd og trú á fegurð hins einfalda og sjálfbæra lífs sem er þó í mótsögn við þá staðreynd að þau vinna flest fyrir sér með því að þjónusta ferðamenn sem koma til landsins með mengandi fararskjótum og bera mismikla virðingu fyrir umhverfinu. Fjallaverksmiðja Íslands er rekin af háleitri hugsjón og því verða samviskuspurningarnar stórar þegar þeim býðst að auðgast á þessu hugverki sínu.

Kristín Helga Gunnarsdóttir er þekktust fyrir barna- og unglingsbækur sínar en hún er einn verðlaunaðasti, afkastamesti og reyndasti rithöfundur okkar sem hefur skrifað skáldsögur fyrir fólk á öllum aldri. Þessa bók mætti sennilega flokka sem ungmennabók þar sem aðalpersónurnar eru allar um tvítugt en hún á hins vegar erindi langt út þá skilgreiningu. Lýsingarnar á þessari tilraun ungmennanna í bragganum, hvernig þau leggja sér lífsreglur og siðferði, og hvernig þeim gengur svo að framfylgja þeim reglum sem þau setja sér sjálf, eru áhugaverðar. Þróun sambúðarinnar og samspilið við „raunveruleikann“ fyrir utan er einnig heillandi eins og hvernig ruslakafarinn og listakokkurinn Fitz fæðir sjö og jafnvel fleiri með því sem hann finnur í ruslagámum sem er sannarlega umhugsunarvert á tímum matarsóunar. Lýsingarnar á búnaði þeirra og því sem þau telja til nauðsynja til að lifa við hálfgerðar útileguastæður eru líka forvitnilegar fyrir þá lesendur sem aldrei hafa farið á fjöll, eins og undirritaða. Þá eru lýsingarnar á Instagram-færslum áhrifavaldanna og þeim áhrifum og ábyrgð sem þau bera á því sem þau senda frá sér vel gerðar og vekja ýmsar spurningar.

Í heildina er þetta afar áhugaverð saga, um hvernig raunveruleiki og hugsjónir takast á. Frásögnin er mjög myndræn og lifandi og auðvelt að sjá fyrir sér að hún myndi falla vel á tjald eða skjá.

Fjallaverksmiðja Íslands er bók fyrir þá sem hafa áhuga á náttúruvernd, fólki og samskiptum þess sem og því hvernig hugsjónir og raunveruleiki fara saman eitt sumar í óbyggðum.

Brynhildur Björnsdóttir

NIÐURSTAÐA: Vel skrifuð og áhugaverð saga um náttúruvernd, hugsjónir og raunveruleika.

Tekur þátt í rússneskri tónlistarkeppni

Ásta Dóra Finnsdóttir, 12 ára píanóleikari, tekur þátt í einni stærstu tónlistarkeppni Rússlands sem er að hluta til sjónvarpað um allt Rússland og einnig á netinu. Ásta Dóra komst í gegnum forvalið og er einn af sextán keppendum sem keppa á píanó. Þetta er í annað sinn sem Ásta Dóra tekur þátt í þessari keppni. Í fyrra lenti hún í 4.-6. sæti.

Í Rússlandi er keppt í þremur umferðum, fyrsta umferð verður 2. desember. Helmingur keppenda kemst í aðra umferð sem er þann 3. desember. Einvörðungu þrjár

➤ **ÞETTA ER Í ANNAÐ SINN SEM ÁSTA DÓRA TEKUR ÞÁTT Í ÞESSARI KEPPNI. Í FYRRA LENTI HÚN Í 4.-6. SÆTI.**

komast svo í 3. umferð sem er haldin þann 9. desember.

Ásta Dóra er nemandi við MÍT (Menntaskóli í tónlist) og er kennari hennar Peter Máté. Hún er einnig nemandi við Barratt Due í Ósló, Norgei, og er kennari hennar þar Marina Pliassova frá Rússlandi. Hún hefur núna farið rúmlega tuttugu sinnum til Óslóar til að sækja einkatíma, masterklassa og fyrirlestra. Hún hefur á þessu ári einnig farið til Danmerkur, Finnlands og Grikklands til að sækja masterklassa og einnig til að koma fram á tónleikum. – kb




Ásta Dóra Finnsdóttir píanóleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN

GÓÐA VEISLU GJÖRA SKAL





Ertu með RÚV-appið?



Fyrir þig þegar þér hentar

Fjölbreytt dagskrárefni RÚV í öllum miðlum, í beinni og spilara, allt á einum stað.



okkar allra

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

- 12.35 Kastljós
- 12.50 Menningin
- 13.00 Gettu betur 1986 Úrslit: FSU - Flensburg
- 13.45 Mósaiik
- 14.25 Grænkeramatúr Spánýir vegan-matreiðsluþættir frá sænska sjónvarpinu. Vinkonurnar Karoline og Elenore elda spennandi og gómsæta vegan-rétti úti í guðsgrænni náttúrunni. e.
- 13.00 Útsvar 2018-2019: Ísa-fjarðarbær - Reykjanesbær
- 14.10 Mósaiik
- 14.55 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990 Skemmtipáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
- 16.35 Vatnajökull - Eldhjarta Íslands Blómagarður jökulsins Á hinum grónu hásléttum Jökul- og Fljótaldalsheiða upp af Héraði hefur lífið mótast af isaldarjökli, vatnsföllum og tíðum eldgosum og hafa þær verið Héraðsbúum óþrjótandi matarkista, bæði fyrir sauðfé og ábúendur, allt frá miðöldum til okkar daga. Þó hafa að mestu horfið byggðirnar sem eitt sinn voru.
- 17.05 Eyðibýli Hamrar
- 17.45 Táknálsfréttir
- 17.55 Disneystundin
- 17.56 Timon & Pumba
- 18.18 Sigildar teiknimyndir
- 18.26 Sögur úr Andabæ - Hver er Græjuöndin?
- 18.50 Krakkafréttir
- 18.54 Vikinglotto
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 19.50 Menningin
- 20.05 Kiljan
- 21.00 Skytturnar The Musketeers Þriðja þáttaröð um ævintýri skyttanna frá fræknunni og baráttu þeirra fyrir réttlæti og heiðri. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Kjarnorkuhvelling í Tsjernobyl Heimildarmynd um byggingarframkvæmdir í Tsjernobyl í Úkraínu þar sem stærsta kjarnorkuslys sögunnar varð árið 1986. Byggt var utan um kjarnaofninn sem sprengingin varð í til þess að hindra útbreiðslu geislavirkra efna en sú bygging hefur grotnað niður í árunna rás. Í myndinni fylgjumst við með hópi verkfræðinga sem vinna í kapphlaupi við tímann að byggingu nýrrar, risavaxinnar hvellingar sem ætlað er að leysa gömlu bygginguna af hólmi áður en það verður um seinan.
- 23.15 Kveikur
- 23.50 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 08.25 The RSM Classic Útsending frá The RSM Classic á PGA-mótariðinni.
- 11.25 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
- 12.15 The RSM Classic
- 15.15 CME Group Tour Championship Útsending frá CME Group Tour Championship á LPGA-mótariðinni.
- 18.15 Golfing World 2019
- 19.05 Domino's-deild kvenna Bein útsending frá leik Keflavíkur og Hauka í Domino's-deild kvenna.
- 21.15 CME Group Tour Championship

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 100,5 K100
- FM 102,9 Lindin

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify
- 08.00 Dr. Phil
- 08.45 The Late Late Show
- 09.30 Síminn + Spotify
- 12.00 Everybody Loves Raymond
- 12.20 The King of Queens
- 12.40 How I Met Your Mother
- 13.05 Dr. Phil
- 13.50 Single Parents
- 14.15 Með Loga
- 16.00 Malcolm in the Middle
- 16.20 Everybody Loves Raymond
- 16.45 The King of Queens
- 17.05 How I Met Your Mother
- 17.30 Dr. Phil
- 18.15 The Late Late Show
- 19.00 America's Funniest Home Videos
- 19.20 The Good Place
- 19.45 Life in Pieces
- 20.10 Survivor
- 21.00 New Amsterdam
- 21.50 Stumptown
- 22.35 Beyond
- 23.20 The Late Late Show
- 00.05 NCIS
- 00.50 9-1-1
- 01.35 Emergence
- 02.20 In the Dark
- 03.05 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.02 Hádegisútlit
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.40 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir
- 12.55 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Tónlist frá A til Ö Tangó
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Samtal Veturlíði Óskars-son, próffessor í íslensku
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Stormsker
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.30 Kvöldsgagan: Að breyta fjalli. Lokalestur
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestin
- 00.00 Fréttir
- 00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 11.55 Robo-Dog
- 13.25 Road Less Travelled
- 14.55 20th Century Woman
- 16.55 Robo-Dog
- 18.30 Road Less Travelled
- 20.00 20th Century Woman
- 22.00 Pacific Rim: Uprising
- 23.55 Sniper: Ultimate Kill
- 01.25 The Duel
- 03.15 Pacific Rim: Uprising

STÖÐ 2

- 08.00 Friends
- 08.20 Grey's Anatomy
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Two and a Half Men
- 09.50 Mom
- 10.10 I Feel Bad
- 10.35 The Good Doctor
- 11.15 PJ Karsjó
- 11.45 Bomban
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Strictly Come Dancing
- 15.00 Strictly Come Dancing
- 15.45 Grand Designs: Australia
- 16.35 Falleg íslensk heimili
- 17.10 Í eldhúsi Evu
- 17.40 Bold and the Beautiful
- 18.03 Nágrannar
- 18.28 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Vikingalottó
- 19.15 First Dates
- 20.05 Grey's Anatomy
- 20.50 The Good Doctor
- 21.35 Mrs. Fletcher
- 22.10 Orange Is the New Black
- 23.10 Room 104
- 23.40 NCIS
- 00.25 The Blacklist
- 01.10 Mr. Mercedes
- 02.05 Silent Witness
- 03.00 Silent Witness
- 03.55 Manhunt

STÖÐ 3

- 19.10 The Middle
- 19.35 The Last Man on Earth
- 20.00 Friends
- 20.25 Seinfeld
- 21.35 Splitting Up Together
- 22.00 Sally4Ever
- 22.35 Outlander
- 23.40 Batwoman
- 00.25 Supergirl
- 01.10 The Middle
- 01.35 The Last Man on Earth
- 02.00 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

- 07.15 Stjarnan - Valur
- 08.45 Domino's Kórufuboltakvöld karla
- 10.25 Galatasaray - Club Brugge
- 12.05 Juventus - Atletico Madrid Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 13.45 Tottenham - Olympiacos Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 15.25 Manchester City - Shakhtar Donetsk Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 17.05 Real Madrid - PSG Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 18.45 Meistaradeildarmörkin
- 19.15 Meistaradeildarmessan
- 22.00 Meistaradeildarmörkin
- 22.30 Kveflidsagan: Að breyta fjalli. Lokalestur
- 00.10 Espanyol - Getafe

STÖÐ 2 SPORT 2

- 17.45 Valencia - Chelsea Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 19.50 Liverpool - Napoli Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

STÖÐ 2 SPORT 3

- 19.50 Barcelona - Dortmund Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

STÖÐ 2 SPORT 4

- 19.50 Lille - Ajax Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

BÆKUR Á FRÁBÆRU VERÐI!



TILBOÐSVERÐ:
4.499.-
Verð áður:
6.999.-

Tregasteinn




TILBOÐSVERÐ:
4.899.-
Verð áður:
6.999.-

Útkall - Tíandi tímasprengja



TILBOÐSVERÐ:
3.599.-
Verð áður:
5.499.-

Villueyjar



TILBOÐSVERÐ:
4.499.-
Verð áður:
6.999.-

Brot - Konur sem þorðu



TILBOÐSVERÐ:
3.499.-
Verð áður:
4.999.-

Pinn eigin tölvuleikur



TILBOÐSVERÐ:
2.859.-
Verð áður:
3.999.-

Hundmann



TILBOÐSVERÐ:
6.799.-
Verð áður:
9.999.-

Af flugum, löxum og mönnum



TILBOÐSVERÐ:
4.899.-
Verð áður:
6.999.-

Kokkáll



TILBOÐSVERÐ:
4.499.-
Verð áður:
6.999.-

Þögn



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 27. nóvember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



J.J. Abrams leikstjóri nýjstu Star Wars myndinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Nýja Star Wars handritið dúkkaði upp á eBay

Handritið að nýjstu Star Wars myndinni, The Rise of Skywalker, sem kemur út í næsta mánuði dúkkaði á dögnum upp á söluvefsíðunni eBay, að því er haft var eftir leikstjóranum J.J. Abrams í morgunþættinum Good Morning America.

„Einn af leikurunum okkar, ég segi ekki hver, ég myndi vilja það en geri það ekki, skildi handritið eftir undir rúmi og sá sem þreif íbúðina fann það,“ segir Abram. „Það var svo afhent einhverjum öðrum sem setti það á eBay.“

Þá hafi starfsmaður Disney séð handritið til sölu og náð að kaupa það áður en nokkur annar náði að koma yfir það höndum. „Það er þannig með alla þessa öryggis-gæslu, þá þarf maður að fara að öllu með gát.“ Mikil leynd hvílir yfir söguþræði myndarinnar sem

EINN AF LEIKURUNUM OKKAR, ÉG SEGI EKKI HVER, ÉG MYNDI VILJA ÞAÐ EN GERI ÞAÐ EKKI, SKILDI HANDRITID EFTIR UNDIR RÚMI

er sú níunda og síðasta í röðinni um Skywalker-fjölskylduna.

Staðfesti Abrams jafnframt að eftirvinnslu á myndinni væri nú lokið, hún hefði ekki klárast fyrr en síðastliðinn sunnudag. Myndin sé því með öllu tilbúin fyrir frumsýningu, þann 16. desember næstkomandi. Hann segir að þetta hafi verið ógnvekjandi verkefni.

„Þetta skiptir mig svo miklu máli. Þetta skiptir svo marga svo miklu máli og það á líka við um okkur en tækifærið var alltaf merkilegra heldur en áskorunin.“ – oae

Bíodrottningin sem breyttist í prinsessu

Grace Kelly hefði orðið 90 ára fyrr í þessum mánuði en hún lést 52 ára í hörmulegu bíslýsi. Stjarna hennar skein skært þar til hún gaf Hollywood-glamúrinn upp á bátinn og gerðist prinsessa í Mónakó.

Grace Patricia Kelly fæddist í Filadelfíu í Bandaríkjunum þann 12. nóvember 1929 og ef ekki hefði verið fyrir hörmulegt bíslýsi í hæðum Mónakó fyrir 37 árum hefði ein skærasta stjarna kvikmyndasögunnar mögulega enn verið á meðal vor og fagnað 90 ára afmæli sínu fyrir hálfum mánuði.

Þótt þessi frábæra leikkona hafi aðeins verið 52 ára þegar hún lést af sárum sínum 13. september 1982 lifði hún viðburðaríku lífi og átti stuttan en stórfenglegan feril.

Áhugi Grace á söng og dans kom fljótt fram og hún lék í mörgum skólaleikritum á áskuárunum og þegar í menntaskóla var komið ákvað hún að reyna að láta leiklistardrauminn rætast. Foreldrar hennar voru alfarið á móti þessu og hermt er að faðir hennar hafi lagt starf leikkvonna að jöfnu við götuvændi.

Tveir föðurbræður Grace tóku hins vegar afstöðu með litlu frænku sinni og beittu áhrifum sínum til þess að koma henni í leiklistarskóla og taka fyrstu skrefin á framabrautinni.

Frægðarsól í hádegisstað

Grace reyndi fyrst fyrir sér í New York sem fyrirsæta og sviðsleikkona auk þess sem henni brá fyrir í sjónvarpi sem þá var rétt byrjað að ryðja sér til rúms. Hún var þó ekki sátt við tækifærin sem henni buðust í borginni og tók stefnuna þangað sem hugur hennar hafði alltaf staðið, til Kaliforníu og kvikmyndanna.

Hún var 22 ára 1951 þegar hún fékk smáhlutverk í kvikmyndinni Fourteen Hours og segja má að hún hafi, hæfileikarík og geislandi fögur, þá þegar stigið inn á hraðbrautina til frægðar og frama. Vestrinn sigildi High Noon varð nefnilega fyrsta kvikmyndin sem hún lék aðalhlutverk í á móti ekki ómerkari mönnum en erkitöfaranum roskna Gary Cooper og ungum Lloyd Bridges.

Þrátt fyrir miklar vinsældir High Noon verður Grace eflaust alltaf þekktust fyrir störf sín fyrir spennu-meistarann Alfred Hitchcock sem teflði henni fram í þremur myndum sinna; Dial M for Murder, Rear Window og To Catch a Thief.

Grace varð músa Hitchcocks sem virðist hafa tilbeðið stjörnunna sína og hefði viljað hafa hana í fleiri myndum en hann fékk ekki rönd við reist þegar frægðarsól Grace settist snögglega í Mónakó.

Söngleikurinn High Society sem kom út 1956 reyndist verða síðasta kvikmyndin sem Grace lék í þar sem ástin hafði vaknað í brjósti hennar við Miðjarðarhafsströnd Frakklands árið áður.

Spennufall Hitchcocks

Grace Kelly mætti á kvikmyndahátíðina í Cannes í apríl árið 1955 þar sem henni bauðst að hitta Rainier III, prins af Mónakó, í konungshöllinni og þá réðust örlög Hollywood-stjörunnar sem varð prinsessa.

Rainier kolféll fyrir Grace og



Gary Cooper og Grace Kelly í hlutverkum sínum í vestrinum High Noon.

um það bil ári síðar, 28. apríl 1956, gengu þau Grace Kelly og Rainier prins í hjónaband. Þau eignuðust þrjú börn, Karólínu, Albert og Stefaniu, sem líkt og móðir þeirra hafa mátt lifa lífinu í sviðsljósi fjölmiðla og gulu pressunnar.

Grace einbeitti sér að móðurhlutverkinu og sinni opinberum skyldum sínum sem prinsessa en losnaði þó aldrei við leiklistarbakteríuna. Hitchcock gerði út á þetta og reyndi allt sem hann gat til þess að sannfæra Grace um að taka að sér aðalhlutverkið í Marnie sem kom út 1964.

Grace stóðst þó freistingar Hitchcocks sem varð að gera sér Tippi Hedren að góðu í annað sinn en hún varð arftaki Grace í myndum Hitchcocks í The Birds 1963.

Óvirðulegt hlutverk

Hitchcock mátti bita í það súra epli að aðlinum og almenningi í Mónakó fannst það ekki hæfa prinsessu sinni að leika hina stelsjúku Marnie í samnefndri mynd og hneykslaðist mjög á að hún skyldi yfirleitt hafa íhugað að taka þátt í gerð kvikmyndarinnar. Grace lék því aldrei aftur í Hollywood o o d - k v i k - m y n d en hóf þess í stað að flytja ljóð á sviði og tók að sér að talsetja

heimildarmyndir svo eitthvað sé nefnt.

Grace var að keyra til Mónakó eftir dvöl á sveitasetri fjölskyldunnar þegar hún fékk heilablóðfall og missti stjórn á bílnum sem fór fram afhárrí klettabrún. Stéphanie, dóttir hennar, sem var farþegi í bílnum, reyndi hvað hún gat til að afstýra slysinu en fékk ekki við neitt ráðið.

Grace hlaut töluverðan heilaskaða í slysinu og komst aldrei til meðvitundar þannig að Rainier ákvað að hún skyldi tekin úr öndunarlífi. Til allrar hamingju slapp Stéphanie með minniháttar meiðslum en var samt það slösuð að hún gat ekki mætt í útför móður sinnar.

Grace hlaut mörg virt verðlaun á ferlinum og hampaði þar á meðal einni Óskarsverðlaunastyttu fyrir leik sinn í The Country Girl frá árinu 1954. Hún lék í ellefu kvikmyndum á stuttum en glæstum ferli þar sem hún deildi tjaldinu með mörgum af frægustu leikurum kvikmyndasögunnar, til dæmis Clark Gable, Ava Gardner, Gary Cooper, Cary Grant, Frank Sinatra og Bing Crosby, undir stjórn leikstjóra á borð við Hitchcock, John Ford og Fred Zinnemann.

eddakaritas@frettabladid.is



Grace er þekktust fyrir störf sín fyrir Alfred Hitchcock. Hér er Grace ásamt James Stewart í Rear Window.

Jólin

og

sorgin

Halldór Reynisson hjá Sorgarmiðstöð fjallar um efnið á GRAND HÓTELI, REYKJAVÍK

Sigtúni 48 í salnum Hvammi (jarðhæð) 28. nóv. kl. 20:00

Jólin geta verið mjög erfiður tími fyrir marga. Halldór hefur langa reynslu af samfylgd með syrgjendum. Hér miðlar hann því sem gefist hefur vel þegar kemur að því að halda jól í skugga ástvinamissis.

ALLIR VELKOMNIR

SORGARMÍÐSTÖÐ

MINNISGJAFAR
Ótta Ólafssonar

*Veislan verður betri.
Saumaklúbburinn verður betri.
Afmælið verður betra.
Fólabóðið verður betra.*




Það verður allt betra með Carr's.

Stærsta efnisveita með íslenskt sjónvarpsefni

Vandað íslenskt sjónvarpsefni, nýjustu erlendu þáttaraðirnar, barnaeefni með íslensku tali og hátt í þúsund kvikmyndir.

Verð aðeins
3.990 kr./mán.



MARABON

Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

Má segja nei við nasista

Í dag mun grínistinn geðþekki **Hugleikur Dagsson** teikna myndir eftir pöntunum, en hann hefur gert það við góðar undirtektir síðustu ár.



MÁ þetta bara?



hugleikur DAGSSON

Nýjasta bók Hugleiks er komin út.

svæðið með sínar óskir og Hugleikur teiknar eftir þeim?

„Tja, ég held ég geti nú alveg beitt neitunarvaldi þegar einhver kemur af viðskiptavinum sem ég vil ekki afgreiða eins og ef einhver nasisti kæmi mætti ég alveg segja: „Æ, call me old fashioned, en ég er ekki alveg að fara að teikna þetta.“ Það hefur samt ekki gerst enn sem komið er að einhver hafi mætt með pöntun sem ég hef þurft að hafna. Fólk kemur gjarnan og er með frekar óljósa hugmynd um hvað það vill.“

Hann segir að í flestum tilfellum sé fólk að panta mynd fyrir ættingja eða vin.

„Segjum til dæmis að einhver eigi bróður sem er að vinna á hundaspítala, þá reyni ég að semja brandara sem tengist kannski því. Oftast teikna ég bara það fyrsta sem mér dettur í hug. Fólk hefur nánast alltaf verið mjög sátt við það sem fæðist þá. Stundum er sá sem þiggur gjöfina með einhvern frasa. Kannski er svili einhvers alltaf í laxveiðum og að segja: „Svona er þetta bara!“ Þá teikna ég bara það. Fólk finnst það oft frábært,“ segir Hugleikur.

Hann segir borgina fullkomna til að vinna að bókaskrifum.

„Ég fæ fleiri tækifæri til að æfa uppistandið mitt þarna og svo er miklu meiri vinnufríður.“

Hann hefur nú þegar haldið nokkur uppistönd úti sem öll hafa gengið vel.

„Ég er einmitt að fara aftur út og verð með uppistand þar næstu helgi, á laugardaginn. Svo er ég nýkominn frá Portland þar sem ég var með sýningu líka, Portland Oregon. Mér var flogið þarna yfir. Mig langaði mikið að heimsækja borgina, en ég var líka að teikna á fullu meðan ég var þar.“

Má segja nei við nasista

Á morgun ætlar Hugleikur að teikna jólagjafir eftir pöntunum í Grandagarði 14.

Er öllum velkomið að mæta bara á

Flýgur heim fyrir Star Wars

Hann segist ekki hafa áhyggjur af því að þessir persónubundnu brandarar, sem bara ákveðinn hópur þekkir, valdi því að fólk haldi að hann hafi misst húmorinn.

„Þetta gengur þannig fyrir sig bara að fólk mætir með þrjátíu þúsund krónur og segir: „Hey, nennir þú að teikna þetta?“ Og ég segi: „Já! Geri það!“ Og byrja bara á meðan fólk bíður. Ástæðan fyrir að ég hóf að gera þetta var til að einfalda hlutina. Það hefur valdið stressi að maður fær bónir héðan og þaðan, gleymir sumum og allt safnast upp. Það er líka ákveðið adrenalín fyrir sköpunargáfuna að gera þetta svona,“ segir Hugleikur.

Hann viðurkennir að hann sé búinn að kaupa miða heim fyrir jólin, en hátíðarnar sjálfar eru ekki ástæðan fyrir því.

„Það er rosa góð ástæða fyrir því. Mig langar bara að ná Nexus-forsýningunni á Star Wars. Ég er viss um að Þjóðverjar eru finir áhorfendur en ég er ekki í neinni nörda-elítu þar. Þannig að ég fengi engan miða á forsýningu þar og yrði bara að sjá hana með venjulegu fólk,“ segir Hugleikur og hlær.

Hægt er að mæta á svæðið og kaupa sérpantaða Hugleiks-mynd í Grandagarði 14 frá klukkan 13.00-20.00 í dag. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar hjá rakel@dagsson.com. steingerdur@frettabladid.is

MYND/DÓRA DÚNA

DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR



Boggie

3ja sæta sófi og stóll

Fáanlegt í nokkrum litum í slitsterku áklæði

Sófi: 186 x 77 x 85 cm.

Fullt verð: 99.900 kr.

Aðeins
64.935 kr.

Fullt verð á stól:
54.900 kr.

Aðeins
35.685 kr.



BLACK FRIDAY
**60%
BOMBA**

MONTREAL

hornborð

Skemmtileg hornborð.
Svört með eikarfótum
eða hvít með svörtum fótum.
Þverm. 65 cm H: 44 cm

Verð: 22.900 kr.

9.160 kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- 320 gormar á fm²
- Steyptar kantstyrkingar

NATURE'S SUPREME

heilsudýna



BLACK FRIDAY
**35%
BOMBA**

160 x 200 cm. Fullt verð: 89.990 kr.

Aðeins **58.435 kr.**

180 x 200 cm. Fullt verð: 99.990 kr.

Aðeins **64.935 kr.**

Black Friday NIÐURTALNING

TILBOÐ DAGSINS

HEFJAST Í DAG OG GILDA ÚT VIKUNA EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

VEFVERSLUN DORMA
{ ALLTAF OPIN }

www.dorma.is



PURE COMFORT

hvít teygjulök



BLACK FRIDAY
**50%
BOMBA**

Stærðir

90/100 x 200/220 x 35

120/140 x 200/220 x 35

160 x 200/220 x 35

180/200 x 200/220 x 35

Fullt verð

3.490 kr.

3.990 kr.

4.990 kr.

5.490 kr.

BOMBA

1.745 kr

1.995 kr

2.495 kr

2.745 kr

BLACK FRIDAY BOMBA

BLACK FRIDAY
**75%
BOMBA**



BOLTON

Vegghilla.
Svörtur málmur.
Stærð: 64 x 40 x 9 cm.

Fullt verð: 6.900 kr.

Aðeins
1.725 kr.

SIMBA

Charlotte & Julien

C&J STILLANLEGT HEILSURÚM

með Simba heilsudýnu



BLACK FRIDAY
**29%
BOMBA**

80 cm C&J stillanlegur botn á 50% Black Friday afslætti ef hann er keyptur með Simba heilsudýnu. Afláttur af heildarverði er því 29%

Fullt verð: 194.990 kr.

Aðeins **137.490 kr.**

Afgreiðslutími
Föstudagurinn 23. nóvember
opið til kl. 22⁰⁰
www.dorma.is

Holtagarðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

BAKÞANKAR

Bjarna
Karlssonar



Amma Ingibjörg

H austið 1991 þegar við hjónin hófum prestskap í Vestmannaeyjum fórum við í kveðjukaffi hjá Ingibjörgu Þorsteinsdóttur móðurömmu minni. Í íbúðinni hennar ríkti værd; svarthvítar ljósmyndir af látnum ættingjum, risastórt útvarpsviðtæki sem þurfti að hitna áður en tók að heyrast í því, upptrekk klukka með taktföstum kólfi, pottaplöntur og útsaumaðir púðar frá milli-stríðsárunum. Þegar komið var á okkur fararsnið bað amma mig að líta inn í eldhús. Við hlið gamla isskápsins sem Hróbjartur afi hafði keypt nýjan frá Ameríku um miðbik aldarinnar opnaði hún kútaskápin og tók fram pokaskjatta sem bundið var fyrir með sláturgerðarþræði. Hérna væni minn, það er alltaf gott að eiga svona. Hafðu þetta með þér.

Pokinn góði fór í kútaskápinn á okkar nýja heimili og var stundum tekinn fram til að skemmta gestum. Í honum var haganlega fyrir komið snærisspottum, teygjum, fataklemmum og samantrotnum plastpokum af ýmsum stærðum.

Pokinn er löngu týndur. Með árunum hefur hann orðið mér hugleikinn og ég blygðast mín fyrir hláturinn þegar skjattinn var látinn ganga milli gesta upp á grín og gjarnan fylgdi sagan af ömmu þegar hún fór í sína einu utanlandsferð klædd í upphlut. En auðvitað vissi amma vel að okkur vantaði ekkert úr pokanum. Kveðjugjöfin hennar voru skilaboð um að við mætum tileinka okkur hófsemd. Að betra væri að fara hægar, nýta betur, binda vel um hnúta.

Í kvöld kl. 19.30 ætla ég að halda fyrirlestur í safnaðarheimili Laugarneskirkju. Þar mun ég segja fleiri sögur af Ingibjörgu ömmu og kynna doktorsrannsókn mína sem ég vonast til að verja á nýju ári. Hún fjallar um umhverfissíðfræði sem eftir á að hyggja var öll í pokanum góða.

Ódýrt
fyrir
alla




Pay Léttkaup

Dreifðu greiðslum, borgaðu eftir jóla



Notaðu Pay Léttkaup í desember, dreifðu greiðslum í allt að 36 mánuði og þú byrjar ekki að borga fyrr en í febrúar.



Sækja frá
App Store



SÆKJA FRÁ
Google Play

siminnpay.is